



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

9. febrúar 2011
33. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Vinsæl í Austurríki

Íslenska hjómsveitin
Groundfloor nýtur aukinna
vinsælda í Austurríki.

fólk 34

Álfar en engir draugar

Vertinn á Hesteyri hefur
fengið fjölda fyrirspurna
um draugagang vegna sögu
Yrsu Sigurðardóttur, Ég
man þig.

allt 2



Orkuboltinn í Maryland-liðinu

Haukur Helgi Pálsson er
á fyrsta ári í bandaríska
háskólakörfuboltanum.

sport 30


veðrið í dag



VÍÐA SKAPLEGT í dag verða
suðvestan 8-13 m/s, en SA 10-18
norðaustast. Slydda eða rigning
A-til, en skúrir og síðan el V-til.
Kólnandi veður.

VEÐUR 4

Lestu þessa!
„Spennuþrungin verk ...
heldur athygli lesandans
allt til enda.“
KB / Morgunblaðið



Ný
kilja

Hár- og blóðsýni skimuð við leit að díoxínmengun í fólki

Sóttvarnalæknir ætla að gera heilsufarsrannsókn á Ísafirði, Klaustri og í Vestmannaeyjum til að kanna hvort fólk hefur orðið fyrir díoxínmengun. Óvíst hvort málið hefur áhrif á brennslu á skólatíma á Klaustri.

UMHVERFISMÁL Sóttvarnalæknir hefur ákveðið að gera sérstaka heilsufarsrannsókn á íbúum þriggja sveitarfélaga vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslum. Viðlíka rannsókn hefur aldrei verið gerð áður hér á landi.

Þetta var niðurstaða fundar vinnuhóps sem sóttvarnalæknir kemur að auk fulltrúa Umhverfis- og matvælastofnunar vegna mengunar frá sorpbrennslum. Fundað var í gær til að meta hvernig bregðast skyldi við niðurstöðum nýjustu mælinga þar sem díoxín greindist í töluverðu magni í kjöti, mjólk og fóðri hjá bændum í nálægð við sorpbrennsluna Funa á Ísafirði.

Eins og Fréttablaðið greindi fyrst frá í janúar mældist díoxín tuttugufalt yfir viðmiðunarmörkum hjá Funa árið 2007. Mælingar

í sorpbrennslunni á Kirkjubæjarklaustri á sama tíma sýndu díoxín 95-falt yfir mörkum og frá sorpbrennslunni í Vestmannaeyjum mældist 84 sinnum meira díoxín en viðmiðunarmörk gera ráð fyrir.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að ráðist verði í heilsufarsrannsóknina til að hægt verði að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hvort fólk hafi orðið fyrir mengun frá sorpbrennslunum. „Framkvæmdin liggur ekki fyrir í smáatriðum en þetta verður gert í samráði við vísindamenn við Háskóla Íslands. Við erum að skipuleggja hvernig sýnin úr fólkinu verða tekin.“

Haraldur segir að ekki þurfi endilega að koma til þess að tekin verði vefjasýni úr íbúum. „Hægt er að taka blóð- og hársýni auk þess sem það má sjá þetta í brjóstamjólki. Það

Hægt er að taka blóð- og hársýni auk þess sem það má sjá þetta í brjóstamjólki.

HARALDUR BRIEM
SÓTTVARNALÆKNIR

er hægt að kanna þetta frá ýmsum hliðum og því vonumst við til þess að fá góða mynd af raunverulegri útbreiðslu díoxíns í fólki.“ Haraldur segir ekki liggja fyrir til hversu margra rannsókna muni ná. Fyrst verði teknar prufur úr völdum hópum og framhaldið síðan metið.

Haraldur ítrekar að hann eigi ekki von á að fólk hafi orðið fyrir heilsutjóni af völdum mengunarinnar. Hins vegar snúi rannsóknin, sem á sér enga hliðstæðu hér á landi, að

því mikilvæga atriði að leita upplýsinga um hvað gerðist í sveitarfélögum þremur. Rannsóknin falli inn í allsherjarúttekt þar sem Matvælastofnun muni meðal annars gera sérstaka rannsókn á jarðvegi í nágrenni við sorpbrennslurnar.

Enn er sorp brennt á skólatíma í brennslustöðinni á Kirkjubæjarklaustri, sem er sambyggð grunnskólanum og sundlauginni á staðnum. Sveitarstjórnin Eygló Kristjánsdóttir kvaðst í gærkvöldi ekki geta svarað því hvort þessar nýjustu fréttir hefðu áhrif á fyrirkomulagið. Hún væri nýbúin að fréttu af málinu og væri ekki í vinnunni. „Það verður sjálfsagt skoðað á morgun. En það hefur svo sem ekkert breyst hjá okkur við þetta. Ég veit ekki hvað stjórnin vill gera í ljósi aðstæðna og ætla ekki að ákveða það.“ -sh



POLINMÓÐIR HVUTTAR Þessir fallegu og vel klæddu hundar spókuðu sig ásamt fylgdarkonu fyrir utan Landsbankann í Austurstræti síðdegis í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslendingar eru eftirbátar annarra þjóða í sölu á tónlist á netinu:

Stelum U2 frekar en Sálinni

FÓLK „Tilhneigingin virðist vera að kaupa íslenskt en stela erlendu. Menn sjá U2 auglýsta, rjúka inn á vefinn og kaupa Sálina,“ segir Engilbert Hafsteinsson, framkvæmdastjóri vefverslunarinnar Tonlist.is.

Íslendingar kaupa hlutfallslega minna af tónlist á netinu en aðrar þjóðir. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er hlutfall tónlistar sem keypt er á netinu undir tíu prósentum af heildarsölu meðan hlutfallið á heimsvísu er 29 prósent, samkvæmt nýrri skýrslu samtakanna IFPI.

Engilbert telur að Íslendingar séu tveimur árum á eftir öðrum þjóðum í tónlistarverslun á netinu, þrátt fyrir að þjóðin virðist vera afar tæknivædd á öðrum sviðum. „Ég held að verðið spili líka inn í. Virðisauka-skatturinn á tónlist er 25,5 prósent á niðrhali en bara sjö prósent á geisladiski,“ segir hann.

Vefverslunin iTunes, sem er á vegum Apple, er stærsta tónlistarverslun heims. Verslunin er ekki aðgengileg Íslendingum og engin áform eru um að opna iTunes á Íslandi.

- afb / sjá síðu 34

Fannst í skipsflaki í Eystrasalti:

Elsti bjór heims bruggaður á ný

VISINDI Vísindamenn hafa fengið í hendurnar elsta bjórsýni sem fundist hefur. Til stendur að greina það, endurgera uppskriftina og brugga hann á ný.

Bjórinn fannst á meðal ótal kampavínsflaskna í skipsflaki í Eystrasalti, undan Álandseyjum, í fyrirasumar. Talið er að skipið hafi farist í upphafi nítjándu aldar. Landsstjórn Álandseyja hefur nú fyrirskipað rannsókn á uppskrift bjórsins en búist er við að rannsóknin verði flókin og ekki er víst að hún beri árangur.

Fjórir atvinnubjórsmakkarar hafa þegar bragðað á bjórnum og segja bragðið súrt, sem gæti skýrst af gerjun, og ekki síst gamalt, sem þótti svo sem ekki óvænt.

-sh

OPÍÐ
24
TÍMA

Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

Office1

SPURNING DAGSINS



„Já, nú verður að ganga í þetta og koma hreyfingu á málið.“

Hreyfiseðlar hafa verið teknir upp í ákveðnum tilvikum í stað lyfseðla í Svíþjóð og hillir undir slíkt hér. Ingibjörg H. Jónsdóttir, dósent í lífeðlisfræði og varaforstöðumaður streiturannsóknarstöðvar í Gautaborg, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær hreyfingu geta hentað þeim sem hefðu ákveðna kvilla.

Forseti Afganistans:

Vill láta loka herstöðvum

AFGANISTAN, AP Hamid Karzai, forseti Afganistans, segir að þegar Afganar taka sjálfir við umsjón



HAMID KARZAI

öryggismála verði nauðsynlegt að loka þeim alþjóðlegu herstöðvum, sem sinna einkum uppbyggingar- og þróunarstarfi í sveitum landsins.

Hann segist ekki krefjast þess að herstöðvunum verði lokað strax, heldur jafnhliða því að Afganar taka við öryggismálunum af fjölbjóðaaherliðinu.

Sunset Belinsky, talskona fjölbjóðaahers Atlantshafsbandalagsins í Afganistan, segir að seinni partinn í mars verði skýrt nánar frá því hvaða fyrirkomulag verði haft á því, þegar Afganar taka við umsjón öryggismála.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Skokkari gaf sig fram

Maður sem réðst á tólf ára gamlan dreng í Hveragerði í fyrrkvöld gaf sig sjálfur fram við lögreglu í gær eftir að lýst var eftir upplýsingum um málið í fjölmiðlum. Hann býr á höfuðborgarsvæðinu en hafði gert sér ferð til Hveragerðis til að skokka þar um götur. Hann mætti til skýrslutöku hjá lögreglu á Selfossi.

UMHVERFISMÁL

Frestur framlengdur

Umsagnarfrestur um orkustefnu fyrir Ísland hefur verið framlengdur til 20. febrúar. Nú þegar hafa á annan tug umsagna borist frá einstaklingum og fyrirtækjum. Síðari hluta árs 2009 skipaði iðnaðarráðherra stýrihóp til að vinna að heildstæðri orkustefnu fyrir Ísland. Vinna stýrihópsins er nú á lokaspertinum.

Brúnegg skoðar nú möguleika á að selja frjálsa unghana sem matvöru:

Vilja setja vistvænan kjúkling á markað

NEYTENDUR Eigendur Brúnegg eru nú að skoða þann möguleika að setja vistvæna unghana sem matvöru á markað.

Vistvænar unghænur frá Brúneggjum hafa verið seldar í verslunum Krónunnar, Nettó og í Melabúðinni, en það eru hænur sem hafa lokið varpi.

Kristinn Gylfi Jónsson, framkvæmdastjóri Brúneggja, segir fyrirtækið nú vera að skoða hvort hagar sé í því að ala upp hanana og gera úr þeim vistvæna matvöru þegar þeir hafa náð um 10 vikna aldri.

Í eggjaframleiðslu er honum venjulega fargað.

„Þetta er verkefni sem við höfum verið með til skoðunar hjá okkur undanfarið,“ segir Kristinn. „Þetta yrðu minni kjúklingar en gengur og gerist hér á landi og mjög gott kjöt sem er nálægt lífrænum sjónarmiðum.“

Kjúklingarnir hjá Brúneggjum eru aldri á vistvænu fódri og vaxa því mun hægar en hjá stærri kjúklingaframleiðendum, þar sem kjúklingarnir eru venjulega um 4 til 5 vikna gamlir þegar þeim er slátrað.

„Við létum framleiða smávegis af kjötinu fyrir okkur í janúar og prófuðum okkur áfram,“ segir Kristinn. „Það gafst mjög vel.“

Brúnegg hefur verið með egg á markaði í tvö ár, frá hænum á gólfi en ekki í búrum. Kristinn segir vaxandi áhuga vera bæði á kjötinu og eggjunum á markaðnum. Engar salmonellusýkingar hafa komið upp í framleiðslu Brúneggja.

Eins og kunnugt er uppgötvuðust rúmlega 50 tilfelli af salmonellusmiti á síðasta ári hjá þremur stærstu kjúklingaframleiðendum landsins.



VISTVÆN BRÚNEGG Framkvæmdastjóri Brúneggja segir mikla eftirspurn eftir vistvænum eggjum og kjúklingakjöti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hot Springs hótél með áfengi á Heilsuhælinu

NLFÍ hótél sem rekur heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði fær leyfi til vínveitinga. Nýta á leyfið á svokölluðu Hot Springs hóteli þá tvo sumar mánuði sem hefðbundin starfsemi hælisinga liggur niðri vegna niðurskurðar.

FÓLK „Það er ekki nema von að menn séu hissa á því að verið sé að sækja um vínveitingaleyfi fyrir heilsustofnun,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri NLFÍ hótél sem hefur fengið leyfi til að selja vín á heilsuhælinu í Hveragerði.

Náttúrulækningafélagið hefur rekið heilsustofnunina í Hveragerði í 55 ár. Ólafur segir að vegna tíu prósentu niðurskurðar á fjárfraflögum frá ríkinu þurfi að grípa til óhefðbundinna ráða. Því verði starfsfólkið allt sent samtímis í sex vikna frí og beðið að taka sér hálf mánaðar launalaust leyfi að auki. Á meðan, frá 20. júní til 20. ágúst, verði rekið sumarhótél fyrir almenna ferðamenn í húsnæði stofnunarinnar. Það verður gert undir heitinu Hot Springs Hotel.

„Svo verðum við kannski með einn kjötrétt – svona til þess að mæta blóðþörfinni.“

ÓLAFUR SIGURÐSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI NLFÍ HÓTELIS

„Þá kom upp ein stór spurning sem hefur nú staðið í mörgum: Eigum við að fara að bjóða upp á öðruvísi mat og jafnvel vín? Þess vegna sóttum við um þetta leyfi til öryggis en við erum ekki alveg búnir að taka lokaákvörðun um það hvort við verðum með léttvín með mat. Það eru náttúrlega ferðamenn sem myndu nýta sér þetta. Ég er hræddur um að þeir myndu ekki sætta sig við kalda vatnið,“ segir Ólafur.



Í HEILSUSTOFNUN NLFÍ Mjög góð aðstaða er hjá Náttúrulækningafélaginu í Hveragerði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Grænmetisfæði hefur verið aðalmerki Heilsustofnunarinnar. Sveigt verður inn á aðrar brautir á sumarhótelinu. „Við ætlum að leggja miklu meiri áherslu á fiskinn sem við Íslendingar erum svo stoltir af, heimatilbúinn mat og auðvitað mikið af okkar eigin grænmeti. Svo verðum við kannski með einn kjötrétt – svona til þess að mæta blóðþörfinni,“ segir framkvæmdastjóri.

Að sögn Ólafs sparast mest á því að ekki þurfi að ráða fagfólk í afleysingar auk þess sem mun færra starfsfólk þurfi til að sinna venjulegum hótélrekstri miðað við heilsustofnunina. Í boði eru 180 rúm í 110 herbergjum á

Hot Springs Hotel auk nokkurra íbúða. Ólafur kveðst hafa kannad stöðuna hjá öðrum seljendum gistiþjónustu á svæðinu og komist að því að sumarhótelið muni ekki trufla starfsemi þeirra.

„Sem betur fer erum við ekki að keppa við neinn á Suðurlandi því það er allt orðið fullt hjá þeim í dag. Við ætlum ekki að vera alltof ódýrir svo við sé ekki ódrengilegir í samkeppni við aðra,“ segir framkvæmdastjóri NLFÍ hótél.

gar@frettabladid.is

ÓLAFUR SIGURÐSSON

Framkvæmdastjóri NLFÍ hótélis telur almenna ferðamenn ekki munu sætta sig við að fá aðeins kalt vatn að drekka.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Grunaður um rán í Seattle:

Kurteisi bófinn handtekinn

SEATTLE, AP Lögreglan í Seattle handtók um helgina mann sem er grunaður um rán í kjörbúð og bensinstöð í borginni.

Það sem gerir málið sérstakt er að ræninginn var afar kurteis á meðan á ránum stóð. Á bensinstöðinni tók hann 300 dali og sagðist þurfa peninga vegna fjölskyldu sinnar. Áður en hann yfirgaf staðinn lofaði ræninginn svo að endurgreiða upphæðina ef hann kæmi undir sig fótum á ný.

Uptaka úr öryggismyndavélum stöðvarinnar fór á netið og vakti mikla athygli, en eftir það barst lögreglu ábending um hvar mætti finna meintan ræningja.

- þj

Stríðsglæpamáli að ljúka:

Taylor ekki við lokaspertinn

HOLLAND, AP Réttarhöldunum yfir Charles Taylor, fyrrverandi einræðisherra Líberíu, ætlar að ljúka með sama hætti og þau hófust, nefnilega með því að sakborningurinn mætir ekki í réttarsalinn og segir réttarhöldin ósanngjörn og runnin undan pólitískum hvötum.

Courtenay Griffiths, hinn breski lögmaður Taylors, rauk út úr réttarsalnum þegar dómarnir neitðu að samþykkja sex hundruð blaðsíðna samantekt hans á því sem fram hefur komið í réttarhöldunum undanfarin þrjú ár, frá sjónarhóli hins ákærða.

Taylor neitaði sömuleiðis að fara aftur inn í réttarsalinn eftir næsta réttarhlé eftir þetta.

Taylor er sakaður um stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu.

- gb



CHARLES TAYLOR

Forstjóri FME segir mörg mál í rannsókn sem tengjast föllum fjármálafyrirtækjum:

Allir grunaðir um efnahagsbrot

EFNAHAGSBROT Ekki er útilokað að eftir ár muni mál tengd öllum þeim fjármálafyrirtækjum sem farið hafa í prot eða í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu verða í skoðun hjá embætti sérstaks saksóknara. Þetta segir Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, FME.

Þetta á við um VBS fjárfestingarbanka, Byr sparisjóð, Sparisjóðinn í Keflavík, SPRON, Sparisjóðabanka Íslands, áður Icebank, Askar Capital og fjármögnunarfyrirtækið Avant. FME mun á næstunni senda eitt til þrjú mál til sérstaks saksóknara.

Málin eru af svipuðum toga og þau sem FME hefur þegar sent sérstökum saksóknara. Þau varða grun um grófa markaðsmisnotkun, innherjavíðskipti, ranga skýrslugjöf og óheilbrigða vafasama viðskiptahætti.

Strax eftir fall stóru viðskiptabankanna þriggja fékk FME óháða sérfræðinga til að gera athugun á starfsemi þeirra og vinna skýrslu um málið. Slíkt



GUNNAR ANDERSEN

hið sama var gert í tilviki þeirra fyrirtækja sem fóru í slitameðferð eða í gegnum endurskipulagningu í kjölfarið.

Gunnar segir að á grunni skýrslanna séu einstök mál rannsökuð og þau send áfram til sérstaks saksóknara ef tilefni þykir til. Hjá FME starfa tvö rannsóknarteymi með þrettán manns og hafa þeir aldrei verið fleiri. Gunnar segir líklegt að þeim verði fjölgað um fjóra á næstunni.

FME hefur fram til þessa sent frá sér 54 mál til sérstaks saksóknara sem teymi hafa unnið og átti eftirlitið 60 prósent mála sem lágu hjá embættinu um mitt síðasta ár. Gunnar segir rannsókn FME hvergi nærri lokið.

„Það eru mörg mál í vinnslu, að vísu er ekki búið að skoða þau öll. Þetta er langt í frá að verða búið,“ segir Gunnar. Samkvæmt stefnuskiptum FME mun rannsókn á falli bankanna ljúka á næsta ári.

- jab

NÝTT!
NICOTINELL ICEMINT

Nicotinell

Nicotinell IceMint

NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMI

NÝTT FRÍSKANDI

MINTU BRAGÐ

VELDU REYKLAUST LÍF

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell nikotínlyfi fast á lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinell lyfjatyggigúmmi mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir séu hafa tenging við nikotín eða öðrum innihaldsefnum lyfjanna, tenging hjartalafalla nýlega, ostöðuga eða versandi hjartalöng, að meðhöndluð Prinzmetal eilífrigöð hjartalöng, alvarlega hjartalöng, alvarlega hjartalöng, alvarlega hjartalöng, eða ekki að nota Nicotinell nikotínlyfi. Sjúklingar með háþyggningu sem ekki hefur náð stöðuga hjartalöng, sjúkdóm í heilaðum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartalbilun, sykursjúki, ofstarfsemi skjaldkirtis eða krómíklaxí, auk alvarlega skertrar nýrna- og/eða lifrastarfsemi skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinell. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að lækningarástæðu. Markaðsleyfihefti: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurláun 12a, 210 Gardabær.

NEI RÁÐHERRA!



TVEGGJA TÍMA HLÁTURSKAST... **MEÐ HLÉI**

FORSALA HEFST Í DAG KL. 10!

Viðskiptavinum
í Vildarklúbbi
Íslandsbanka býðst
30% afsláttur á fyrstu
10 sýningarnar
ef greitt er með greiðslukorti
frá Íslandsbanka í miðasölu
Borgarleikhússins

**Tilboð
í einn dag!**
1000 kr. afsláttur
af miðaverði á fyrsta
degi forsölu

Frumskýnt 25. febrúar kl. 20

forsýn. þri.	22/2 kl. 20	lau. 26/2 kl. 20	fös. 4/3 kl. 22	mið. 9/3 kl. 20
forsýn. mið.	23/2 kl. 20	þri. 1/3 kl. 20	lau. 5/3 kl. 19	fös. 11/3 kl. 19
forsýn. fim.	24/2 kl. 20	mið. 2/3 kl. 20	lau. 5/3 kl. 22	fös. 11/3 kl. 22
frumsýn. fös.	25/2 kl. 20	fös. 4/3 kl. 19	sun. 6/3 kl. 20	fim. 17/3 kl. 20

Tryggðu þér miða strax!


Íslandsbanki

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

GENGIÐ 8.2.2010

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	115,47	116,03
Sterlingspund	186,17	187,07
Evra	157,46	158,34
Dönsk króna	21,119	21,243
Norsk króna	20,047	20,165
Sænsk króna	17,953	18,059
Japanskt jen	1,4062	1,4144

SDR 180,42 181,5

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,6771

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félag greiði 4,7 milljarða:

Hannes sleppur við 400 milljóna skuld að sinni

DÓMSMÁL Hannes Smárason þarf ekki að sinni að standa skil á 400 milljóna króna skuld, samkvæmt sjálfskuldarábyrgð á



HANNES SMÁRASON

láni Glitnis til einkahlutafélags hans. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi um þetta í gær.

Niðurstaða dómsins er sú að veita hafi átt Hannesi að minnsta kosti tveggja ára ráðrúm til að efna ábyrgðina. Það hafi ekki verið gert.

Félagið, FI fjárfestingar, er hins vegar dæmt til að greiða skuldina, tæpa 4,7 milljarða króna. Þá er staðfest að Glitnir hafi fyrsta veðrétt í fasteignum félaga í eigu Hannesar – tveimur í Faxafeni og sex landspildum í Grímsnesi – að verðmæti 410 milljónir króna.

- sh

ÁRÉTTING

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi og stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur, vill koma því á framfæri að ólíkt því sem skilja mátti af frétt Fréttablaðsins í gær sé hann ekki ósáttur við ráðningu Bjarna Bjarnasonar í forstjórastól Orkuveitunnar. Hann sé hins vegar óánægður með það hvernig staðið var að ráðningunni.

LEIÐRÉTTING

Húsnæðið þar sem verslunin Sautján var til húsa á Laugaveginum er númer 89-91 en ekki 66 eins og ranglega kom fram í Fréttablaðinu í gær.

Sérstök hlífðargleraugu til verndar lögreglumönnum í Svíþjóð:

Geislagleraugu í alla lögreglubíla

SVÍÞJÓÐ Sérstök sólgleraugu til varnar leysigeislum verða senn komin í alla lögreglubíla í Svíþjóð, en tilgangurinn er að verja lögregluþjóna gegn augnskaða sem getur orsakast af bláum og grænum geislum.

Í frétt á vef lögreglunnar í Svíþjóð segir að algjör sprenging hafi verið í tilfellum þar sem ráðist er á fólk með leysigeislum.

Gleraugun munu ekki aðeins verja augu lögregluþjóna gegn leysigeislum heldur eru þau einnig höggþolin.

Tvenn gleraugu verða í



GEISLAVARNIR Lögreglan í Svíþjóð mun á næstunni fá hlífðargleraugu til að verjast leysigeislum.

NORDICPHOTOS/AFP

hverjum lögreglubíl í landinu, en landhelgisgæslan, tollgæslan

og fangaverðir munu einnig geta keypt gleraugun.

Sænsk yfirvöld vinna nú markvisst gegn fjölgun leysibendla og dreifa meðal annars fræðsluefni til ferðamanna sem eru á leið úr landi, enda eru flest ljós af þessari tegund keypt utanlands.

Geislavarnir ríkisins hér á landi lögðu nýlega til, ásamt kollegum sínum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins takmarki innflutning öflugra leysibendla og að almenn notkun þeirra verði bönnuð.

- þj

Samningar um kísilver:

Undirritun líklega á föstudag

IBNAÐUR Vonir standa til að undirritaðir verði á föstudag samningar um átján milljarða króna uppbyggingu kísilveris í Helguvík. Fram kom á Stöð tvö í gærkvöld að áformað væri að framkvæmdir hefðust eftir þrjá mánuði.

Kísilverinu er mörkuð lóð við höfnina í Helguvík en bandarískt fyrirtæki hefur ásamt íslenskum samstarfsaðilum undirbúið verkefnið í fjögur ár. Kísilverið þarf 65 megavött af raforku. Það samsvarar hálfri Sultartangavirkjun, og er sú orka þegar til í kerfinu.

Lúbarði mann nýdæmdur:

Ofbeldismaður áfram í haldi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest framlengingu á gæsluvarðhaldi yfir Andra Vilhelm Guðmundssyni, 24 ára Keflvíkingsi sem grunaður er um lífshættulega líkamsárás í Hafnarstræti á nýársnótt.

Fyrir liggur að Andri lenti þar í átökum við annan mann og svo virðist sem hann hafi síðan hrint honum niður steintröppur og því næst sparkað í og traðkað ítrekað á höfði hans. Því neitar Andri þó. Maðurinn var heppinn að sleppa lífandi. Búið er að gefa út ákæru á hendur Andra fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Hann mun sitja í gæsluvarðhaldi til 4. mars hið minnsta.

Andri var í nóvember dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir tvær alvarlegar líkamsárásir og rán.

- sh

Heilbrigðisstofnun hagræðir:

Stöðugildum fækkar um 20

HEILBRIGÐISMÁL Stöðugildum við Heilbrigðisstofnun Suðurlands fækkar um tæplega tuttugu stöðugildi vegna breytinga sem verða á rekstri á árinu. Fjárfesting til stofnunarinnar í fjárlögum 2011 var lækkuð um 113 milljónir króna en heildarlækkun fjárfestinga til stofnunarinnar á árunum 2009 til 2011 nemur samtals um 21 prósent, að því er kemur fram í fréttatilkynningu.

Þar segir að fækkun stöðugilda komi fram í því að ekki hafi verið endurráðið í stöðugildi sem hafa losnað, starfshlutföll nokkurra starfsmanna hafi verið lækkuð og í örfáum tilfellum hafi verið um uppsagnir að ræða.

- shá

Efast um „alkunna“ ályktun Hæstaréttar

Fulltrúi á hinu ógilta stjórnlagabingi krefst þess að Hæstiréttur rannsaki málið upp á nýtt. Ekki sé sannað að rekja hafi mátt atkvæði til kjósenda. Hann vill endanlega niðurstöðu í málið fyrir 15. febrúar, þegar þingið átti að hefja störf.

STJÓRNSÝSLA Farið hefur verið fram á að Hæstiréttur taki upp ákvörðun sína um ógildingu kosninganna til stjórnlagabings vegna galla á málsmeðferðinni og að ógildingin verði felld úr gildi ellegar atkvæði talin á nýjan leik.

Gísli Tryggvason, einn þeirra 25 sem náðu kjöri á stjórnlagabingið, lagði fram beiðni um þetta í Hæstarétti í gær. Hún var unnin í samstarfi við nokkra aðra úr hópi hinna kjörnu og kynnt meirihluta 25-mennanna á fundi í fyrrakvöld þar sem hún mæltist vel fyrir að sögn Gísla.

Rökinn fyrir endurupptöku eru þau að málið geti ekki talist fullrannsakað af hálfu Hæstaréttar. Ákvörðunin byggist að miklu leyti á þeim ágalla á kosningunni að atkvæði hafi verið rekjanleg til kjósenda. Um það atriði segir í niðurstöðu Hæstaréttar að „alkunna“ sé að stemma af fjölda kjósenda sem mæta á kjörstað með því að rita nafn nöfn þeirra í þeirri röð sem þeir mæta. Vegna þess að kjörseðlar voru merktir með auðkennisnúmerum hefði þannig mátt komast að því

Telur Jón Steinar vanhæfan eftir viðtal



Það er Hæstiréttur sjálfur sem tekur afstöðu til endurupptökubeiðinnar. Gísli fer fram á það að **Jón Steinar Gunnlaugsson** víki úr dómnum, enda hafi hann gert sig vanhæfan með viðtali í þættinum Návígi, þar sem hann ræddi meðal annars um ákvörðun Hæstaréttar.

Gísli segir að Jón Steinar hafi upplýst í viðtalinu að hann hafi beitt ófugri sönnunarfærslu í málinu, það er að hann hafi fallist á ógildingu af því að ómögulegt sé að vita hvort ágallarnir hafi haft áhrif á niðurstöðuna. Með því hafi hann auk þess varpað vafa á það hvort rannsóknarreglu réttarins hafi verið gætt við málsmeðferðina.

“Tíminn er naumur – það er vika til stefnu.”

GÍSLI TRYGGVASON
ÓGILTUR STJÓRNLAGA-
PINGSFULLTRÚ

hver átti hvaða seðil. Í endurupptöku-beiðinni er þessu mótmælt sem ósönnuðu, og meðal annars vitnað til nokkurra einstaklinga sem starfað hafa að kosningum og kannast ekki við skráningu af því tagi sem Hæstiréttur lýsir sem alkunna verklagi.

Því er það mat Gísla að Hæstiréttur hafi byggt ákvörðun sína á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum og beri að skoða málið á nýjan leik og kanna það þá til hlítar.

Verði fallist á endurupptökubeiðnina er það aðalkrafa Gísla að ákvörðun Hæstaréttar verði snúin og kosningin talin gild, enda hafi ekkert komið fram um að ágallarnir hafi haft áhrif á niðurstöðu kosninganna.

Varakrafan er sú að atkvæðin verði talin á nýjan leik, og leggur Gísli til að þá yrði komið í veg fyrir öll vafaatriði; auðkenni afmáð og ný færð inn ef þurfa þykir, óháð hinum, talningin fari fram fyrir opnum dyrum og jafnvel handvirk.

„Tíminn er naumur – það er vika til stefnu,“ segir Gísli, og vísar til þess að stjórnlagabing hefði átt að taka til starfa 15. febrúar. Hann vonast til að botn fái til málið fyrir þann tíma.

stigur@frettabladid.is

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeirsdóttir
veður-
fréttamaður

SKÚRIR EDA ÉL og fremur hæg suðvestanátt vestan til á landinu í dag. Suðaustan strekkur og rigning eða slydda norðaustan og austan til fram á síðdegis. Það kólnar heldur í veðri er liður á daginn.

Á MORGUN
Vaxandi SA-átt S- og V-lands, hlýnar.

FÖSTUDAGUR
15-20 m/s S- og V-til.



HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	9°
Berlín	6°
Billund	5°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	12°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	20°
London	10°
Mallorca	17°
New York	-2°
Orlando	21°
Ósló	-5°
París	12°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Pssst!

Ef þú ert hjá Símanum getur þú tékkað á veðurspánni á Netinu í símanum fyrir 0 kr. í dag. Magnaðir miðvikudagar!

Síminn

*Notkun á Íslandi, 100 MB innan dagsins. Nálar á síminn.is

Vantar þig betri notaðan snjóbil?

Nú er rétta tækifærið til að fá sér **4x4** bíl, já alvöru snjóbil, komdu til okkar og veldu þér betri notaðan bíl

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser 200 VX
4700 bensín sjálfsk. hlaðinn aukab.
Á götuna: 01.08 Ekinn: 74.000 km
Verð: 11.590.000 kr. Skr.nr. FOD 98

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser GX
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 04.07 Ekinn: 93.000 km
Verð: 5.790.000 kr. Skr.nr. PM 725

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser VX
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 11.07 Ekinn: 73.000 km
Verð: 7.390.000 kr. Skr.nr. SJF 07

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Rav4 GX
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 89.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. EJ 033

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser GX
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 113.000 km
Verð: 4.490.000 kr. Skr.nr. UD 749

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



KIA Sorento EX luxury
2500 dísil sjálfsk.
Á götuna: 02.07 Ekinn: 99.000 km
Verð: 3.690.000 kr. Skr.nr. JZ 781

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Lexus RX400H EXE
3300 bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 11.06 Ekinn: 75.000 km
Verð: 5.650.000 kr. Skr.nr. PE 669

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Rav4 GX
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.08 Ekinn: 48.000 km
Verð: 3.650.000 kr. Skr.nr. ZSN 53

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser VX
4000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.07 Ekinn: 72.000 km
Verð: 6.990.000 kr. Skr.nr. GIB 87

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Mitsubishi Outlander Instyle
2400 bensín sjálfsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 90.000 km
Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. RK 334

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Subaru Legacy Outback
3000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.09 Ekinn: 28.000 km
Verð: 5.490.000 kr. Skr.nr. BDD 32

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Rav4
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 124.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Skr.nr. SA 961

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser VX 33"
4000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 08.05 Ekinn: 89.000 km
Verð: 5.150.000 kr. Skr.nr. PI 329

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Mercedes Bens R350
3500 bensín sjálfsk.
Á götuna: 08.06 Ekinn: 51.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. RI 510

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Rav4 GX
2000 bensín beinsk.
Á götuna: 02.06 Ekinn: 89.000 km
Verð: 2.260.000 kr. Skr.nr. EG 142

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Volvo S80
2500 bensín sjálfsk.
Á götuna: 08.07 Ekinn: 32.000 km
Verð: 4.390.000 kr. Skr.nr. MD 583

Hvað er Úrvalsbíll?
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.

Hvað er Gæðabíll?
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.

BNB-sölugreining

Bílar ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhalds-sögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í floknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070

Toyota Kletthálsi
Kletthálsi 2
Sími: 570 5220

Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 og lau 12.00 - 16.00

www.toyotakopavogi.is bnb@toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

KJÖRKASSINN



Hefur þú séð uglu berum augum í náttúrunni?

Já 65%
Nei 35%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Mundir þú kaupa megnið af fötum þínum í H&M ef slík verslun væri opnuð hérlendis?

Segðu skoðun þína á Visir.is.



DOKU UMAROV Sendi sjálfsvígsmann á flugvöll við Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

Sendi frá sér yfirlýsingu:

Segist bera ábyrgð á árás

RÚSSLAND, AP Doku Umarov, einn tétensku stríðsherranna sem enn berast fyrir aðskilnaði Téténíu frá Rússlandi, segist bera ábyrgð á sprengjuárásinni á Domodedovo-flugvelli nálægt Moskvu í síðasta mánuði.

Árásin kostaði 36 manns lífið. Rannsókn leiddi í ljós að tvítugur maður frá Kákasushéruðum Rússlands hafði sprengt sig þar í loft upp.

Á myndbandi, sem birt var á mánudag, hótar Umarov fleiri árásum af þessu tagi. Hann hefur áður lýst yfir ábyrgð á hryðjuverkum í Rússlandi, þar á meðal sprengjuárásum í jarðlestakerfi Moskvu í mars á síðasta ári. - gb

Orban vekur Króötum vonir:

Dagsetning aðildar í apríl

KRÓATÍA, AP Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, segir að í apríl fái Króatar væntanlega að vita hvenær þeir geta gengið í Evrópusambandið.

Króatar hófu aðildarviðræður við Evrópusambandið árið 2005 og vonast til að fá aðild á næsta ári.

Orban segir að viðræðum ætti að ljúka í mars og dagsetning að liggja fyrir í apríl.

Ungverjar fara sem stendur með formennsku í framkvæmdastjórn ESB. - gb

Samtök atvinnulífsins höfðu tilboði verkalýðsfélaga sem boða verkfall í loðnubræðslum:

„Loðnubrestur af mannavöldum“

KJARAMÁL Boðað hefur verið ótímabundið verkfall í nær öllum loðnubræðslum landsins frá næsta þriðjudagskvöldi. Þrjú verkalýðsfélög samþykktu verkfallsboðun í gær með meginþorra atkvæða.

Ríkissáttasemjari hefur boðað deilendur til fundar á fimmtudag.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að til að „skemma ekki komandi loðnuvertíð“ hafi félagið boðist til að framlengja gildandi samning til 1. maí gegn 250-300.000 króna eingreiðslu til hvers starfsmanns. Tilboðinu var hafnað. „Ég skynjaði jákvætt viðhorf frá forsvarsmönnum fyrirtækisins en það eru samtök atvinnulífsins sem stjórna ferðinni,“ segir Vilhjálmur. „Það var slegið fast á útrétta hönd.“ Það hefði kostað um

þrjár milljónir króna að samþykkja þessa leið til að koma í veg fyrir verkfallið á Akranesi.

Sverrir Albertsson, formaður Aflls – starfsgreinafélags á Austurlandi, segist hafa boðið samning til eins árs með 20.000 króna taxtahækkun. Því hafi verið hafnað.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir verkalýðsfélögin sýna algjört ábyrgðarleysi. Þau muni framkalla loðnubrest af mannavöldum. „Þetta eru níutíu manns,“ segir hann. „Við ætlum ekki að láta eftir kröfum um umframhækkunir og framkalla verðbólgu hér á Íslandi. Þessir menn eru að valda samstarfsfólki sínu í viðkomandi fyrirtækjum miklu tjóni; fyrirtækjunum sjálfum og samfélaginu öllu.“ - pg



LOÐNUVERTÍÐ Verkalýðsfélögin vilja að félagsmenn sínir njóti góðs af tekjuauka sjávarútvegsins vegna lágs gengis krónunnar.

Mikill fyrirvari við húsaleigukostnað

Samkvæmt neysluviðmiði kostar 75 þúsund að leigja 100 fermetra íbúð á höfuðborgarsvæðinu og 84 þúsund að leigja 150 fermetra. Upplýsingarnar eru úr könnun Hagstofunnar en nákvæmnin er lítil segir einn skýrsluhöfundur.

FJÁRMÁL Kostnaður við leigu á 100 fermetra íbúð á höfuðborgarsvæðinu er reiknaður um 75 þúsund krónur á mánuði í neysluviðmiðum stjórnvalda, og leiga á 150 fermetra íbúð eða húsi er reiknuð tæplega 84 þúsund.

Þessar tölur virðast talsvert lægri en það sem býðst á almennum leigumarkaði, en á því geta verið nokkrar skýringar, segir Jón Þór Sturluson, einn höfundu skýrslu um íslensk neysluviðmið sem gerð var opinber á mánudag.

Hann segir að gera verði mikla fyrirvara við útreikningana, þar sem leiguverð geti verið mjög breytilegt.

Í skýrslunni er gerð tilraun til að finna miðgildi húsaleigu hjá fólki, með öðrum orðum það verð sem algengast er að fólk greiði fyrir leigu á húsnæði. Jón Þór vekur athygli á því að miðgildið er í þessu tilviki talsvert lægra en meðaltalið.

Hægt er að reikna húsaleiguna eftir fjölda fermetra samkvæmt ákveðinni formúlu. Grunnverðið á höfuðborgarsvæðinu er um 56.700 krónur á mánuði, og við bætast 180 krónur fyrir hvern fermetra.

Upplýsingar um kostnað við húsaleigu eru fundnar með því að rýna í niðurstöður neyslukannana Hagstofu Íslands og uppreikna miðað við vísitölu. Í neysluviðmiðinu er reiknuð húsaleiga sú upphæð sem leigjandinn greiðir, en við það bætast í mörgum tilvikum húsaleigubætur.

„Nákvæmnin á húsnæðismælingunni er ekki mikil,“ segir Jón Þór. Hann segir að til álita hafi komið að sleppa því að reikna neyslu-



Mikil viðbrögð og margir prófa reiknivél

Viðbrögðin við útgáfu neysluviðmiðanna hafa verið afar mikil, og margir skoðað upplýsingar og prófað reiknivél sem sett hefur verið upp á vef velferðarráðuneytisins, segir Sigríður Jónsdóttir, sérfræðingur hjá ráðuneytinu.

„Fólk er greinilega mikið að skoða þetta, sem er mjög jákvætt,“ segir Sigríður. Almennir getur sent inn ábendingar og athugasemdir fram til 7. mars, og segir Sigríður athugasemdir þegar teknar að berast. Leitast verður við að svara þeim spurningum sem berast, og athugasemdir notaðar til að laga útreikninga ef við á.

Reiknuð húsaleiga samkvæmt neysluviðmiði*

Stærð (m2)	Höfuðborgarsvæðið	Húsaleiga (á mánuði)	
		Annað þéttbýli	Dreifbýli
50	65.671	52.898	37.060
75	70.166	57.394	41.555
100	74.662	61.890	46.051
125	79.158	66.386	50.547
150	83.654	70.881	55.043
175	88.150	75.377	59.539

*Ekki hefur verið tekið tillit til húsaleigubóta, sem bætast í mörgum tilvikum ofan á þá upphæð sem hér er nefnd.

viðmið fyrir þennan útgjaldaþátt. Slíkir útreikningar séu til að mynda ekki birtir í sambærilegum rannsóknum á neysluviðmiðum í Noregi og Svíþjóð. brjann@frettabladid.is

VFSK sendir frá sér ályktun:

Styðja Kristján og segja aðra bera ábyrgðina

FÉLAGSMÁL Stjórn og varastjórn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur lýsir fyllsta trausti á Kristjáni Gunnarssyni til að gegna formennsku í félaginu og hvarmar þá ákvörðun hans að segja af sér formennsku í Starfsgreinasambandinu og draga sig út úr störfum fyrir ASÍ og lífeyrissjóðinn Festu.

Sjónarmið Kristjáns hafi orðið undir fjölmiðlaumræðu um málefni Sparisjóðs Keflavíkur. Kristján hafi ákveðið að taka á sig meiri ábyrgð en tilefni var til. Hann hafi í raun axlað ábyrgð sem öðrum bar.

„Fall Sparisjóðsins í Keflavík er ekki runnið undan stefnumörkun Kristjáns G. Gunnarssonar,“ segir í ályktun stjórnar Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. - pg

Rannsaka hrifningu kvenna:

Óræðir karlar heilla frekar

VÍSINDI Konur laðast frekar að körlum sem ekki láta í ljós tilfinningar sínar til þeirra, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem birtar voru í Psychological Science vísindaritunni.

Ástæðan gæti verið sú að konur eyða meiri tíma í að reyna að átta sig á því hvaða tilfinningar óræðir karlar bera til þeirra. Þær hugsa lengur um þá en um karla sem hafa gert tilfinningar sínar ljósar, sem eykur líkurnar á að þær laðist að þeim óræðu.

Í rannsókninni fannst konum óræðir karlar mest aðlaðandi. Karlar sem sýndu hrifningu sína voru þó oftast aðlaðandi en þeir karlar sem konurnar vissu að voru ekki hrifnir af þeim. - bj

Háskóli Íslands og Norræna húsið í samstarf við Reykjavíkurborg um friðland:

Eyða ágengum plöntum í Vatnsmýri

UMHVERFISMÁL Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Norræna húsið eru komin í samstarf um friðland í Vatnsmýrinni.

„Tillögur um aðgerðir fela meðal annars í sér að tryggja Tjarnarfuglum öruggt varpland, uppræta ágengar plöntur og endurnýja og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu,“ segir í bréfi Kristínar Ingólfssdóttur, rektors Háskóla Íslands, og Max Dager, forstöðumanns Norræna hússins, til borgarráðs sem samþykkti að hefja viðræður við þessa aðila um málið.

Í bréfi Kristínar og Dager kemur fram að svæðið afmarkist af Hringbraut að norðanverðu, Njarðargötu að austanverðu og Norræna húsinu og Óskju að sunnanverðu. Mörkin til vesturs liggja hins vegar ekki endanlega fyrir. Undanfarin misseri hafi ýmsar hugmyndir verið nefndar og kalla eftir álitni bæði innlendra og erlendra vísindamanna og sérfræðinga.

„Margar áhugaverðar tillögur hafa komið fram er eiga það sameiginlegt að ýta undir náttúruvernd, endurheimt votlendis og áhuga almennings og ungs fólks á umhverfismálum. Eitt af meginmarkmiðum



VATNSMÝRIN Endurheimta á votlendi og tryggja á fuglum um á Reykjavíkurtjórn öruggt varpsvæði í friðlandi Vatnsmýrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

er að nýta friðlandið sem lifandi vettvangur fyrir rannsóknir í náttúruvísindum og til fræðslu fyrir börn og almenning,“ segja Kristín og Dager í áður nefndu bréfi sínu. - gar

Ein á dag þetta gamla góða í nýjum umbúðum

20%
AFSLÁTTUR
9. - 25. febrúar

LYFJAVER

SUÐURLANDSBRÁUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Snyrtidagar

Gríptu tækifærið og nýttu þér frábæran afslátt af snyrtivörum í verslunum Lyfju um land allt.



20%
afsláttur af allri
snyrtivöru og ilmi
9. og 10. febrúar.



1 Hvað er ráðlagt í baráttunni við Candida-sveppasýkingu?

2 Með hvaða sænska liði spilar Logi Gunnarsson körfubolta?

3 Hvenær var aðdáendahátíð CCP fyrst haldin hér á landi?

SVÖR

1. Magnestlum, 2. Sólna, 3. 2002.



FRÁ HELLISHEIÐI Akstur landans drógst saman um átta prósent í janúar.

Ótrúlegar aksturstölur milli ára:

Akstur í janúar snarminnkar

SAMGÖNGUR Umferðin í janúar dróst saman um tæplega átta prósent borin saman við umferðina í janúar 2010, en mælt er á sextán völdum talningarstöðum á hringveginum.

Þetta er gífurlegur samdráttur en í ljós verður að koma hvort hann eigi einungis við um janúarmánuð eða muni halda áfram eftir því sem á árið líður, segir á vef Vegagerðarinnar.

- shá

Loftferðasamningurinn við Kanada setur flugfélögum strangar skorður um flug:

Verklagi hefur þegar verið breytt

SAMKEPPNI Flugmálastjórn vísar á bug aðróttunum um að vera handbendi ákveðins flugrekanda enda leitast stofnunin við að veita heimildir í takt við alþjóðlegt verklag í flugréttindum, en veitir hins vegar ekki heimildir á grundvelli samkeppnislaga.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu Flugmálastjórnar í gær. Með henni er brugðist við nýbirttri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Flugmálastjórn segist taka til sín þau atriði í álitum Samkeppniseftirlitsins sem að stofnuninni snúa og kveður verklagi hafa verið breytt. Þannig sé ekki lengur leitað álits íslenskra flugrekanda á umsóknum erlendra flugrekanda.

Athugasemdir Samkeppniseftirlitsins sneru að afgreiðslu á umsókn breska flugfélagsins Astra

Airlines um flugréttindi á grundvelli loftferðasamnings milli Íslands og Kanada. Flugmálastjórn bendir á að samningurinn leyfi ekki að íslensk stjórnvöld heimili Kanadaflug erlendra flugrekanda. Þá hafi Kanada hafnað því að gera nýjan opnari samning við Ísland, líkt og gildi við ríki Evrópusambandsins.

Loftferðasamningurinn við Kanada frá árinu 2007 er sagður hafa ákveðin lokunaráhrif á markaði fyrir áætlunarflug þangað. Til dæmis sé skilyrði að íslenskur flugrekandi verði að bjóða upp á áætlunarflug til Halifax þrisvar í viku yfir sumar tímamót og tvisvar í viku yfir vetrartímamót. Hingað til hafi ekki aðrir en Icelandair viljað undirgangast þessi skilyrði.

- óká



BOEING 757 Icelandair er eina flugfélagið sem hefur viljað undirgangast ströng skilyrði til Kanadaflugs.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fimm í gæsluvarðhald vegna stóra innbrotamálsins:

Bræður grunaðir um að kaupa þýfi

DÓMSMÁL Tveir erlendir bræður hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 11. febrúar vegna rannsóknar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á tugum innbrota og þjófnaðarmála.

Fyrir sitja í gæsluvarðhaldi tveir sautján ára piltar og 23 ára maður sem hafa játað á sig um sjötíu innbrot á höfuðborgarsvæðinu. Verðmæti þýfisins getur numið tugum milljóna króna.

Bræðurnir voru handteknir á föstudagsmorguninn síðastliðinn



HÚSLEIT Lögregla gerði húsleit hjá bræðrunum.

og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Fram kemur í greinargerð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna kröfu um gæsluvarðhald yfir þeim að annar þeirra hafi tekið við þýfinu og að hann hafi staðgreitt fyrir það með reiðufé.

Fyrir liggi símagögn sem staðfesta samskipti á milli þremminganna sem sátu fyrir í gæsluvarðhaldi og bróðurins og beri gögnin það með sér að þeir hafi verið að eiga viðskipti með þýfi.

Við húsleit hjá bræðrunum hafi lögregla fundið ýmsa muni sem grunur er um að sé þýfi þar á meðal tölvur, sjónvarp og peninga. Þá hafi lögregla einnig fundið á heimili þeirra bræðra kvittanir sem bendi til útflutnings á peningum og séu flestar kvittanirnar stílaðar á nafn hins bróðurins.

- jss



METFJÖLDI Á TORGINU Talið er að hundruð þúsunda manna hafi komið saman á Tahrir-torgi í Kaíró í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

VIÐSKIPTI Á ÍSLANDI: TONN AF TÆKIFÆRUM EÐA EINTÓMAR ÓGNANIR?

Í tilefni af aðalfundi 2011 stendur Félag atvinnurekenda fyrir opnum fundi um viðskiptalíf á Íslandi og vaxtarmöguleika þess. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 10. febrúar 2011 kl. 16-17.30 og fer fram í veitingahúsinu Nauthól. Félagsmenn í FA athugið að aðalfundur félagsins fer fram kl. 14.00 sama dag á sama stað.

DAGSKRÁ

- Ávarp **Árna Páls Árnasonar**, efnahags- og viðskiptaráðherra
- „Iceland's Platform for Growth from the U.S. Perspective“ **Luis E. Arreaga**, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi
- „Það er fleira hagræðing en uppsagnir“ **Guðný Rósa Þorvarðardóttir**, framkvæmdastjóri Parlogis
- „Er óstöðugt rekstrarumhverfi náttúruleg mál?“ **Bogi Þór Siguroddsson**, stjórnarformaður Johan Rønning

Fundarstjóri: **Hanna Katrín Friðriksson**, viðskiptaþróun lyfjasviðs Icepharma
Skráning á fundinn fer fram á bjarnadis@atvinnurekendur.is



Luis E. Arreaga
sendiherra
Bandaríkjanna
á Íslandi

Vilja engu málamiðlun

Mótmælendur í Egyptalandi ætla ekki að sætta sig við neinar málamiðlanir. Þrítugur markaðsstjóri óðum að verða talsmaður mótmælendanna í Kaíró.

EGYPTALAND, AP „Við munum ekki gefa upp á bátinn kröfu okkar, sem er sú að stjórnin fari frá,“ sagði Wael Ghonim, þrítugur markaðsstjóri Google í Egyptalandi, þegar hann ávarpaði mannfjöldann á Tahrir-torgi í Kaíró í gær.

Ghonim var látinn laus á mánuðag eftir tólf daga í fangelsi. Hann er einn þeirra sem skipulögðu upphaf mótmælanna í Egyptalandi fyrir hálfum mánuði og var ákaft fagnað af mannfjöldanum þegar hann birtist á torginu í gær.

Um 130 þúsund manns skráðu sig í gær á Facebook-síðu sem lýsir yfir stuðningi við hann sem talsmann mótmælendanna. Hann talaði stutt og af yfirvegun, en virðist hafa náð vel til fjöldans.

Mótmælin á torginu í gær voru þau fjölmennustu frá upphafi og er talið að hundruð þúsunda hafi komið þar saman til að krefjast afsagnar Hosni Mubarak forseta og stjórnar hans. Góð stemmning var í mannfjöldanum og ekki sjáanlegt að fólk ætlaði að sætta sig við neinar málamiðlanir.

Fáum erlendum fréttamönnum var leyft að fara inn á torgið. Þeim var gert að verða sér úti um leyfi


frá upplýsingaráðuneyti landsins, en afgreiðsla umsókna um slík leyfi er tímafek og tekur nokkra daga. Einungis þeir sem þegar voru búnir að fá leyfi fengu að fara inn á torgið.

Víðar í arabaheiminum virðist vera jarðvegur fyrir mótmæli áþekk þeim sem nú standa yfir í Egyptalandi og þeim sem hröktu forseta Túnis frá völdum í síðasta mánuði.

Nokkrir tugir kvenna komu saman á laugardag í Ríad, höfuðborg Sáði-Arabíu, að krefjast þess að fangar yrðu látnir lausir sem þær segja með röngu sakaða um að tengjast herskáum samtökum. Þar í landi hefur hópur manna einnig stofnað Facebook-síðu, þar sem gerðar eru kröfur um meiri atvinnu og ábyrgari stjórnarmál í þessu auðuga olíuríki.

Í Kúvæt hafa verið boðuð mótmæli í næstu viku en í Barein í næsta mánuði. Ekkert er þó víst að af þeim verði. Í Sýrlandi tókst stjórnvöldum að koma í veg fyrir að mannfjöldi safnaðist saman til mótmæla í síðustu viku, þrátt fyrir að boðað hafi verið til þeirra.

gudsteinn@frettabladid.is



UMDEILD LÍKSÝNING Líksýningin Bodies er enn á ferðinni um heiminn, þessa dagana í nýrri og endurbættri útgáfu í New York. Þar getur að líta þennan látna mann í körfuboltastellingum. NORDICPHOTOS/AFP

Hagtölur sýna fólksfjölgun, fleiri konur og hærri meðalaldur:

Íslendingum fjölgað að nýju

HAGTÖLUR Íslendingum fjölgaði um 822 á árinu 2010, en 1. janúar sfóastliðinn voru landsmenn 318.452 talsins og hafði fjölgað um 0,3 prósent milli ára, að því er fram kemur í nýjustu tölum Hagstofu Íslands. Fjöldinn hefur þó ekki enn náð hámarkinu sem var árið 2009, þegar 319.368 bjuggu á landinu.

Íbúum fækkaði milli ára í fimm af átta landshlutum, hlutfallslega mest á Vestfjörðum þar sem fækkunin nam 3,1 prósent, en 225 íbúar fluttu þaðan. Mesta fækkunin var þó á Suðurnesjum, en íbúar



FÓLKSFJÖLDI Íslendingar eru nú 318.452 talsins. Hlutfall kvenna hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

þar eru nú 271 færri en í upphafi síðasta árs.

Kynja- og aldursskipting

þjóðarinnar hefur einnig breyst milli ára þar sem konum fjölgað og meðalaldur hækkar.

Í ársbyrjun var meðalaldur Íslendinga 36,6 ár en var 36,4 árið áður.

Hlutföll kynjanna meðal landsmanna eru nú óðum að jafnast og eru nú 50,2 prósent karlmenn, en árið 2008 var hlutfallið 51 prósent. Konum hefur fjölgað stöðugt á þessum árum, en körlum fækkar. Má þar sennilega telja til brottflutning erlendra vinnmanna, sem og útrás íslendinga í vinnu erlendis. -þj

Fleiri á ferðinni í janúar:

Aldrei fleiri erlendir gestir

FERÐAMÁL Erlendir gestir hafa aldrei verið jafn margir í janúar og í ár, frá því að Ferðamálastofa hóf talningar í Leifsstöð.

Fram kemur á vef iðnaðar-ráðuneytisins að um 22 þúsund erlendir gestir hafi farið frá landinu í janúar. Brottfarir hafi verið 3.500 fleiri en í janúar 2010. „Erlendum gestum fjölgaði því um 18,5 prósent í janúarmánuði á milli ára,“ segir þar.

Þá kemur fram að umtalsvert fleiri Íslendingar hafi farið utan í janúar í ár en í fyrra. -óka



Lífð heil

AVENA SATIVA

– betri svefn

Avena Sativa er þekkt af því að hafa nærandi, heilsuþætandi og róandi áhrif á taugakerfið. Er mjög gott gegn streitu og svefntruflunum.



Fyrir þig í Lyfju

www.lyfja.is

ISLENSKA SÍKA/AF 3/309/2011



ÚTFLUTNINGUR Álverið í Reyðarfirði samdi við starfsmenn sína um háar eingreiðslur gegn því að framlengja kjarasamning til skamms tíma. Þrýst er á um að fleiri útflutningsfyrirtæki fari sömu leið.

Málþing Náttúrulækningafélags Íslands – 10. febrúar 2011

Jafnvægi og vellíðan

Líf án streitu

Náttúrulækningafélag Íslands efnir til málþings í Kjarna, Kjarnaskógi fimmtudaginn 10. febrúar 2011 kl. 20.00

- Hverjar eru orsakir streitu?
- Hverjar eru afleiðingar streitu
- Hvernig má varast streitu
- Hvaða úrræði eru í boði gegn streitu



Magna Fríður Birnir

Fundarstjóri:

Magna Fríður Birnir hjúkrunarforstjóri HNLFI í Hveragerði



Ingibjörg H. Jónsdóttir

Frummælendur:

Ingibjörg H. Jónsdóttir, dósent í lífeðlisfræði og yfirmaður Streiturannsóknarstofnunar Gautaborgar.

“Streituvandamál – orsakir – afleiðingar – besta lausnin”



Sigrún Ása Þórðardóttir

Sigrún Ása Þórðardóttir, sálfræðingur og verkefnisstjóri HNLFI

“Að meta eigin streitu og streituvalda”



Allir velkomnir!
Aðgangseyrir 1.000 kr.
Frítt fyrir félagsmenn.



Berum ábyrgð á eigin heilsu

Vilja kaupmáttarskerðingu bættu

Verkalýðsfélög þar sem starfsfólk í útflutningsgreinum er ráðandi vilja ekki samræmda launastefnu undir forystu ASÍ og SA. Formaður AfIs segir útflutningsgreinarnar velta sér upp úr peningum nú.

KJARASAMNINGAR Krafa um samræmda launastefnu og heildarkjarasamninga undir forystu ASÍ og SA mætir mikilli andstöðu frá forsvarsmönnum og félagsmönnum stéttarfélaganna þar sem starfsfólk í útflutningsgreinum er ráðandi.

„Nú eru útflutningsgreinarnar að velta sér upp úr peningum,“ segir Sverrir Albertsson, formaður AfIs – starfsgreinafélags á Austurlandi. „Við viljum eitthvað af þessum peningum til okkar félagsmanna.“

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness (VLFA), nálgast málið með svipuðum hætti. Um 70 prósent félagsmanna í VLFA starfa í útflutningsgreinum; sjávarútvegi og stóriðju. Félagið gerði síðast kjarasamning 17. febrúar árið 2008. Þá kostaði Bandaríkjadalurinn um 66 krónur. Í dag er gengi dalsins tæpar 116 krónur. Kostnaður útflutningsfyrirtækja við launagreiðslur til íslenskra starfsmanna er því mun lægra hlutfall af tekjum heldur en var þegar síðustu samningar voru gerðir.

„Við gerum þá kröfu að kaupmáttarskerðingunni verði skilað til baka. Það eru engar forsendur fyrir þeirri skerðingu,“ segir Vilhjálmur. „Það mun aldrei ríkja sátt um það að taka allan íslenskan vinnumarkað undir í samræmdri

launastefnu óháð getu hverrar atvinnugreinar fyrir sig.

Sverrir Albertsson nefnir að starfsfólk útflutningsfyrirtækja á landsbyggðinni naut þess í engu þegar krónan var sterkust á þensluárunum.

Vilhjálmur og Sverrir leggja áherslu á að félagsleg samstaða sé innan félaganna um þessa nálgun. „Við erum algjörlega tilbúin til að taka þátt í að sýna atvinnugreinum sem eiga undir högg að sækja skilning,“ segir Vilhjálmur og nefnir byggingariðnaðinn í því sambandi. „Ástand atvinnugreina er afar mismunandi.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífisins, hvikar hins vegar ekki frá kröfum um samræmda launastefnu. „Við ætlum ekki að láta undan kröfum um umframhækkanir og framkalla verðbólgu,“ segir hann. Núverandi staða krónunnar sé tíma-

bundið ástand og óeðlilegt. Afstaða atvinnurekenda sé skýr og hún sé sú að sömu hækkunir eigi að bjóða starfsmönnum í sjávarútvegi, byggingariðnaði, stóriðju og öðrum greinum á almennum markaði og að þeim samningum undirrituðum, starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Miklar hækkunir til einstakra greina muni flæða yfir allt atvinnulífið og valda verðbólgu. peturg@frettabladid.is



Það mun aldrei ríkja sátt um það að taka allan íslenskan vinnumarkað undir í samræmdri launastefnu.

VILHJÁLmur BIRGISSON
FORMAÐUR VLFA

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétt- og afþreyingarvefur landsins.

vísir.is

Hættuleg í umferðinni:

Átján teknir undir áhrifum

LÖGREGLUMÁL Átta öikumenn voru teknir undir áhrifum fíkniefna í höfuðborginni um liðna helgi. Þetta voru fimm karlar á aldrinum 17 til 49 ára og þrjár konur, allar um tvítugt.

Þá stöðvuðu lögreglumenn tíu öikumenn sem allir reyndust undir áhrifum áfengis á sama tímabili. Þetta voru níu karlar á aldrinum 21 til 67 ára og ein kona, 45 ára.

Tveir þessara öikumanna höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi og einn var á stolnum bíl. - jss

Nauðsynlegt að auka hreyfingu barna á skólaaldri, samkvæmt nýrri rannsókn:

Strákar hreyfa sig meira en stelpur

HEILBRIGÐISMÁL Allt of fá níu og fimmtán ára börn hér á landi hreyfa sig nægjanlega lengi af meðalferðri og erfiðri ákefð dag hvern. Drengir virðast hreyfa sig meira en stúlkur og það mælast neikvæð tengsl milli hreyfingar og holdafars íslenskra barna.

Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var á tímabilinu september árið 2003 til janúar árið 2004 í átján skólum á höfuðborgarsvæðinu og í þéttbýlis- og dreifbýliskjörnum á Norðausturlandi. Alls skiluðu 176 níu ára krakkar nothæfum gögnum til rannsóknarinnar og 162 fimmtán ára krakkar.

Meginniðurstöðurnar voru þær að mikilvægt sé að auka meðalferða og erfiða

hreyfingu barna á skólaaldri og nauðsynlegt sé að rannsaka hvaða leiðir séu færar í þeim efnum.

Strákar hreyfðu sig að jafnaði meira en stelpur og þeir sem voru níu ára hreyfðu sig meira en þeir sem voru fimmtán ára. Niðurstöðurnar sýndu einnig fram á að þeir þátttakendur sem voru með meiri fitu undir húð, hreyfðu sig minna samanborið við jafnaldrara sína.

Rannsóknin er birt í 2. tölublaði Lækna- blaðsins 2011. Hún styður niðurstöður fjölda erlendra rannsókna um sama efni, hvað varðar muninn á meðalferðri og erfiðri hreyfingu milli kynja.



BÖRN AÐ LEIK Talið er að mikill meirihluti barna hér á landi hreyfi sig allt of lítið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



HVERAGERÐI Bæjaryfirvöld ætla í prófmál fyrir hönd húseigenda.

Hvergerðingar stefna OR: Fáir bætur fyrir tengiskostnað

DÓMSMÁL Bæjarráð Hveragerðis hefur ákveðið að taka að sér að reka dómsmál fyrir húseiganda í bænum gegn Orkuveitu Reykjavíkur. Bæjarráðið telur að Orkuveitan, sem keypti Hita- veitu Hveragerðis fyrir nokkrum árum, eigi að kosta sérstakan búnað sem húseigendur á vissu svæði í bænum þurfa til að tengjast hitaveitunni.

Kostnaður þessara húseigenda verður umtalsvert meiri en annarra íbúa segir bæjarráðið sem vill láta reyna á bótarétt þessa hóps með því að höfða prófmál með því að reka mál eins húseigandans. - gar

FÉLAGSMÁL

Kosið í öll embætti hjá FÍA

Tveir gefa kost á sér í embætti formanns Félags íslenskra atvinnu- flugmanna: Hafsteinn Pálsson og Örnólfur Jónsson. Tveir sækjast eftir varaformannsembættinu: G. Birnir Ásgeirsson og Jón Þór Þorvaldsson, og sjö gefa kost á sér í fimm manna meðstjórn. Kosið verður á aðalfundi 15. febrúar.

Ólafur áfram formaður FG

Ólafur Loftsson er sjálfkjörinn formaður Félags grunnskólakennara til ársins 2014. Framboðsfrestur er nýlega útrunninn og var Ólafur einn í kjöri.



52 blöð á ári, nýtt blað í hverri viku! Þú getur gerst áskrifandi núna á www.andresond.is

Opnir fundir með nýjum stjórnendum Landsbankans

Hafnarfjörður Bæjarbío
Miðvikudagur 9. febrúar kl. 20.00

Akranes Bíóhöllin
Fimmtudagur 10. febrúar kl. 20.00

Reykjanesbær Duushús
Mánudagur 14. febrúar kl. 20.00

Reykjavík Grand Hótel
Þriðjudagur 15. febrúar kl. 17.00

Höfn í Hornafirði Nýheimar
Fimmtudagur 17. febrúar kl. 20.00

Skráning á landsbankinn.is
og í 410 4000 – allir velkomnir!



Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, á opnum fundi á Akureyri 3. febrúar.

Nýir stjórnendur kynna nýja stefnu bankans og framtíðarsýn, breytingar sem orðið hafa og aðgerðalista næstu mánaða. Við viljum hlusta eftir skoðunum og viðbrögðum ykkar, eigenda bankans, til að efla bankann enn frekar. **Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.**

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000





TRÚARLEGT BAÐ Þessi sikki brá sér í bað skammt frá Amritsar á Indlandi í tilefni af trúarhátíðinni Basant Panchami, sem haldin er þegar vetri lýkur. NORDICPHOTOS/AFP

Fjöldi listaverka á stóru uppboði Gallerís Foldar seldist á verði langt yfir mati sérfræðinga:

Eyjafjallajökull Ásgríms á 5,2 milljónir

VIÐSKIPTI Hundrað sextíu og þrjú verk voru boðin upp á listaverkauppboði Gallerís Foldar sem fram fór á mánudag- og þriðjudagskvöld.

Áð sögn Jóhanns Ágústss Hansen, listmunasala hjá Gallerí Fold, seldust mörg verk á eða yfir matsverði á fyrri hluta uppboðsins. Til dæmis hafi málverkið „Eyjafjallajökull séður frá Vestmannaeyjum“ eftir Ásgrím Jónsson, sem hann málaði í heimsókn sinni til Vestmannaeyja árið 1905, verið selt á tæplega 5,2 milljónir króna með uppboðsgjöldum. Söluverðið er töluvert yfir matsverði verksins sem var þrjár til þrjár og hálf milljón króna.

Þá kemur fram að selst hafi verk eftir Kristínu Jónsdóttur á 1,2 milljónir króna sem sé matsverð og verk eftir Jóhannes S. Kjarval á tæplega 2,2 milljónir króna, rétt yfir matsverði.

„Fjöldi annarra verka seldist einnig yfir matsverði og má þar nefna verk eftir listamennina Steingrím Eyfjörð, Karólínu Lárusdóttur, Valtý Pétursson og Jóhannes Jóhannesson.“

Á vef Gallerís Foldar má sjá að af verkunum 84 sem boðin voru upp á fyrri hluta uppboðsins seldust 53 undir matsverði (án þess að gert sé ráð fyrir uppboðsgjöldum).



HJÁ GALLERÍ FOLD Húsfyllir var á fyrri hluta uppboðs Gallerís Foldar sem fram fór á mánudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Ríkissaksóknari hættir:

Valtýr lætur af störfum 1. apríl

DÓMSMÁL Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari ætlar að láta af störfum 1. apríl.

„Þegar menn eru löngu komnir á eftirlaun hljóta þeir að hafa mjög gaman af vinnunni til þess að halda áfram,“ segir hann.

Hann segir þetta þó ekki að öllu leyti eiga við sig, því hann hafi haft mjög gaman af þeim verkefnum sem hann hafi fengist við og sé þakklátur fyrir þau.

Spurður hvað hann hygðist taka sér fyrir hendur kveðst hann ætla að ljúka núverandi starfi og sjá svo til.



VALTÝR SIGURÐSSON

LÖGREGLUFRETTIR

Ellefu árástir um helgina

Ellefu líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Átta þeirra áttu sér stað í miðborginni en hinar í úthverfum borgarinnar. Áð sögn lögreglu voru líkamsárásirnar að mestu pústrar en í einu tilviki nef- og kinnbeinsbrotnaði maður í slagsmálum.

Hross aflífað eftir árekstur

Aflífa varð hross eftir að ekið hafði verið á það á Landeyjavegi á sunnudagskvöldið síðastliðið. Ekki urðu slys á fólki. Fjöldi tilkynninga um lausa-göngu dýra, hrossa og nautgripa kom inn til lögreglu á Hvolsvelli í vikunni.

Innbrot í gullbúð upplýst

Lögreglan í Vestmannaeyjum greindi frá því í gær að innbrot í Gullbúðina væri upplýst. Brotist var inn í verslunina að morgni gamlár dags. Verðmæti þýfisins nam hundruðum þúsunda króna en lögreglu mun hafa endurheimt það að mestu.

Krefjast samráðs um sameiningaráform

Fulltrúi Vinstri grænna í menntaráði kvartar yfir skorti á samráði. Vill sjá bréfaskipti við skólastjórnendur. Fulltrúar foreldra taka undir gagnrýnina. Formaður menntaráðs segir málið fara fyrir menntaráð í dag, á eðlilegum tíma.

MENNTAMÁL Fulltrúar í menntaráði Reykjavíkurborgar hafa ekki verið hafðir nægilega með í ráðum í yfirstandandi vinnu varðandi sameiningar á samrekstur innan skólastarfs borgarinnar.

Þetta segir Líf Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna (VG) í menntaráði. „Þau skipuðu starfsþópinn um sameiningar í nóvember og nú hafa skólastjórnendur fengið bréf um að þeirra skóli verði mögulega sameinaður öðrum, en það hefur aldrei komið inn á borð menntaráðs. Tal um þverpólitíska sátt í menntaráði í þessum málum er þess vegna ekki rétt. Þessi vinnubrögð meirihlutans finnast mér ámælisverð.“

Fyrir helgi óskaði Líf eftir því að fá að sjá öll bréfaskipti í málinu og lista yfir þá skóla og leikskóla sem rætt hefur verið um að sameina.

„Þau svör sem við höfum fengið frá Oddnýju [Sturludóttur, formanni menntaráðs] eru að málið sé á viðkvæmu stigi og að ekkert hafi enn verið ákveðið.“

Líf segir VG hafa lýst yfir óánægju vegna væntanlegs niðurskurðar í menntamálum á meðan heimild til útsvarshækkunar væri ekki fullnýtt í Reykjavík. Þegar sé búið að ganga á þjónustu við börn og nú eigi enn eftir að ganga lengra.

„Við erum ekki á móti sameiningum sem slíkum, ef það er vænsti kosturinn og faglegur ávinningur hlýst af. Það er hins vegar ekki það sem býr hér að baki að okkar mati. Ég sé ekki að það sem á að sparast sé forsvaranlegt með þeim aðgerðum sem nú eru í farvatninu.“

Samtök foreldra barna í grunn- og leikskólum borgarinnar, SAM-FOK og Börnin okkar, taka undir gagnrýni Lífur, en Oddný segir verkið vera á ætlan.



SKÓLASTARF Fulltrúar í menntaráði í Reykjavík eru óánægðir með upplýsingaflæði varðandi fyrirhugaðar skipulagsbreytingar í skólamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Borgaráráð skipaði starfsþópinn til að vinna þessa vinnu og nú fær menntaráð yfirlit yfir málið, á eðlilegum tíma. Við höfum átt samtál við foreldra á hverfafundum og í rýnihópum og allt í allt hafa því um 600 starfsmenn og foreldrar komið að málinu.“

Oddný bætir því við að þrjú borgarfulltrúar eigi sæti í starfsþópnum, en VG hafi ekki lagt sig eftir því að taka þátt.

„VG var velkomið að taka þátt í þessari vinnu frá upphafi. Það hefði verið ákjósanlegast ef allir flokkar hefðu komið að og mótað þetta verkefni í sameiningu.“

Málið verður einnig tekið fyrir í borgaráði og á fundi með stjórnendum á morgun.

„Það hafa engar ákvarðanir verið teknar. Á næstunni er svo enn meira samtál og greining.“

thorgils@frettabladid.is

Landssamband framsóknarkvænna

Fólk borðar ekki falleg orð - lausnir takk!

Stjórn Landssambands framsóknarkvænna boðar til opins fundar um grunnframfærslu og neysluviðmið þann 10. febrúar 2011.

Fimmtudaginn 10. febrúar kl. 20:00-22:00 Hressingarskálanum

Í pallborðsumræðum verður leitast við að svara spurningum um áhrif nýrra neysluviðmiða og raunverulegra lausna leitað.

Þátttakendur í pallborðsumræðum verða:

Talsmaður neytenda og fulltrúar frá sérfræðingahópi um neysluviðmið, velferðaráðuneytinu, Öryrkjabandalagi Íslands, BSRB, Þroskahjálp, BÓT, Landssambandi eldri borgara, félagsmálanefnd Alþingis, þingflokkur og sveitarstjórnarráði Framsóknar.

- Hvaða áhrif munu ný neysluviðmið hafa?

- Hvað geta hagsmunasamtök gert til að vinna að málefni?

- Hvaða aðgerða er þörf af hálfu stjórnvalda vegna nýrra neysluviðmiða?

Allir velkomnir - heitt á könnunni

Sérstakir gestir fundarins: BÓT, aðgerðahópur um bætt samfélag

Psssst!

Þú getur leitað ca. 4000 sinnum á google.is á Netinu í símanum fyrir 0 kr. í dag ef þú ert hjá Símanum. Magnaðir miðvikudagar!

Síminn

*Notkun á Íslandi, 100 MB íþröng dagsins. Nánar á síminn.is

Palestínustjórn boðar til kosninga á Vesturbakkanum og Gasasvæðinu:

Hamas hafnar kosningunum

PALESTÍNA, AP Palestínustjórn skýrði frá því að kosningar verði haldnar, bæði á Vesturbakkanum og á Gasaströnd, hinn 9. júlí í sumar. Stjórn Hamas-samtakanna á Gasa segir að Palestínustjórnin í Ramallah hafi engan rétt til að efna til þessara kosninga.

Kosningar hafa ekki verið haldnar á herteknu svæðunum síðan 2006, þegar Hamas vann yfirburðasigur. Ágreiningur milli Hamas og Fatah, tveggja helstu hreyfinga Palestínumanna, varð til þess að Hamas-samtökin hróktust frá völdum á Vesturbakkanum en tóku sér jafnframt öll völd á Gaza árið 2007.

Fréttaskýrendur telja sumir hverjir að atburðirnir í Egyptalandi og víðar í arabaheiminum hafi ýtt á það, að Palestínustjórn boðar til kosninga nú frekar en að hætta á að almenningur knýi fram kosningar með fjöldamót-mælum.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, frestaði sveitarstjórnarkosningum á Vesturbakkanum á síðasta ári þegar ljóst þótti að Hamas myndi vinna sigur.

Sáttaviðræður milli Hamas og Fatah, sem Egyptar hafa haft milligöngu um, hafa til þessa ekki skilað árangri.

Fjögurra ára kjörtímabil Abbas



MAHMOUD ABBAS Kjörtímabil forseta Palestínustjórnar rann út árið 2009. NORDICPHOTOS/AFP

rann út árið 2009 og kjörtímabil Palestínubings rann út á síðasta ári.

- gb

VERÐUR ÞÚ NÆSTA FÓRNARLAMB HAKKARA?

RÁÐSTEFNA 10. FEBRÚAR 2011
NÁMSKEIÐ Í ETHICAL HACKING 14. – 18. FEB.



Tölvuskólinn iSoft-þekking og Capacent halda ráðstefnu fimmtudaginn 10. febrúar 2010 þar sem alþjóðlegir og innlendir sérfræðingar fjalla um þessa vö og hvernig hægt er að verjast árásum tölvuhakkara.

Í tengslum við ráðstefnuna mun svo Tölvuskólinn iSoft – Þekking í samstarfi við EC-Council halda í fyrsta skipti á Íslandi **námskeið í Ethical Hacking dagana 14. – 18. febrúar** þar sem kennt verður nýjasta tækni sem notuð er til að verjast árásum hakkara.



EC-Council

- Hverjar eru helstu ógnir framtíðarinnar?
- Hvernig haga hakkara sér innan kerfisins?
- Eru einhver kerfi örugg?
- Hvernig get ég gripið til varna gegn tölvuárásum?

Dagskrá ráðstefnunnar er verulega metnaðarfull:

Fyrirlesarar eru:



Wayne Burke,
ráðgjafi og yfirkennari
hjá EC-Council.



Paula Januszkiewicz
forstjóri og eigandi CQURE
í Varsjá.



Csaba Barta,
yfirmaður hjá Deloitte
í Ungverjalandi.



Þorleifur Jónsson,
forstöðumaður tæknideildar
hjá Póst- og fjarskiptastofnun



Sigurjón Þórðarson,
ráðgjafi hjá Capacent

Dagskrá:

08:00-08:45
08:45-09:00
09:00-10:00
10:00-10:30
10:30-10:45
10:45-11:45
11:45-12:15
12:15-13:00
13:00-14:00
14:00-15:00
15:00-15:15
15:15-16:15
16:15-16:45
16:45

Skráning og morgunverður.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri setur ráðstefnuna.

Wayne Burke: The New Balance of Power in the Digital Age.

Þorleifur Jónsson: Net- og upplýsingaöryggi, hlutverk stjórnvalda.

Kaffihlé.

Paula Januszkiewicz: Windows 7 and Windows Server 2008 R2: Keep Encrypted. Extreme Deep Dive.

Sigurjón Þórðarson: Eru starfsmenn veikasti hlekkurinn í öryggiskerfinu

Hádegishlé og veitingar.

Wayne Burke: How hackers break into „Government Secured Systems“ in just a few minutes.

Csaba Barta: How to prevent attackers from hiding in the system.

Kaffihlé.

Paula Januszkiewicz: Useful Hacker Techniques.

Which Part of Hackers' Knowledge Will Help You in Efficient IT Administration?

Q&A.

Ráðstefnuslit.

!!! ATH !!! Þeir heppnir ráðstefnugestir fá frímiða á námskeiðið sem hver er að verðmæti 349.000. Dregið verður úr nöfnum þáttakenda í lok ráðstefnudags. Sérstakt tilboðsverð á námskeiðinu er þó til ráðstefnugesta eða 299.000

Verðskrá:

Almennt verð kr. 39.000.-

20% afsláttur fyrir 3-5 þáttakendur

30% afsláttur fyrir þáttakendur umfram 5

Nánari upplýsingar og skráning á www.isoft.is og www.capacent.is

Sif Helgadóttir hjá iSoft sif@isoft.is og Steingrímur Sigurgeirsson, steingrimur.sigurgeirsson@capacent.

Hakkararnir eru hér. Hvar ert þú?



Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080
isoft@isoft.is • www.isoft.is



Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 1000



Miðstöðvarofnar

10 ára ábyrgð!

Aðeins í 5 daga

**20%
AFSLÁTTUR
af öllum
miðstöðvarofnum**

LÆGRA VERÐ HREINLÆTISTÆKI OG MÁLNING



LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Handlaug
45x34x17 cm.
8091114

3.990,-

Valdara




LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

Eldhúsvaskur
8032532

9.890,-

Handklæðaofn
Scala H1200/B500
9200050



Tilboð
11.900,-
~~15.595,-~~

Salerni
Vegghengt salerni með öllu
8078415



LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

33.990,-

Allt innifalið

SANIT

Handlaugartæki
Giglio
7900011



LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

3.480,-

EMMEVI
ITOLSK GÆÐI

Eldhústæki
Giglio
7900009



LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR*

3.680,-

EMMEVI
ITOLSK GÆÐI

HREINLÆTISTÆKI OG MÁLNING Á LÆGRA VERÐI

Verð gildir til 14. febrúar

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmíðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmíðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

20%
AFSLÁTTUR
 af allri Jotaproff
INNIMÁLNINGU
 miðvikudag - sunnudags
Blöndum alla líti



Jotaproff
 Gæða
 veggmalning
 7119866


25%
AFSLÁTTUR
 af allri
 gólfmalningu



Gólfmalning

7.495,-
~~9.995,-~~

Gólfmalning
 5 ltr
 7300156



Rüllusett Anza
 Bakki 25 cm.
 7014822

1.195,-

Innimálning
 Hvítt, gljástig 10, 3 ltr.
 7119960

1.995,-

**LÆGSTA
 LÁGA
 VERÐ**
 HÚSASMÍÐJUNNAR



Mött

5.995,-

Mött innimálning
 Frábær mött innimálning
 3 ltr.
 7122045



3 ltr.

2.595,-
~~3.295,-~~

Jotaplast
Loftamálning

Jotaplast
 Gæða plastmálning á loft, gljástig 2.
 7119807



Lady akrýllakk
 Niðsterkt akrýllakk á hurðir, glugga, innréttingar
 o.fl. Gulnar ekki, hvít.
 7118108

Tilboð

1.595,-
~~1.995,-~~



**Látum
 verkin tala!**



Opið til 21:00 í Skútuvogi

Mengunarhneykslið á Ísafirði versnar bara.

Ekki heima hjá okkur

Myndin af afleiðingum mengunarhneykslisins á Ísafirði verður dapurlegri eftir því sem meiri upplýsingar koma fram. Nú liggur fyrir að eitrefnið díoxín er yfir mörkum í sýnum sem tekin hafa verið úr fóðri, mjólk og kjöti í nágrenni sorpbrennslunnar Funa. Bóndinn í Efri-Engidal og frístundabændur í nágrenninu munu þurfa að lóga allt að 400 skepnum vegna mengunarinnar.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Fyrir liggur að eitthvað af kjöti frá bænum hefur farið á markað. Ábúendur í Efri-Engidal segjast ekki sjá annan kost en að bregða búi. Áhrif á heilsu fólks í nágrenni sorpstöðvarinnar liggja ekki fyrir, enda hafa enn sem komið er ekki verið tekin sýni úr fólki.

Svo miklar og vondar upplýsingar liggja hins vegar nú þegar fyrir vestra að það verður að teljast með ólíkindum að yfirvöld í Skaftárhreppi haldi áfram að brenna sorp í úreltri brennslustöð, sem er sambyggð grunnskólanum á Kirkjubæjarklaustri.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað ýtarlega um fékk Ísland á sínum tíma undanþágu frá Evrópureglum um mengun frá sorpbrennslum. Upplýst hefur verið að undanþágan fékkst fyrst og fremst vegna þrýstings frá sveitarfélögum, sem óx í augum kostnaðurinn við að koma sorpbrennslum sínum í það horf að mengun frá þeim yrði innan leyfilegra marka.

Þarna virðast menn hafa horft afar þröngt á málið; fyrst og fremst litið á reglurnar sem óþægilegan kostnaðarauka í stað þess að velta fyrir sér til hvers þær væru settar, þ.e. að vernda heilsu og umhverfi íbúanna. Þá virðist það heldur ekki hafa skipt miklu að evrópsku reglurnar voru meðal annars til komnar vegna baráttu Íslendinga fyrir því að mengun hafins vegna þrávirkra efna frá landstöðvum yrði takmörkuð, en slíkt er auðvitað mikið hagsmunamál fyrir íslenzkan sjávarútveg. Hagur umhverfisins, íbúanna og efnahagslífsins virðist þannig hafa vikið fyrir þröngri sýn á hag nokkurra sveitarfélaga með úreltar sorpbrennslur.

Kannski var það vegna þessarar þröngsýni sem enginn taldi í sínum verkahring að upplýsa almenning um hugsanlega hættu vegna sorpbrennslustöðvanna. Bæjaryfirvöld á Ísafirði hafa beðið afsökunar á sínum þætti í málinu og þar með viðurkennt ábyrgð sína. Hlutur eftirlitsstofnana skýrist vonandi þegar fyrir liggur niðurstaða stjórnsluúttektar, sem Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur beðið Ríkisendurskoðun að gera.

Í úttekt sem Ólína Þorvarðardóttir alþingismaður gerði á löggjöf um mengun vegna Funamálsins er lagt til að herða á frumkvæðis- og viðbragðsskyldu stjórnsluúttektanna í málum af þessu tagi og tryggja betur rétt almennings til verndar heilsu og lífsgæða. Lykilatriði í úttekt Ólínu er að ekki sé heldur hægt að horfa framhjá „skorti á fagmennsku, lélegu gagnalæsi og jafnvel vanrækslu“.

Það virðist nefnilega fremur hafa verið hugarfarið en löggjöfin sem var ábótavant í Funamálinu. Viðhorfið að mengun hljóti að vera vandamál annars staðar en heima hjá manni sjálfum virðist hafa verið ein undirrót Funahneykslisins.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skritið

Sjaldnast er gott að segja hvaða stefnu pólitíkin tekur enda flestir sem gefa sig að henni nokkuð sérstakir. Í borgarstjórn Reykjavíkur eru fjórir flokkar. Tveir mynda meirihluta og tveir eru í minnihluta. Í síðustu viku sameinuðust Hanna Birna og Sóley í minnihlutaflökunum um að mótmæla áformum meirihlutans um sameiningu upplýsinga- og vefmála borgarinnar. Ein lína í bókuninni er málefnaleg, annað er útrásnúmeringur. Niðurlagið er svo lélegur brandari. Og allt í lagi með það, það er ekki öllum gefið að vera fyndnir.

Í sama liði

En hvers vegna í ósköpunum eru sjálfstæðismenn og vinstri græn að nudda saman nefjum? Flokkarnir eiga ekki málefnalega samleið. Það eina sem þeir eiga sameiginlegt er að báðir urðu útundan við meirihluta-myndunina síðastliðið vor. En í samræmi við stjórnsmálahefðina sameinast þeir um framlag í stóru brandarakeppnina í Ráðhúsinu.



Skritið

Magnað var að fylgjast með gagnrýni Kjartans Magnússonar á hvernig staðið var að ráðningu forstjóra Orkuveitunnar. Hann tindi til ein tíu, tuttugu atriði sem honum fundust á skjön við góða stjórnsýslu. Um margt góðar ábendingar. En það magnaða var að þarna var borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á ferð. Sú var nefnilega tíðin að sjálfstæðismenn stjórnuðu ýmist ríki eða borg og réðu fólk með þeim aðferðum sem þeim einum hentuðu. Kjartan átti náttúrulega engan þátt í því. En þar sem hann er í Sjálfstæðisflokki verður gagnrýnin svo skritin.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafærnu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Kveikjum á Rafheimum

Söfn



Ólafur Örn Pálmarsson
náttúrufræðikennari

Í náttúrufræðinámi er nauðsynlegt að nemandinn læri ákveðin grunnatriði í formi hugtaka og almennum orðaforða en fá síðan að upplifa, prófa og skynja bóknámið. Það má gera með verklegum athugunum til að setja nýju þekkinguna í samhengi við eigin upplifun. Þannig nám fór fram í Rafheimum sem reknir voru af Orkuveitu Reykjavíkur en var lokað vegna niðurskurðar á haustmánuðum. Rafheimar voru eina vísindasafnið sem tók á móti nemendum á aldrinum 6-20 ára þar sem nemendur gátu fræðst um allt sem tengist rafmagni og framkvæmt sínar eigin tilraunir í fámennum hópum undir leiðsögn. Á safnið komu árlega vel á þriðja þúsund nemendur en flestar heimsóknir voru í aldurshópnum 10-12 ára.

Niðurstöður í PISA-rannsókninni fyrir árið 2009 sýna að Ísland er talsvert undir meðallagi í náttúrufræði innan OECD. Rannsóknir hafa einnig sýnt að verkleg kennsla í náttúrufræði í grunnskólum landsins er mjög lítil. Lítil



Rafheimar voru eina vísindasafnið sem tók á móti nemendum á aldrinum 6-20 ára.

ásókn ungs fólks í raungreinánámi á Íslandi og innan Evrópusambandsins er áhyggjuefni en einn af mikilvægum þáttum í að efla ásóknina eru vísindasöfn fyrir nemendur. Mikilvægt er að áhugi nemanda sé glæddur á náttúrufræði með fjölbreyttu starfi hvort sem það er í daglegu starfi skólanna, vísindasöfnum, heimsóknum í fyrirtæki sem byggja á raunvísindum eða einstökum viðburðum eins og Vísindavöku. Þannig er stuðlað að því að fleiri nemendur líti á starf við raungreinar sem raunhæfan og spennandi valkost sem mun síðar skila þjóðfélaginu miklum ábata.

Í heimsóknum mínum með nemendur af unglingsstigi í Rafheima hef ég séð hvernig áhugi nemendanna á eðlisfræði hefur verið vakinn. Þar hafa þeir lært nýja hluti og haft ánægju af fjölbreyttum verkefnum. Ég skora á Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborg og mennta- og menningarmálaráðuneytið að vinna að því að starfsemi Rafheima geti hafist að nýju.



Verð 32.750 kr.

Withings WiFi vogin

- Fyrir allt að 8 notendur
- Skynjar hver notandinn er
- Skráir þyngd, fituhlutfall og vöðvamassa
- Þráðlaus samskipti við tölvu og smartsíma
- Fæst í hvítum lit eða svörtum

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Brotið á fötluðum börnum

fatlaðir

Ásta Krístrún Ólafsdóttir

sálfræðingur, kennari og foreldri barns með þroskahömlun



við sitt hæfi í almennum grunnskóla, geti sótt um skólavist fyrir barnið í sérskóla. Slíkt stríðir þó gegn stjórnarskrá lýðveldisins þar sem segir í annarri málsgrein 76. greinar: „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.“

Þótt í lögnum segi að foreldrar geti sótt um skólavist í sérúrræði eða sérdeild innan grunnskóla þá eru það orðin tóm fyrir foreldra þroskahamlaðra barna því slíkar deildir eru ekki starfræktar lengur.

Ef fræðslufirvöld vilja fara að lögum og virða stjórnarskrá lýðveldisins verða þau að bjóða öllum börnum sem ekki fá notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla, uppá skólavist í sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla.

Þá er rétt að minna fræðslufirvöld á þriðju grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er aðili að, en þar segir: „Það sem er börnum er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem þau varða.“

Ísland er einnig aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um fólk með fötlun en þar segir í sjöundu grein: „Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.“

Ég hvet fræðslufirvöld til að fara að lögum þegar teknar eru ákvarðanir sem varða þroskahömluð börn, setja í forgang það sem þeim er fyrir bestu og virða stjórnarskrá lýðveldisins. Ég hvet fræðslufirvöld til að færa inntökuskilyrði Öskjuhlíðarskóla til fyrra horfs þannig að skólinn standi öllum þroskaheftum börnum til boða en ekki bara sumum.

Þótt í lögnum segi að foreldrar geti sótt um skólavist í sérúrræði eða sérdeild innan grunnskóla þá eru það orðin tóm.

Ný og breytt inntökuskilyrði í Öskjuhlíðarskóla útiloka stóran hóp þroskahamlaðra frá skólanum. Með því að meina börnum með þroskahömlun um skólavist í sérskóla brjóta fræðslufirvöld 17. grein grunnskólalaga frá 2008 þar sem segir: „Telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.“

Í reglugerð um nemendur með sérþarfir frá 2010, 2. grein, 3. málsgrein segir: „Með sérúrræði er átt við skólavist sem kallar á málsmæðferð skv. V og VI kafla, þ.e. í sérdeildum sem reknar eru innan tiltekinna grunnskóla, skólavist í sérskóla þar sem slíkt úrræði er til staðar og sjúkrakennslu. Almennur stuðningur við nemendur í kennslustundum telst ekki til sérúræða í þessum skilningi.“

Það að foreldrar geti sótt um skólavist í sérúrræði eða sérskóla felur í sér að sérskóli eða sérdeild sé raunverulegur valkostur sem standi til boða. Í greininni stendur ekki: „geta reynt en það þýðir ekki neitt.“ Sveitarfélögum hlýtur að vera skylt að sjá til þess að þessi úrræði séu til staðar

Ef ný og breytt inntökuskilyrði í Öskjuhlíðarskóla eiga að standa þarf að breyta lögnum þannig að fram komi að foreldrar sumra barna sem ekki fái notið kennslu

Hagsmunatog eða hugsjónir

Ísland og ESB

Stefanía Kristinsdóttir

framkvæmdastjóri ÞNA á Austurlandi



og nútímavæðingu menntakerfisins. Nú er spurningin, viljum við ganga lengra í sambandi okkar við Evrópusambandið, viljum við ganga upp að altarinu?

Ef við segjum já þá erum við ekki einngöngu að segja að við treystum því að hag okkar sé borgið í sambandinu heldur einnig að við höfum eitthvað fram að færa, að við séum rödd sem ætlar sér að taka virkan þátt í þróun sambandsins. Ef við segjum nei þá erum við að segja að við teljum hag okkar betur borgið utan sambandsins og við teljum að Ísland eigi ekki að vera þátttakandi í þróun samstarfs Evrópuríkja. Það er undir okkur öllum komið að taka þessa ákvörðun og til þess að við getum gert það af einhverju viti þá þurfum við að kynna okkur málin vel.

Í upphafi ræddi ég um friðarbandalagið ESB. Nýir tímar kalla á nýjar áherslur og stærsta vandamál jarðarbúa í dag snýr að loftslagsbreytingum og umhverfismálum. Glögg má sjá þegar rýnt er í áherslur ESB á sviði rannsókna og nýsköpunar að það sem sett er á oddinn er vistvæn orka, orkunýting og rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á gróðurfar og þar með mannlíf. Nú er ég ekki að segja að samkomur Sameinuðu þjóðanna og OECD hafi ekki sín áhrif á þróun þessara mála en ég tel að virkt samstarf á borð við ESB þar sem til er fjármagn og ferli til að stýra þróunarvinnu sé það eina sem dugur í slíkum málum. Mig grunar að til þess að mannkynið komi sér saman um leiðir að markmiðinu þá þurfi hver og einn að gefa eitthvað eftir af sínu fullveldi og deila gæðum sínum með öðrum þjóðum ekki bara til að auka á hagsæld heldur til að bjarga mannlífum í heimi sem einkennist af fátækt, misrétti og mannréttindabrotum.

Við erum búin að vera trúlofuð ESB síðan 1994 þegar við tókum þátt í EES-samningnum.

Undirrituð er einlægur stuðningsmaður alþjóðlegs samstarfs og telur að það sé grundvöllur þess að stuðla megi að friði og auknum mannréttindum meginþorra mannkyns. Í ljósi þeirra hugsjóna hef ég horft jákvæðum augum á aðild Íslands að ESB sem mér finnst hafa gegnt lykilhlutverki í að koma á friði og aukinni velferð í Evrópu. ESB var sett á laggirnar eftir síðari heimsstyrjöldina til að koma á og viðhalda friði. Þegar múrinn féll var ESB lykilaðili í nútímavæða og endurbýggja Austur-Evrópulöndin og ef til vill hefði sá gjörningur ekki gengið jafn vel fyrir sig ef ESB hefði ekki verið til staðar. ESB átti ríkan þátt í að binda enda á kalda-stríðið og koma á stöðugleika og hagsæld í fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna.

Evrópuumræðan á Íslandi snýst sjaldan um þau atriði sem hér hafa verið nefnd heldur einblína Evrópusinnar og Evrópuandstæðingar á hagsmuni Íslands sem snúa þá yfirleitt að ákveðnum atvinnugreinum t.d. sjávarútvegi og landbúnaði. Hagsmunasamtökin sem hræðast sambandið mest eyða miklum fjármunum og ekki síður pólitískum ítökum í að koma í veg fyrir að þjóðin geti rætt eða tekið ákvörðun um hvernig hún vill þróa samband sitt við ESB. Ég segi sambandið því það er nákvæmlega það sem við erum að tala um, við erum búin að vera trúlofuð ESB síðan 1994 þegar við tókum þátt í EES-samningnum. Þátttaka sem hefur skilað okkur öflugra háskólastarfi



4,4 lítrar á hundraðið – geri aðrir betur!

Hinn frábæri KIA cee'd kemur vel út úr breytingum á lögum um vörugjald. Vegna lítillar koltvísýringslosunar fer þessi vinsæli fólksbíll niður um vörugjaldaflokka og lækkar við það verulega í verði.

KIA cee'd er öruggur, rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll með einstaklega sparneytna dísilvél sem eyðir aðeins frá 4,4 lítrum í blönduðum akstri. 7 ára ábyrgð segir sitt um gæðin, enda er bíllinn framleiddur í einni fullkomnustu bílaverksmiðju Evrópu. Reynslan sýnir líka að cee'd er frábær í endursölu.

Kia cee'd LX beinskiptur, 1.6 dísil 115 hö. Verð 2.990.000 kr. Afborgun aðeins **29.490 kr.** á mánuði*

Eigum bíla til afgreiðslu strax!

* Afborgun á mánuði miðast við 40% útborgun eða uppþökubíl og bílasamning til 84 mánaða, árleg hlutfallstala kostnaðar 10,38%





67 ALICE WALKER RITHÖFUNDUR er 67 ára.
„Enginn er eins valdamikill og við teljum hann vera.“

Merkisatburðir 9. febrúar

- 1827** Kambránið. Brotist er inn og peningum rænt á Kambi í flóa. Ránsmennirnir eru síðan handteknir og dæmdir að loknum umfangsmiklum réttarhöldum.
- 1832** Baldvin Einarsson lögfræðingur deyr, 31 árs að aldri. Hann gaf út ársritið Ármann á Alþingi. Í erfiljóði um hann segir Bjarni Thorarensen: „Íslands óhamingju verður allt að vopni!“
- 1946** Maður hrapar í djúpa gjá í Aðaldalshrauni í Þingeyjarsýslu. Hann finnst eftir þrjá daga „heill og hress“.
- 1959** Togarinn Júlí frá Hafnarfirði ferst við Nýfundnaland og með honum þrjátíu manns.
- 1984** Iðnaðarbankaránið. Maður með lambhúshettu rænir á fjórða hundrað þúsund krónum í útibúi Iðnaðarbankans í Breiðholti að starfsfólki viðstöddu. Málið upplýsist ekki.



ÓPERUTÓNLEIKAR Óp-hópurinn er skipaður sjö söngvurum sem hafa haslað sér völl í íslensku tónlistarlífi. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

Óp-hópurinn í Salnum í kvöld

Óp-hópurinn verður með tónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld klukkan 18 þar sem flutt verða atriði úr þekktum óperum.

Hópurinn samanstendur af sjö söngvurum sem hafa haslað sér völl í íslensku tónlistarlífi með nærri tuttugu tónleikum á aðeins einu og hálfu ári. Á tónleikunum leitast hópurinn við að færa tónleikaformið eins nærri óperuforminu og auðið er með leikrænum flutningi atriða úr óperum.

Efnisskrá tónleikanna samanstendur af atriðum úr óperum eftir Mozart, atriðum úr Carmen eftir Bizet, Normu eftir Bellini, Spaðadrottningunni eftir Tsjaikovskij, La Favorita eftir Donizetti og úr Porgy og Bess eftir Gershwin.

Tónleikarnir hefjast eins og áður sagði klukkan 18 og standa í um það bil klukkustund án hlés.

Miðaverð er 1.500 krónur.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR - Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

50% afsláttur af legsteinum úr íslensku blágrýti

Sendum myndalista



MOSAİK Hamarshöfða 4 - 110 Rvk.
sími 587 1960 - www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST: 9. FEBRÚAR 1964

Bítlarnir hjá Ed Sullivan

Bítlarnir komu í fyrsta sinn fram í skemmti-þætti Eds Sullivan á CBS-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum hinn 9. febrúar 1964. Sjöttíu og þrjár milljónir áhorfenda fylgdust með þættinum, sem þá var met í bandarísku sjónvarpsáhorfi, og hefur hann síðan verið álitinn marka tímamót í sögu popptónlistar vestra sem upphaf bresku innrásarinnar í tónlist.

Áhorfendur í sjónvarpsal voru aðallega ungar stúlkur sem slepptu sér gjörsamlega,

veinuðu og grétu á meðan goðin fluttu lögin „All My Loving“, „Till There Was You“ og „She Loves You“. Nöfn þeirra birtust á skjánum með nærmyndum af andlitunum og Sullivan skaut að hinna frægu setningu: „Mér þykir það leitt stelpur, en hann er giftur“, þegar John var kynntur til sögunnar.

Seinna í þættinum komu Bítlarnir aftur á svið og fluttu þá lögin „I Saw Her Standing There“ og „I Want to Hold Your Hand“.

Heimild: wikipedia.org



VELKOMINN ÞORRI: DISKUR MEÐ NÝJUM ÍSLENSKUM ÞORRALÖGUM KEMUR ÚT Í DAG

Bóndadagshopp, vetrarvættur, bænir og grænmetisgikkir

Okkur hefur lengi fundist skorta tengingu við þessa einu alíslensku hefð og ákváðum að bæta úr því,“ segir Steinunn Þorvaldsdóttir, sem ásamt Ragnhildi Gísladóttur hefur sent frá sér geisladiskinn Þorralögin, sem inniheldur fjögur ný lög eftir Ragnhildi við texta Steinunnar. „Við sendum frá okkur bókina Velkominn Þorri í fyrria,“ segir Steinunn, „og nú kemur diskurinn sem við-bót við þorrastemninguna.“ Þær Steinunn og Ragnhildur ganga reyndar skrefinu lengra en flestir í þorra-fögnuðinum því þær hafa hannað ýmislegt þorraskraut sem þær skreyta hús sín með hátt og lágt. „Við vildum bjóða þorranum inn til okkar,“ segir Steinunn.

Lögin á diskunum eru fyrstu sérsömdu þorralögin sem vitað er um, því textar sem tengjast þorranum hafa yfirleitt verið samdir við alþekkt lög sem auðvelt er að fá fólk til að taka þátt í að syngja á þorralótum. Ragnhildur segir lögin á diskunum líka vera hugsuð til fjöldasöngs og þau séu þannig í laginu að flestallir ættu að geta sungið þau með smáæfingu. „Laglinan er einföld, ekki nema fjögur grip og ætti að vera auðvelt fyrir hvaða gítarleikara sem er að læra. Það er reyndar aðeins haldið í fimmundarhefðirnar gömlu og miðgið utan í íslensku þjóðlögum, en þessi fjögur lög eru mismunandi og reyna að fylgja efni textans í hverju lagi fyrir sig.“

Fyrsta lagið á diskunum ber heitið „Velkominn Þorri“ en það byggir á þeirri hefð sem tíðkaðist hér áður fyrr að húsfreyja færi út kvöldið fyrir bóndadag og biðlaði til þorra um að vera ekki of grimmur. Því næst er lag um hið stórskemmtilega og furðulega „Bóndadagshopp“ en sagan segir að húsbændur hafi haft þann sið að fara fyrstir á fætur að morgni fyrsta dags í þorra og hoppa kringum húsið í annarri buxnakálminni.

Þriðja lagið er óður til nútímaþorralóta þar sem farið er að bera á „grænmetisgikkjum“ og öðrum skringilegheitum á fyrri tíma mælikvarða. Að lokum er svo lagið „Þorinn er kominn“ þar sem vetrarvætturinn mætir á svæðið, en það tíðkaðist á þorralótum að einhver færi í gervi þorra og héldi haldgóða ræðu.

Textinn byggist á lýsingu sem þær stöllu fundu í þjóðhátadeild Þjóðminjasafnsins þar sem þorra-búningnum er lýst í smáatriðum.

Í bókinni Velkominn Þorri er að finna nótur og texta að tveimur laganna og Ragnhildur segist gera ráð fyrir því að hin lögin tvö verði aðgengileg fljótlega á sama formi, á netinu eða annars staðar.

Flytjendur ásamt Ragnhildi eru tónlistarmennirnir Sigurður Guðmundsson, Helgi Svavar Helgason, Ómar Guðjónsson, Davíð Þór Jónsson og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson. Ragnhildur segir aldrei að vita nema þau troði upp saman í tilefni útkomunnar, en það sé þó ekki frágengið. fridrikab@frettabladid.is



ÞORRAVINKONUR Ragnhildur Gísladóttir og Steinunn Þorvaldsdóttir eru miklar áhugamanneskjur um þorran og hafa hannað sérstakt þorraskraut til viðbótar við geisladisk og bók. FRETTABLAÐIÐ/VILHELM



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma

Aðalheiður

Samsonardóttir

Hofteigi 18 Reykjavík,

lést 4. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 14. febrúar kl. 15.00.

Hörður Sigurjónsson
Haraldur Heimir Harðarson
Samson Bjarnar Harðarson
Sigurjón Harðarson
og fjölskyldur



Móðursystir okkar og mágkona,

Þorbjörg Andrésdóttir

Bólstaðarhlíð 44,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir 31. janúar síðastliðinn, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. febrúar kl. 13.00.

Andrés Svavarsson
Kristín Svava Svavarsdóttir
Guðni Birgir Svavarsson
Rannveig Beiter
Svavar Guðnason
og fjölskyldur



Með fróðleik í fararnesti er yfirskrift reglulegra gönguferða sem Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands standa fyrir í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands. Næsta ferð er áætluð laugardaginn 12. febrúar en þá mun Pétur Ármannsson arkitekt leiða þátttakendur um miðbæinn til að skoða byggingar Guðjóns Samúelssonar. Ferðin hefst við Alþingishúsið klukkan 14.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Leðurskór. Svartir. Verð á par 14.990 kr.

California, með hrágúmmísóla. Til í svörtu og hvítu. Stærðir 35-46. Verð 12.990


Opið mán. - fim. kl. 11-17
fös. og lau. kl. 11-16

Verona sportskór. Til í svörtu og hvítu. Stærðir 36-42. Verð 7.900 kr.

Bonito ehf. Praxis,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Að svífa um heiðloftin blá yfir Himalajafjöllum er eftirlæti Hans Kristjáns Guðmundssonar.

Landslagið er ólýsanlegt




MYND/ÚR EINKASAFNI

Þetta var alveg súperferð," segir Hans Kristján Guðmundsson um för sína til Nepals nú í janúar með svífvænginn sinn. Þar var hann í þrjár vikur. „Það er vetur í Nepal, hitastigið 15-20 gráður yfir daginn en dettur niður undir frostmark á nóttunni. Ferðamátinn hjá mér gekk út á að fljúga af einu fjalli á annað með hjálp uppstreymisins, gista og halda áfram að kynna framandi slóðum," lýsir hann.

Hans Kristján rekur gistiheimilið Flying Viking á Ránargötu 10. Nafnið vísar að hluta til í áhugamálið, svífvængjaflug. „Maður þarf að vera svolítið lunkinn í að finna uppstreymi, fara eins hátt og maður getur og svífa á næsta stað. Kosturinn við svífvæng er sá að hægt er að pakka honum saman og hann vegur ekki nema 15-20 kíló," segir hann og kveðst hafa haft með sér mat, drykk, tjald og svefnpoka á ferðum

sínum um Himalajafjöllin. Ég flaug meðal annars 50 kílómetra hring sem yfirleitt er ekki floginn á þessum árstíma. Yfir tvo fjallgarða og til baka og var eitthvað um þrjá klukkutíma í þeirri ferð," lýsir hann og kveðst hafa komist upp í 4.500 metra hæð. „Landslagið er ólýsanlegt og náttúra og mannlíf heillandi enda er Nepal Mekka útivistarfólks og á kvöldin hitti ég ferðalanga hvaðanæva að úr heiminum.“ gun@frettabladid.is



Startaðu betur í vetur

TUDOR rafgeymirinn er hannaður til að lifa allan veturinn af. Forðastu óvæntar upptökur. TUDOR rafgeymar - betra start í allan vetur!



SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bildshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is



fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík, Selfossi og Barðanum Skútuvoði

Jeppadekk

-20%

afsláttur af jeppadekkjum!

Bremsuklossar

-15%

afsláttur af bremsuklossaskiptum

Smurþjónusta

1000 kr.

afsláttur af smuri!



Þjónustumiðstöð bílsins



Ekki er að efa að Tenerife er staður sem Íslendingar kunna vel að meta eins og Þorsteinn segir.

Eftirtektarvert

- Sala á ferðum í sólina fer einstaklega vel af stað hjá Úrvali Útsýn og mun meiri eftirspurn er eftir þeim í ár en í fyrra.
- Nýir áfangastaðir Úrvals Útsýnar á Spáni vekja athygli landsmanna. Annar þeirra er Almería í austurhluta Andalúsíu. Þar eru heimamenn í meirihluta og einnig meðal gesta svo sérkenni spænskrar menningar, hvít-kölkud hús, elskulegt fólk og seiðandi flamenco-tónlist einkenna staðinn.
- Annar nýr staður sem Úrval Útsýn er með ferðir til í sumar er Lloret de Mar á Costa Brava ströndinni. Aðeins tekur klukkustund að fara með lest þaðan beint á Römblluna í Barcelona svo auðvelt er að sameina sólar- og borgarferð.
- Tenerife er vinsælasti sólar-áfangastaðurinn hjá Úrvali Útsýn. Hitastigið á eyjunni er 28 til 32°C árið um kring.
- Apríl er yndislegur mánuður í Orlando á Flórída. Hitinn kringum 30 gráður og raka-stigið við hæfi Íslendinga. Pakkaferðir eru í boði þangað á vegum Úrvals Útsýnar.

Faldar og fjarlæggar perlur

Suðrænar strendur með sól og yl í bland við menningarborgir með ótal möguleikum til afþreyingar eru í boði á áfangastöðum Úrvals Útsýnar í ár. Stærsta ávaxtakista Evrópu og eini regnskógur álfunnar eru og innan seilingar.

Eftir að hafa komið landsmönnum á skíði í Alpna lítur Þorsteinn Guðjónsson, framkvæmdastjóri Úrvals Útsýnar, fram á vorið og sumarið og er inntur eftir nýjungum í ferðaframboði. Hann nefnir fyrst Orlando. „Það er svolítið nýtt fyrir Íslendinga að fá pakkaferð til Flórída. Þarna erum við með farar-



Þorsteinn er framkvæmdastjóri Úrvals Útsýnar.

þá mælum við með að fólk hafi bíl til að geta farið í búð að versla,“ lýsir hann.

Lloret de Mar er nýr áfangastaður hjá Úrvali Útsýn. Sá tilheyrir gullnu ströndinni Costa Brava við Barcelona. „Staðurinn er þægilegur, frekar lítill og þar eru engin

stjóra sem tekur á móti fólkinu á flugvöllinum og þaðan bjóðum við upp á akstur í gistinguna sem bæði getur verið á hótélum í miðbænum eða í húsum utan borgarinnar en risahótel,“ segir Þorsteinn. „Matargerðarlistin er í hávegum og óvída fyrirfinnst fleiri Michelin-staðir. Að hafa svo hina heillandi borg Barcelóna í bakgarðinum býður upp á mikla möguleika.“

Önnur nýjung er Almería á Spáni, „falda perlan við Miðjarðarhafið,“ eins og Þorsteinn orðar það. Ekki langt frá Costa del Sol. „Þetta er gríðarlega skemmtilegt svæði sem við bindum vonir við,“ segir hann og nefnir að ávaxta- og grænmetiskista Evrópu sé á svæðinu í kring.

Tenerife er staður sem Íslendingar kunna vel að meta að sögn Þorsteins. „Þarna er svo jöfn veðr-átta, hitinn kringum 30 gráðurnar

allt árið enda temprar golfstrauminn niður hitann á sumrin og hitar upp á veturna. Maturinn er góður og það er hellingur við að vera.“

Hæsta fjall Spánar með athyglisverðum þjóðgarði og eina regnskógi í Evrópu er meðal þess sem setur svip á Tenerife. „Þar er líka mikil afþreying fyrir alla fjölskylduna, vatnagarðar og fleira slíkt,“ segir Þorsteinn og heldur áfram. „Svo er gaman að kynnast andstæðum eyjanna. Lansarote er eldfjallaeyja með eintómum vikri en ekki tekur nema hálf tíma að fljúga yfir til Tenerife og þaðan eru bananar fluttir út. Bara að keyra hringinn í kringum Tenerife, sem er góð dagsferð, er frábær upplifun.“



Suður um höfin – að sólgylltri strönd.

Eitt stærsta og mikilfenglegasta skemmtiferðaskip heims!

Freedom of the Seas

SKEMMTISIGLING: AUSTUR-KARÍBAHAF OG FLÓRÍDA 9.-17. APRÍL

Áfangastaðir:

Port Canaveral, Florida – Bahamas – St. Thomas – St. Maarten – Port Canaveral, Florida

Nokkur sæti laus í þessa frábæru siglingu!

MEIRA Á urvalutsyn.is

Verð frá: **259.900 kr.** á mann m.v. 2 fullorðna.*

* Innifalið í verði ferðar. Flug til og frá Orlando. Gisting á The Florida Mall Hotel í Orlando með morgunverð í eina nótt. Skemmtisigling með fullu fæði og afþreyingu í 7 nætur. Þjófnefni um borð í skipinu. Allar ferðir milli flugvalla, hótels og skips



Royal Caribbean INTERNATIONAL



Ítalía hefur heillað skáld á öllum tímaseiðum. Tvö vinsæl bresk skáld upplifðu ferðir sínar þangað með afar ólíkum hætti á átjándu og nítjándu öldinni og færðu reynsluna í letur í tveimur afar ólíkum bókum.

Ólík sýn tveggja skálda á Ítalíu

Laurence Sterne og Charles Dickens fóru ólíkar leiðir við að tjá upplifun sína af Ítalíu.

Allt frá áttundu öld fyrir Krists burð hafa sögur af ferðalögum heillað og kitlað ímyndunaraflíð. Fjölmargir frægir rithöfundar hafa fært upplifun sína af fjarlægum löndum í letur, þar á meðal Laurence Sterne og Charles Dickens, sem nálgust Ítalíu hvor út frá sínu sjónarhorni og gáfu tóninn fyrir ferðabókmennta-skrif allt fram á þennan dag.

Orðabókarskýringin á ferðabókmenntum er að um sé að ræða skrif byggð á staðreyndum, sem þó líti lögmálum fagurbókmennta (það sem á ensku kallast creative non-fiction), og byggi yfirleitt á fyrstu persónu lýsingum höfundar á upplifunum af erlendum löndum og þjóðum. Sumir höfundar hafa þó brugðið á það ráð að skapa hliðarsjálfr sem þeir láta segja söguna og fjarlægja þannig sjálfa sig úr jöfnunni.

Einna frægust slíkra ferðasagna er bók enska rithöfundarins Laurence Sterne, *A Sentimental*

Journey Through France and Italy, sem út kom árið 1768, mánuði fyrir lát Sternes. Sagan segir frá ferðalagi Sternes um Frakkland og Ítalíu árið 1765, en í stað þess að nota eigið nafn skapar Sterne sögumanninn séra Yorick og þar sem söguefnið er aðallega ástarævintýri sérans á ferðalaginu er tilgangurinn með því að skapa þetta alter egó næsta ljós.

Sagan varð fádæma vinsæl og hafði mikil áhrif, svo mikil að nærri lætur að ferðasögur hafi verið ráðandi í bókaútgáfu á Englandi á seinni hluta átjándu aldarinnar.

Ólíkt því sem áður hafði tíðkast var persónuleg upplifun ferðamannsins í forgrunni, smekkur hans og álit á því sem fyrir augu og eyru bar, auk lýsinga á ævintýrunum sem hann tók sjálfur þátt í.

Charles Dickens ferðaðist líka um Frakkland og Ítalíu í nokkra mánuði árið 1844, ásamt fjölskyldu sinni. Ferðabók hans heitir *Pictures from Italy* og er í allt öðrum stíl en bók Sternes. Í augum Dickens er Ítalía „eins og kaótísk myndasýning“. Hann er heillaður af landinu, einkum fjölskrúðugu götulífinu og

um leið heillaður af hlutverki sínu sem áhorfandi sem ekki tekur beinan þátt í þeim atburðum sem hann lýsir.

Bók Dickens varð ekki síður vinsæl en bók Sternes og með þessum tveimur bókum má eiginlega segja að tóninn hafi verið gefinn fyrir skrif ferðabókmennta allt fram á daginn í dag. Enn skiptast ferðabækur að megninu til í lýsingar á eigin upplifunum og lýsingar á því sem fyrir augu ferðamannsins ber sem áhorfanda.

-fsb




Íslendingadagar í Vesturheimi

Ferð á merkustu hátíðir Íslendinga í Vesturheimi á vegum Þjóðræknisfélags Íslendinga og Vesturheims sf dagana **24. júlí-7. ágúst.**

Ferðatilhögun: Flug til Winnipeg sunnudaginn 24. júlí
Skoðunarferð um Nýja Ísland
Nýjung: Skoðunarferð um Íslendingaslóðir í vestanverðu Manitoba – farið um *Voga* og til *Reykjavíkur!*
Minnsta nýlenda Íslendinga í Norður Ameríku heimsótt
Hvað er Baldur í Manitoba?
Íslendingadagur í Mountain í Norður Dakota
Íslendingadagurinn á Gimli í Manitoba
Frjálsir dagar í Winnipeg – Gist í miðbænum á Delta Winnipeg
Ferðalýsing á www.vesturheimur.is




Nánari upplýsingar veitir Jónas Þór í síma 861-1046 eða jonas.thor1@gmail.com

Ferðir til Vesturheims

Ferðaskrifstofan Vesturheimur hefur síðustu fimm ár staðið fyrir öðruvísi og spennandi ferðum frá Íslandi til Kanada og Bandaríkjanna á slóðir íslensku vesturfaranna.

Vesturheimur var stofnað sumarið 2006 en eigandi þess er Jónas Þór sagnfræðingur sem hefur sérhæft sig í sögu vesturfaranna. Jónas segir áhuga á vesturferðum Íslendinga mikinn, eins konar vitundarvakning hafi orðið um þennan þátt Íslandssögunnar síðustu árin.

„Ferðirnar sem við stöndum fyrir snúast ekki síður um persónuleg tengsl en ferðalög og markmið ferðaskrifstofunnar er að efla tengsl Íslands og Íslendinga við afkomendur íslenskra vesturfara í Norður-Ameríku. Áhugi Íslendinga er mikill fyrir þessum ferðum og alltaf að aukast. Í sumar munu sex til sjö hundruð manns ferðast vestur á okkar vegum,“ segir Jónas.

Íslendingar taka því greinilega fegins hendi að hægt sé að kynna sér Íslendingaheiminn í vestri í skipulögðum ferðum og þess má geta að frá Egilsstöðum er einnig flogið beint á Íslendingadaga, þaðan munu um 200 manns fljúga í sumar.

Ferðir Vesturheims í sumar eru fjölbreyttar. „Nýlendur sértrúarhóps Amish-fólks verða heimsóttar í Minnesota og Iowa, svo og íslenska nýlendan í Minnesota sem stofnuð var 1875. Íslendingar í Vesturheimi reyndu mikið til að mynda einhvers konar séríslenska nýlendu, einangraða og afskekktu.



Jónas Þór, stofnandi Vesturferða, segir áhuga fyrir ferðum á slóðir Vestur-Íslendinga mikinn.

MYND/ÚR EURKASAFNI

Þetta gerðu þeir af þjóðræknislegum hugsjónum, ekki trúarhita. Amish-fólk, hins vegar, flúði ofsóknir í Evrópu, nam lönd víðs vegar í Norður-Ameríku og fékk þar frið. Íslendingar aðlöguðust norður-amerísku samfélagi smám saman en Amish-fólkið ekki.“

Þá er ferð fyrirhuguð á vesturströndina seint í ágúst. Flogið er til Seattle og þaðan ekið um Íslendingabyggðir í Washingtonríki, farið á dvalarheimilið Stafholt í Blaine. Áfram norður til Vancouver, upp í fjöllin í Whistler og út í Vancouver-eyju.

Stærsta ferð Vesturheims í sumar er hins vegar svokölluð Íslendingadagaferð þar sem tvær merkustu Íslendingahátíðir fyrir vestan verða heimsóttar, þjóðhátíð í Mountain í Norður-Dakota og Íslendingadagurinn í Gimli en þjóðmenningarhátíðir Íslendinga í Vesturheimi eiga rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1874.

Flogið er til Winnipeg og farið þaðan á ýmsa staði, til Gimli, Nýja-Íslands, Árborgar, Ahern, Reykjavíkur og fleiri en ferðin nýtur meðal annars sérstöðu því skoðunarferðir verða farnar um íslenskar sveitir í Manitoba á staði þar sem enginn íslenskur hópur hefur áður farið.

Meginmarkmið hverrar ferðar er að hitta fólk af íslenskum ættum og er ýmislegt gert til að stuðla að nánnum kynnum. „Íslendingar sem hafa ferðast til Vesturheims og hitt þar fyrir afkomendur vesturfaranna upplifa ótrúlega tryggð þessara afkomenda við Íslands og ræturnar. Maður finnur það þegar maður dvelur með þeim, snæðir kvöldmat eða annað slíkt, að það má ekki falla styggðaryrði um landið, þeim er sko alls ekki sama um gamla landið, og íslensku ferðamennirnir koma ekki samir heim og þeir fóru út, upplifunin er mjög sterk,“ segir Jónas.



Ferðaskrifstofan Vita verður með beint flug til eyjunnar Korfu í allt sumar, þar sem hægt er að njóta lífsins í sólinni.

Spennandi borgarferðir

Eftirfarandi borgarferðir verða í boði hjá Ferðaskrifstofunni VITA í vor.



Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra. Farnar verða tvær ferðir til Dublin á Írlandi: Páskaferð 21. til 25. apríl í fjórar nætur og þriggja náttu helgarferð 29. apríl til 2. maí.



Sevilla er höfuðborg Andalúsía á Suður-Spáni. Þróttmikil og lifandi borg með sjarmerandi göngugötum, tapas-börum, iðandi mannlífi og flottum verslunum. Farnar verða þrjár ferðir til Sevilla:

31. mars-4. apríl í 4 nætur
5.-8. maí í 3 nætur
6.-9. maí í 3 nætur

Auk þess býður VITA upp á vikulegt flug til Alicante frá 14. apríl til 6. október. Þaðan er stutt til Benidorm og Albir og býður VITA upp á fjölbreytt úrval af gistingu á því svæði.

Einnig er mikið framboð af golfferðum, æfinga- og keppnisferðum, göngu- og hjólaferðum auk ýmissa annarra sérferða. Má þar nefna ævintýralega ferð til Kína og Tíbet sem verður farin í september.



Gríska draumaeyjan Korfu

Fjölbreyttir og spennandi áfangastaðir einkenna það úrval sem er í boði hjá Ferðaskrifstofunni VITA fyrir komandi vor og sumar. Ber þar helst að nefna nýjasta sólaráfangastaðinn, grísku draumaeyjuna Korfu, en VITA verður með beint flug þangað í allt sumar.



Helgi Eysteinnsson hjá Ferðaskrifstofunni VITA segir ferðamenn upplifa skemmtilega blöndu af grískri og ítalskri stemningu á Korfu.

„Það hefur verið mikill vöxtur hjá okkur síðustu tvö ár og eftirspurn eftir ferðalögum er að aukast á ný. Við fundum fyrir miklum þrýstingi frá okkar viðskiptavinum um að bjóða upp á nýjan áfangastað næsta sumar og Korfu á Grikklandi er okkar svar við því,“ segir Helgi Eysteinnsson, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar VITA sem verður með beint flug til eyjunnar Korfu í allt sumar.

Korfu, sem liggur við mynni Adríahafsins og er með útsýni til meginlands Grikklands og Albaníu, hefur lengi verið vinsæll áfangastaður meðal ferðamann frá öðrum Norðurlöndum en það er ekki fyrir

en nú sem Íslendingum gefst kostur á að sækja eyjuna heim.

„Það hefur verið ákveðið tómarúm á markaðnum eftir að ferðaskrifstofur hættu að vera með beint flug til Krítar. Veðurfar og andrúmsloftið á Korfu svipar mikið til Krítar en munurinn felst einkum í menningarþættinum,

þar sem ferðamenn á Korfu upplifa skemmtilega blöndu af grískri og ítalskri stemningu,“ útskýrir Helgi.

Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á þessari grísku draumaeyju að hans sögn. Korfu iðar af mannlífi allt sumarið og fjölbreytt afþreying er í boði. Til að

mynda er hægt að stunda köfun við strendurnar og annað sjósport, enda hafið hreint og tært. Þá eru víða litlar, skemmtilegar bryggjur lagðar út í víkur og flóa, þar sem hægt er að njóta þess að sitja í sólinni.

Þá er í boði skemmtanalíf fyrir alla aldurshópa. Sem dæmi finnst ungu fólki á öllum aldri gaman að heimsækja vatnagarðinn Aqualand meðan fullorðnir gætu notið þess að bregða sér út á lífið, en á Korfu eru fjölmargir barir, klúbbar og diskótek.

Loks má nefna að hægt er upplifa blöndu af grískri og ítalskri stemningu í höfuðborginni Kerkýra, nefnd Corfu Town á ensku. Hún hefur á sér meiri heimsborgarbrag en gerist í öðrum bæjum á eyinni, þar sem finna má sögufrægar byggingar, kaffihús, veitingastaði og sjarmerandi þröngar göngugötur.

Fyrsta brottför er 28. maí og flogið verður á tíu til ellefu daga fresti fram að 1. október. Flogið verður í beinu leiguflogi í flugvélum frá Ícelandair.

Heillandi hafnarbær

Bodrum er lítil og heillandi hafnarbær við Eyjahafið í vesturhluta Tyrklands sem hefur slegið í gegn sem áfangastaður síðustu ár. Ferðaskrifstofan Vita verður með beint flug þangað með Ícelandair í sumar frá 21. maí og til 27. september á þessu ári.

Bodrum er meðal annars þekkt fyrir fallega höfn, sem segja má að sé lífæð bæjarins, en þar eru fjölmörg kaffihús og veitingastaðir, þar sem ljúffengur matur er í boði, og spennandi verslanir, en hinn glæsilegi St. Péturskastali gnæfir yfir öllu saman.

Þá er hægt að sóla sig á fögrum baðströndum, upplifa náttúruna í gegnum einstakt landslag eða heimsækjandi nærliggjandi smábæi og hafnarsvæði, í aðeins nokkurra mínútna akstursfjarlægð. Þar má upplifa raunverulegan menningarheim Vestur-Tyrkja, upplifa lífshætti þeirra og dagleg störf. Þeir sem vilja kynna sér enn betur menninguna á Bodrum-skaganum geta heimsoftt sögufræga staði á borð við graphýsið í Halikarnassus og Efesus og Didyma, sem eru merkar borgarrústir.



Hægt er að gera ýmislegt sér til dundurs í Bodrum, meðal annars sóla sig á baðströndum og upplifa einstaka náttúru.

Tíu nytsamleg ráð fyrir ferðalanga

Mikilvægt er að vera vel undirbúinn áður en lagt er af stað í ferðalag. Eftirfarandi ráð er gott að hafa á bak við eyrað.

1. Drekkstu nóg af vatni, fyrir og meðan á flugi stendur. Það er ekki aðeins gott fyrir húðina heldur flytur súrefni til heilans. Drekkstu hins vegar í hófi eða forðastu áfengi og kaffi, te og aðra drykki sem innihalda koffín þar sem þeir valda vökvatapi.

2. Notaðu tækifærið fyrir flug og hreyfðu þig, til dæmis með því að ganga um flugstöðina. Endurtaktu leikinn eftir flug meðan þú ert að bíða eftir farangrinum. Í flugi, sérstaklega löngu flugi, er gott að gera léttar teygjuæfingar sem auka blóðstreymi um fætur og fótleggji.

3. Sofðu vel, bæði fyrir og í flugi. Þannig dregurðu talsvert úr líkum á flugþreytu, sem er meðal annars talin geta valdið svefntruflunum,

Mælt er með því að drekka vatn en forðast vatnslosandi drykki.



skapsveiflum, pirringi og melt-ingartruflunum. Góð hvíld er líka ávísun á heilbrigðara útlit.

4. Berðu á þig sólarvörn fyrir flug. Ekki dregur úr skaðlegum áhrifum útfjólublárra geisla sólarinnar í flugi og sérstaklega eru þeir sem sitja við glugga í hættu.

5. Vertu í þægilegum ferðafatnaði, til dæmis jogginggalla, og skóm sem ekki þrængja að, þar sem viðbúið er þjúgmyndun verði meðan á flugi stendur. Athugaðu að sérstakir flug- eða stuðningssokkar draga úr þjúg sem getur myndast á löngum flugferðum.

6. Loftið um borð í flugvéllum getur orðið þurr og því er heillaráð fyrir þá sem nota linsur að fjarlægja þær og nota augndropa ef augun eru þurr.

7. Hafðu meðferðis flugkodda í löngu flugi, þeir koma í veg fyrir að höfuðið falli of mikið fram eða til hliðar og draga þannig úr álagi á háls og hryggjarsúlu.

8. Varastu að borða þungar máltíðir í flugi



Góður lúr getur gert kraftaverk.

og einnig skömmu eftir langt flug. Fari flugvélamatur illa í þig geturðu alltaf tekið með nesti. Grænmetisætur geta pantað sérstakt fæði fyrir flug, en það þarf yfirleitt að gera með ákveðnum fyrirvara.

9. Ef þú ert barnshafandi, nýkomin(n) úr skurðaðgerð, átt við heilsuþrest að stríða eða tekur lyf að staðaldri ættirðu að ráðfæra þig við lækni áður en lagt er af stað í ferðalag. Við þetta má svo bæta að stundum þarf að láta bólusetja sig með góðum fyrirvara fyrir ferðalög, til dæmis ef leiðin liggur til suðlægra landa þar sem ýmsir smitsjúkdómar eru landlægir.



Góður undirbúningur er grunnur að velheppnuðu ferðalagi. NORDICPHOTOS/GETTY

10. Ef þú þjáist af flughræðslu er ágætt að leita sér faghjálpar til dæmis með því að sækja námskeið gegn flughræðslu. Til að fyrirbyggja kvíða er gott að vera búinn að panta sæti með fyrirvara, mæta tímanlega í flugstöð, láta starfsfólk um borð vita af flughræðslunni og reyna að slaka á í flugi, til dæmis með því að hugleiða, lesa, ráða krossgátur eða gera annað sem dreifir hugarum.



Sólarvörn er gott að bera á sig fyrir flug.

Borgarferðir

Borgarferðir Express ferða

<p>Vor í Varsjár og Kraká <i>16.-23 apríl</i> Fararstjóri: Óttar Guðmundsson</p>	<p>Verð á mann í tvíbýli 129.800 kr. Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 7 nætur ásamt morgunverði, akstur til og frá flugvelli og akstur á milli Varsjár og Krakár. Íslensk fararstjórn.</p>
<p>Páskar í Berlín <i>18.-25. apríl</i> Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir</p>	<p>Verð á mann í tvíbýli 123.800 kr. Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 7 nætur á 4* hóteli ásamt ríkulegu morgunverðarhlaðborði og páskamáltíð. Íslensk fararstjórn.</p>
<p>Páskar í Brighton <i>21.-25. apríl</i></p>	<p>Verð á mann í tvíbýli 98.900 kr. Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 4 nætur á 4* hóteli ásamt ríkulegu morgunverðarhlaðborði.</p>
<p>New York með Heru og Siggú Kling <i>29. apríl-2. maí</i> Fararstjórn: Hera Björk og Sigríður Klingenberg</p>	<p>Verð frá 89.600 kr. Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 3 nætur á 4* íbúðahóteli og íslensk fararstjórn.</p>

Nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Lilja Hilmarsdóttir segir margar spennandi ferðir fram undan hjá Expressferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Express ferðir

Borgarferðir

Fróðlegar Expressferðir

Ferðaskrifstofan Expressferðir sem er í eigu Iceland express, er þekkt fyrir skipulagðar ferðir undir leiðsögn þaukunnugra fararstjóra. Lilja Hilmarsdóttir veitir Expressferðum forstöðu en hún hefur sjálf góða reynslu af fararstjórn. Hún var innt eftir því hvað bæri hæst hjá Expressferðum um þessar mundir.

„Menningarferðir Expressferða eru fyrir löngu orðnar þjóðþekktar. Þar má nefna fjölbreyttar tónleika- og óperuferðir sem og leikhúsferðir til Berlínar, London og Kaupmannahafnar meðal annars í samvinnu við Wagnerfélagið, Leikfélag Akureyrar og Borgarleikhúsið,“ segir Lilja. Hún bætir við að Expressferðir bjóði upp á sérlega spennandi ferðir í vor.

„Þar má nefna golf ferðir til

Bonalba og LaSella í Alicante þar sem finna má frábæra golfvelli. Enn eru nokkur sæti laus í vorferðirnar, og verðið eins og best verður á kostið,“ segir Lilja. Áhugaverðar páskaferðir verða líka í boði, meðal annars til Berlínar, Brighton og Varsjár/Krakár. „Berlínarferðirnar okkar eru mjög vinsælar,“ segir Lilja, sem stýrir páskaferðinni í apríl. „Þá verður komið vor í Berlín. Við skoðum borgina, förum í dagsferð til Dresden og bjóðum fólki að fara á tónleika og í páskamessu í dómkirkjunni.“

Lilja segir ferðina til Brighton einnig áhugaverða. Borgin minni um margt á suður-evrópska borg sem stendur við dásamlega strönd. „Þar iðar allt af mannlífi kvölds og morgna og listamenn

eru áberandi í nokkrum hverfum borgarinnar.“

Lilja segir einnig páskaferðina til Varsjár og Krakár áhugaverða. „Enda farið á merkilega staði undir afburða leiðsögn Óttars Guðmundssonar lækis.“ Hún minnir að lokum á gríðarlegt úrval af borgar- og sérferðum allt árið um kring. „Til dæmis verðum við með skemmtilega ferð til New York í lok apríl með Heru og Siggú Kling,“ segir Lilja. Í tilkynningu um ferðina segir að þær stöllur muni leiða ferðalanga berleggjaðar í blíðunni, skoða mannlífið, klappa buddunni í búðunum, kýla vömbina af mat og drykk, taka lagið með gospelkór og margt fleira skemmtilegt.

Nánari upplýsingar er að finna á www.expressferdir.is.

Mesti ferðatími ársins í Kína

Kínverjar fögnuðu nýju ári hinn 3. febrúar en kínverska nýárið ber upp á ólíkum degi ár hvert, þó ávallt á tímabilinu 21. janúar til 20. febrúar.

Nýárstíminn er mesti ferðamannatími ársins í Kína enda nota milljónir manna fríið til að fara og heimsækja ættingja og vini. Oft er um farandverkamenn að ræða sem vinna fjarri heimkynnum sínum og

hitta fjölskyldur sínar aðeins einu sinni á ári. Gert er ráð fyrir því að yfir tvö hundruð milljónir farþega muni nýta sér lestarsamgöngur í kringum nýárið og fram undir miðjan mars og eru jafnvel dæmi um að fólk þurfi að bíða dögum saman eftir fari.

Í ár er ár kaninunnar samkvæmt kínverska tímatalinu og tekur það við af ári tígris-

dýrsins sem var í fyrra. Öfugt við tígrisdýrið boðar kanínan rólegheit og þægindi. Samkvæmt kínverskri speki er þó sagt að tígurinn elti kanínuna inn í árið og að eitthvað af því ófyrirsjáanlega sem fylgi tígrisdýrinu fylgi inn í ár kanínnar.

Kanínuár boða þó þvert á tígurar rólega, skapandi og jákvæða tíma.



Ferðamannastraumurinn hófst fyrir alvöru í lok síðasta mánaðar og víða þarf fólk að bíða í löngum röðum til að geta keypt sér lestarmiða.

Vísar veginn á bestu kránnar

Þegar áfangastaður hefur verið valinn og flugmiðinn er í höfn taka margir næsta skref og verða sér úti um ferðahandbók sem tekur til

alls sem máli skiptir á staðnum þangað sem ferðinni er heitið.

Hefðbundnar ferðahandbækur fara yfir sögu staðarins, segja frá

helstu kennileitum og tína til ólík hótél og veitingastaði. Þó eru til sértækari bækur og mætti nefna handbókina *Watching the English – The hidden rules of English behaviour* eftir Kate Fox sem gæti komið sér vel ef ætlunin er að dvelja lengi á meðal Bretum, enda eru þeir þekktir fyrir allt aðrar kurteisvenjur en við Íslendingar. Þá nýtur bókin *The Good Pub Guide 2011* sérstakra vinsælda og þykir ekki slæmt að fá krána sína skráða í hana enda næsta víst að ferðalangar noti hana til að vísa veginn. Á amazon.com er svo að finna ógrynni ferðabóka sem taka til flestra heimshorna.

Höfuð, herðar, hné og tær

Á löngum flugferðum er nauðsynlegt að reyna að hreyfa sig, jafnvel þótt plássíð sé af skornum skammti enda eru dæmi um að fólk með háan blóðþrýsting og önnur heilsufarsvandamál lendi í vandræðum ef það situr hreyfingarlaust í sætum sínum svo tímunum skipti. Hér eru nokkur ráð:

- Kreistið bolta eða sokkpar í lófunum þar til þið finnið fyrir þreytu í höndunum.
- Lyftið fótunum upp og snúið ökkulunum í nokkra hringi.
- Setjið hælana í gólf og krepptið fæturna í átt að sköflungnum. Endurtakið nokkrum sinnum.
- Setjið hendurnar á stólarminn, lyftið lærunum upp úr sætinu nokkrum sinnum.
- Teygið á og liðkið hálsinn. Hallið höfðinu til beggja hliða, aftur á bak og áfram og í hring.
- Lyftið öxlum upp að eyrum og slakið á. Endurtakið nokkrum sinnum.
- Teygið hendurnar fram. Krossleggjið fingur og teygið eins langt fram og mögulegt er.

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

flugrútan

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Áætlun Flugrúttunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Gildir frá 31. október 2010 til 26. mars 2011.

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sun.
04:40	04:40	04:40	04:40	04:40	04:40	04:40
05:00	05:00	05:00	05:00	05:00	05:00	05:00
05:20	05:20	05:20	05:20	05:20	05:20	05:20
05:40	05:40	05:40	05:40	05:40	05:40	05:40
---	---	---	---	---	---	---
06:30	06:30	06:30	06:30	06:30	---	---
---	---	---	---	---	---	---
10:30	---	10:30	---	10:30	---	---
---	---	---	---	---	---	---
11:30	11:30	11:30	11:30	11:30	11:30	11:30
12:00	12:00	12:00	12:00	12:00	12:00	12:00
13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00
14:00	14:00	14:00	14:00	14:00	14:00	14:00
14:30	14:30	14:30	14:30	14:30	14:30	14:30

Alltaf laus sæti www.flugrutan.is



Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
580 5400
main@re.is • www.re.is

Bókaðu núna á www.flugrutan.is

Bókaðu núna í síma 580 5450

Grafhýsi gullaldarkonunga

Pýramídar hafa fundist víða um heim. Meðal annars í Mið- og Suður-Ameríku, Súdan, Eþíopíu, Grikklandi, Kýpur, Ítalíu, Indlandi, Taílandi og á nokkrum eyjum í Kyrrahafi.

Þekktastir eru pýramíðarnir í Egyptalandi en þeirra frægastir eru pýramíðarnir í Giza í norðurhluta landsins.

Keops (Khufu)-pýramíðinn í Giza, oft kallaður pýramíðinn mikli, er stærsti pýramíði heims. Hann var eitt af upphaflegum sjö undrum veraldar og það eina sem enn stendur.

Stóru pýramíðarnir þrír í Giza; Keops, Kefren og Mýkerínos, eru kenndir við þá faraóa sem létu reisa þá. Þeir tilheyrðu fjórðu konungssættinni sem ríkti á árunum 2575 til 2465 f. Kr.

Talið er að um 20 til 30 þúsund menn hafi byggt pýramíðana við Giza á áttatíu ára tímabili.

Keops-pýramíðinn var 146,5 m hár og hliðar hans 230 m langar. Í dag er hæð hans aðeins 137 metrar en ræningjar hafa í gegnum tíðina stolið fínum ljósum kalksteinum sem pýramíðinn var klæddur með. Þeir steinar voru meðal annars notaðir til að byggja hús og moskur í Kaíró.

Í pýramíðanum, sem byggður er nánast eingöngu úr gulum kalksteinum, eru um 1,3 milljónir stein-



Stóru pýramíðarnir þrír í Giza; Keops, Kefren og Mýkerínos, eru kenndir við þá faraóa sem létu reisa þá.



Þekktastir eru pýramíðarnir í Egyptalandi.



Elsta og þekktasta dæmið um sfinx er stytta í Giza í Egyptalandi sem var reist á tímum Khafre konungs (um 2575-2465 fyrir Krist).



Pýramíða er að finna víðs vegar um heim, meðal annars í Suður-Ameríku.

NORDICPHOTOS/GETTY

blokka sem vega frá 2,5 tonnum upp í 15 tonn.

Keops-pýramíðinn er enn hæstur allra pýramíða. Umfangsmestur er þó pýramíðinn í Cholula í Mexíkó.

Árið 2008 höfðu 138 pýramíðar fundist í Egyptalandi. Mun fleiri pýramíða er þó að finna í Súdan, en þar eru þeir 220 talsins.

Keops-pýramíðinn var hæsta

bygging heims allt þar til árið 1311 þegar dómkirkjan í Lincoln á Englandi var reist.

Elstu pýramíða Egyptalands er að finna í Saqqara en Djoser-pýramíðinn er elstur, byggður 2630-2611 f.kr.

Lengi var haldið að þrælur hefðu byggt pýramíðana. Nú er talið að verkamennirnir hafi verið Egyptar og að stór þorp hafi

myndast í kringum byggingarframkvæmdirnar. Fornleifauppgröftur hefur sýnt að í þorpunum voru bakarar, slátrarar, bruggarar, hús, kirkjugarðar og jafnvel heilsugæsla enda eru dæmi þess að fólk lifði það af að missa útlím.

Heimild: wikipedia.org, Visindavefur.is og nationalgeographic.com

Nýtt á ferdir.is

- **Vötn og viski** ... fimm daga ferð í maí um Norður-England og Skotland
- **Fjallavötn og fagar stendur** ... vikufærð um Norður Ítalíu í júní. Farið m.a. til Como, Asti, Genúa og Cinque Terre
- **Blúndur, bjór og súkkulaði** ... helgarferð til Brussel og Brügge í ágúst
- **Vígvellir, Calvados, Normannar og fagar borgir** ... sex daga ferð til Normandí í ágúst
- **Rómantíska Rín** ... fimm daga ferð í ágúst. Siglt frá Koblenz til Strassborgar gist um borð í fljótaskipi.
- **Hvítabirnir, sauðnaut, rostungar og rjúpur** ... ævintýrasigling til Grænlands í september
- **Hallir, kastalar, sveitaþorp og borgir** ... fimm daga ferð um Suður-England í september
- **Frankenvín og fornir bæir** ... helgarferð til Würzburgar í október

Leitið nánari upplýsinga á heimasíðu okkar

www.ferdir.is



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónssonar ehf.
Borgartún 34, 105 Reykjavík Sími: 511-1515, Fax: 511-1511
Netfang: outgoing@gjtravel.is, vefang: www.gjtravel.is



Áhersla á menningarferðir

Guðmundur Jónasson ehf. er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki. Nýverið fór í loftið ný heimasíða, ferdir.is, þar sem er að finna ferðir bæði innanlands og utan.

„Á vefsíðunni er fjölbreytt úrval ferða og þangað munum við tína reglulega inn nýjungar, eitt-hvað fyrir alla,“ segir Emil Örn Kristjánsson, deildarstjóri utanlandsdeildar. Fyrirtækið Guðmund Jónasson þekkjast flestir sem hópferðabíla enda hóf fyrirtækið starfsemi sína sem slíkt. Fyrirtækið hefur þó í mörg ár skipulagt utanlandsferðir fyrir hópa, eins og starfsmannafélög, kvenfélög og klúbba og býður alhliða ferðaþjónustu á opnum markaði.

„Við teljum okkur hafa góða reynslu af skipulagningu ferða og viljum bjóða fleirum að njóta ferða með okkur,“ segir Emil Örn og ítrekar að áhersla sé lögð á vandaðar ferðir þar sem gestir fá sem mest fyrir aurinn.

„Það einkennir ferðir hjá okkur að vel er haldið utan um hópinn. Íslensk fararstjórn er í öllum ferðum og mikið við að vera fyrir ferðafólk. Við leggjum áherslu á menningartengdar ferðir og einnig útivistarferðir og að fólk kynnist því svæði sem heimsótt er og sögu þess. Ferðirnar eru almennt hannaðar þannig að sem flestir geti notið þeirra óháð aldri eða atgervi. Í vor verður til dæmis farið til Norður-Englands og Skotlands þar sem meðal annars verður lagt nokkuð upp úr því að kynna frægustu framleiðsluafurð Skota, viskí og auk þess sögu og sérkennum



Ferðaþjónustufyrirtækið Guðmundur Jónasson býður fjölbreytt úrval ferða bæði innanlands og utan.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

landanna. Einnig er ferð til Würzburg í Þýskalandi, þar sem einnig verður farið til Rothenborgar og um vínreктarhéraðið Franken og smakkað á vínframleiðslunni þar, og til Normandí í Frakklandi þar sem litið verður yfir vígvelli seinni heimsstyrjaldar og smakkað á ostum og eplavíni héraðsins.

Þá er yfirgripsmikil ferð til Suður-Englands ein af vinsælustu ferðunum hjá okkur. Einnig bjóðum við mjög vandaða ferð til Norður-Ítalíu á slóðir sem ekki hefur verið farið mikið á áður, svo sem um Como-vatn, Tórínó, vínreктarhéraðið Asti, Genúa og Cinque Terre.“

Ævintýrasigling til Grænlands er einnig ein af nýjungum fyrirtækisins. Þá verður siglt með 80 manns á skipi í nýu daga og tekið

land á Grænlandi í gúmmíbátum. Grænlandsferðin er ekki eina siglingin sem í boði er en með Guðmundi Jónassyni má einnig fara í fimm daga Rínarferð þar sem meðal annars er siglt upp eftir Rínarfljóti í þrjá daga og búið um borð í fljótaskipi.

Það hefur því mikið vatn runnið til sjávar frá því að Guðmundur Jónasson fór fyrstu rútuferðina með ferðamenn inn á hálendið.

„Guðmundur Jónasson var frumkvöðull á sínum tíma í ferðaþjónustu á Íslandi og við rekum ennþá öflugan innanlandsdeild. Við eigum nýttiskulegan og stóran rútuflota fyrir allar stærðir af hópum og við tökum að okkur að skipuleggja lengri og skemmri ferðir bæði innanlands og utan fyrir minni og stærri hópa.“

Veröldin skoðuð upp á nýtt

Himinfley Icelandair stefna nú til fimm nýrra áfangastaða, sem eykur enn möguleika fólks til að skoða jörð sína betur, víðar og nær.

1 BILLUND Á JÓTLANDI – SVO MIKLU MEIRA EN LEGOLAND

Loks er hægt að fljúga beint til Billund þaðan sem stutt er til allra átta hvort sem ferðinni er heitið um nærsveitir, nágrenna-borgirnar Árósa eða Álaborg, eða suður til Þýskalands og annarra lokkandi áfanga-staða á meginlandi Evrópu.

Billund er frábær fjölskyldustaður miðsvæðis á Jótlandi, rétt vestur af Horsens og Vejle og norðaustur af Esbjerg. Saga bæjarins er samofin litríkum Legokubbum sem einmitt eru framleiddir í Billund og þar er ævintýraheimurinn Legoland sem nú er orðinn einhver kunnasti skemmtigarður Dana.

En þótt flestir ætli sér að halda áfram ferðalaginu frá Billund verður enginn ósvikinn af heimsókn um hlýlegar sveitir og nágrenna-bæi sem fela í sér ógleymanleg ævintýri á danska vísu. Þar má nefna skemmtigarðinn Lalandia, safnið Karensminde, víkingaminjar í Jelling, höggmyndagarðinn og fúksúgarðinn í Billund. Á þessum slóðum og kringum bæina Vejle, Horsens og Esbjerg eru einnig fjölmargir afbragðs golfvöllir.

Icelandair flýgur þrisvar í viku til Billund, á mánudögum, miðvikudögum og laugardögum frá 1. júní til 12. september.

2 HAMBORG Í ÞÝSKALANDI – OPIN, ÖNNUM KAFIN OG GRÆN

Hamborg er kraftmikil stórborg, sú næsttærsta í Þýskalandi, með 1,8 milljónir íbúa. Hún stendur á bökkum Saxelfar, um 100 kílómetra frá sjó og er stærsta hafnarborg Þjóðverja og önnur stærsta hafnarborg Evrópu. En þótt Hamborg sé mikil viðskipta- og iðnaðarborg er hún grænni en aðrar þýskar borgir og fræg fyrir fallega garða sína, opin svæði, stöðuvötn, ár og bátaskurði, en í Hamborg eru 2.300 brýr – miklum mun fleiri en í Amsterdam eða Fenejum.

Í Hamborg gefst tækifæri til lífsins lystisemda, menningar og lista, sögu og samtíma, og þýskra gæða í mat og drykk, en krár og kaffihús eru á hverju strái í miðbæ Hamborgar þar sem kynnast má matreiðslu 40 þjóða á fleiri en 2.000 veitingastöðum. Gera má kostakaup í freistandi verslunargötum og vöruhúsum Hamborgar, og þótt borgin sé víðkunn fyrir leikhús, söngleiki og óperur dunar þar líka djass og popp, svo ekki sé talað um klassík og sínfóníuhljómsveitirnar þrjár.

Hamborg á sér langa sögu sem kynnast má í sögusafni borgarinnar eða á rölti um elsta hluta hennar, með skoðunarsiglingu um höfnina og um Alster-vatn í miðri borg. Listunnendur fá mikið fyrir sinn snúð í Hamburger Kunsthalle sem er eitt besta safn evrópskar myndlistar frá miðöldum til okkar daga, en aðrir skoða grös og blóm í Planten en Blomen eða líta inn í víðfrægan dýragarð borgarinnar. Næturliðið er svo kapituli út af fyrir sig og hægt að komast í tæri við hömlulausa afþreyingu og ögrandi skemmtun af öllu tagi í Hamborg. Borgin er jafnframt kjörin upphafsreitir fyrir lengri ferðalög um Þýskaland.

Icelandair flýgur tvisvar í viku til Hamborgar á þriðjudögum og föstudögum 3. júní til 9. september.

3 WASHINGTON D.C. – HÖFUÐBORG BANDARÍKJANNA

Washington er ein af merkilegustu borgum veraldar með fjölda sögufrægra staða og óendanlega marga viðburði. Þar er ljúft að ganga um söguslóðir í Georgetown og njóta lífsins á börum og veitingahúsum á árbakkanum. Helstu söfn, minnismerki og



1 Það eru undur og stórmerki hvað hægt er að byggja úr Legokubbum, eins og sjá má á þessari mynd úr Legoland í Billund.



2 Það kemur eflaust mörgum á óvart hversu græn og falleg Hamborg er, en þar er dásæmd að njóta lífsins.



3 Tignarleg bygging Hæstaréttar í Washington D.C. er meðal marga spennandi viðkomustaða í höfuðborg Bandaríkjana.



4 Lífið er afslappað og skemmtilegt í Gautaborg.



5 Tær sjór, silkimjúkur sandur og glaða sólskin gerir strandlíf og spænska menningarupplifun við Alicante að paradís.

veitingastaðir eru á tiltölulega litlu svæði og því hægt að slaka á í áhyggjulausu frii.

Í Washington skynjar fólk betur undiröllu þess frelsis, lýðræðis og valds sem er samofið nafni Bandaríkjana, og enginn verður ósnortinn við að skoða Washington-minnismerkið, Hvíta húsið, Þinghúsið, styttuna af Abraham Lincoln og Thomas Jefferson og Víetnamvegginn, því alls staðar ríkir sterk tilfinning fyrir sögunni í fortíð og nútíð.

Í Washington er sjaldgæft úrval safna í heimsklassa og frægar stofnanir eins og National Museum of Natural History og National Gallery of Art. Þá eru víða áhuga-verðar verslanir með frægum merkjum sem og minna þekktum og framúrskarandi veitingastaðir um alla borg.

Frá Washington D.C. er greiður aðgangur að allri austurströnd Bandaríkjana og ómissandi að skjótast í upplifandi heimsókn til sérstæðs samfélags Amish-fólksins í Lancaster-sýslu.

Icelandair flýgur allt að fimm sinnum í viku til Washington frá 17. maí til 13. september, það er alla daga nema mánudaga.

4 GAUTABORG Í SVÍPJÓÐ – AKKÚRAT MÁTU-LEGA STÓR

Gautaborg er hin fullkomna helgarferðaborg, með frábærum verslunum, tónleikum, íþróttaviðburðum og góðum veitingastöðum. Möguleikarnir eru endalausir og næstum allt í göngufæri þótt borgin sé sú næsttærsta í Svíþjóð.

Í Gautaborg er urmull sætra kaffihúsa því vinsælt er að „ta en fika“ eða fá sér kaffi og kruður í á góðu kaffihúsi. Gautaborg er líka draumastaður barnafólks enda nóg

● NOTALEGAR STAÐREYNDIR UM ICELANDAIR

- Icelandair hefur ár eftir ár vermt topplista yfir stundvísustu flugfélög Evrópu.
- Sætisbil í flugvélu Icelandair er það mesta meðal íslenskra flugfélaga og ferðaskrifstofa, alls 32 tommur.
- Í öllum vélum Icelandair eru sjónvarps-skjár í baki farþegasæta sem geyma yfir 150 klukkustundir af afþreyingu; þar á meðal úrval barnaefnis á íslensku, íslenskar kvikmyndir og sjónvarpsþætti, og erlendrar stórmyndir sem sýndar eru um borð á svipuðum tíma og þær eru frumsýndar í kvikmyndahúsum.

að gera. Tívolíð Liseberg er einn af vinsælli stöðum Svíaveldis, sem og raunvísindasafnið Universum með regnskógum, fuglum, fiskum, hákörlum og eitruðustu skepnu í heimi. Um síki Gautaborgar siglir svo paddan, sem eru bátar sem bjóða upp á frábæra leið til að kynnast borginni. Stutt er í hafið eða næsta stöðuvatn og skerjagarðurinn einstakur þar sem alls staðar má finna kletta til að stinga sér frá eða stendur til að leika sér við.

Sumrin í Gautaborg eru yndisleg og sólrík, og borgin með sína eigin menningu og mállýsku.

Icelandair flýgur tvisvar í viku til Gautaborgar á mánudögum og föstudögum frá 24. júní til 15. ágúst.

5 ALICANTE Á SPÁNI – SÓLARSTRENDUR OG DEKURLÍF

Alicante á suðausturströnd Spánar, Costa Blanca, er paradís sóldýrkenda sem elska volga og mjúka sandströnd með blátærum öldum í flæðarmálinu. Þar ríkir spænsk menning og iðandi fjör, og unun að snæða ljúffengan mat í hlýju kvöldrökkri undir suðrænum næturhimni.

Í Alicante má finna allt sem hugurinn girnist: úrvalshótel, frábæra veitingastaði og magnað næturlíf. Þekktasta baðströndin á Costa Blanca er Playa de San Juan, sjö kílómetrar af fínkorna, gulum sandi, tandurhreini og freistandi, en fyrir ofan ströndina raða sér veitingastaðir, hótél, verslanir, tómstundagarðar og golfvöllur.

Alicante er ævaforin hafnarborg og auðkennistákn hennar er kastalinn Castillo de Santa Barbara. Meðal annarra áhugaverðra staða er kirkja heilagrar Maríu, garðarnir El Palmeral og El Ereta, fornleifasafnið Museo Arqueológico Provincial og Coleccio Capa sem er stærsta safn nútímaskúlpúra á Spáni.

Af styttri ferðum frá Alicante má benda á siglingu til sjóræningjaeyjanna Tabarca og Cuevas del Canelobre þar sem eru hæstu hellahverfingar á Spáni.

Unaðslegir veitingastaðir eru í Alicante og spænsk matreiðsla að sjálfsögðu í hávegum höfð. Þá er gaman að versla í smáverzlunum, vöruhúsum og á markaðnum Avenida Alfonso el Sabio.

Icelandair flýgur einu sinni í viku til Alicante, á fimmtudögum frá 14. apríl til 30. júní, og 15. september til 13. október og svo á miðvikudögum frá 6. júlí til 7. september.

FRYSTIKISTUVÍKA

25% AFSLÁTTUR

AÐEINS ÞESSA VIKU



VESTFROST



Whirlpool frystikistur	Lítrar nettó	Hæð í sm	Breidd í sm	Dýpt í sm	Körfur	Skil-rúm	Ljós	Frystig. 24 klst.	Orkufl.	VERÐ ÁÐUR	TILBOÐS VERÐ
AFG6212B	212	87	81	65	1	Nei	Nei	14 kg	B	Kr. 84.995	Kr. 56.246
WH2010A	204	87	81	65	1	Nei	Nei	15 kg	A+	Kr. 89.995	Kr. 67.496
AFG6262B	258	89	95	66	1	Nei	Já	18 kg	B	Kr. 89.995	Kr. 63.746
AFG6323B	320	89	112	66	1	Nei	Nei	24 kg	B	Kr. 99.995	Kr. 71.246
AFG6492B	400	89	134	66	4	Já	Já	25 kg	B	Kr. 119.995	Kr. 82.496
AFG6592B	503	89	163	66	5	Já	Já	30 kg	B	Kr. 129.995	Kr. 89.996
Vestfrost frystikistur											
ST189C	189	86	92	65	1	Nei	Nei	20 kg	A+	Kr. 99.995	Kr. 74.996
ST247C	247	86	113	65	1	Nei	Nei	20 kg	A+	Kr. 109.995	Kr. 82.496
ST284C	284	85	126	65	1	Nei	Nei	20 kg	A+	Kr. 114.995	Kr. 86.246

TAKMARKAÐ MAGN TAKMARKAÐ MAGN TAKMARKAÐ MAGN



Heimilistæki ht.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT

BÍLAR & FARATÆKI



Honda CR-V 4WD ES, 11/2006 Ekinn 65þús. Ssk, Dráttarkrókur, Mjög vel með farið eintak. Ásett Verð 2.590.000.-



Suzuki Grand Vitara Sport 2.0, 06/2007 Ekinn 59þús. Ný Heilsársdekk, Ssk, Ásett Verð 2.790.000.-



Suzuki Swift 1.3 GL, 06/2007 Ekinn 53þús. Bsk 5gíra, Ásett Verð 1.490.000.-



Subaru Legacy Wagon 2.0 Sport, 04/2008 Ekinn 78þús. Ssk, Ásett verð 2.950.000.- Möguleiki á allt að 90% láni



Suzuki Swift 1.3 GL 4WD, 03/2007 Ekinn 66þús. Bsk 5 gíra, Ásett Verð 1.690.000.- Möguleiki á allt að 90% láni



VORTEX Heithúðun á allar gerðir pall-bíla, stigbretti ofl. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390

Bilahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.
www.bilahollin.is



VW TRANSPORTER KASTEN LANGUR TDI. Árgerð 2007, ekinn 84 þ.KM, DÍSEL, 5 GÍRAR. Verð 2.490.000. Rnr.220625



TOYOTA YARIS SOL. Árgerð 2007, ekinn 64 þ.KM, BENSÍN, 5 GÍRAR. Verð 1.490.000. tilboð 1.290.000 kr Rnr.101736



SUZUKI GRAND VITARA 100% LÁN. Árgerð 2006, ekinn 99 þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Verð 2.012.000. Rnr.101778 áhl 2.012 þús afb 41 þús

Bílamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



Subaru Forester NÝR! Nýskráður 07/2010, óekinn, sjálfskiptur. Frábært verð aðeins 4.940.000kr. Billinn er á staðnum hjá okkur og skipti eru skoðuð! Raðnúmer 131118. Sjá nánar á www.stora.is eða í síma 586 1414.

Stóra bilasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirilit á plani
<http://www.stora.is>



CHRYSLER TOWN - COUNTRYTOURING Árgerð 2009. Ekinn 62 þ.km Verð kr. 5.280.000 Raðnr. 280864



JEEP GRAND CHEROKEE ROCKY MOUNTAIN EDITION Árgerð 2009. Ekinn 19 þ.km Verð kr. 6.290.000 Raðnr. 116707



JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4 00 Árgerð 2004. Ekinn 181 þ.km Verð kr. 1.480.000. Raðnr. 116860

Höfðahöllin
Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



Eigum nokkur 38" DEKK notuð. Verð 18. þús stykkið!



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX. Árg 2007, DÍSEL, Sjálfskiptur. Tilboðsverð 3.990. þús Rnr.152932



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX. Árg 2007, DÍSEL, Sjálfskiptur. Tilboðsverð 4.7 millj. Er til sýnis inni sal. Rnr.152290



HYUNDAI I 30 COMFORT. Árg 2008, ekinn 86 þ.km, bensin, Sjálfskiptur. Tilboðverð 1.390. þús Rnr.152964



JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4. Árg 2007, ekinn 65 þ.km, bensin, Sjálfskiptur. Verð 2.990. þús. ER INNI Í SALNUM OKKAR. Rnr.102391

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.
www.hofdabilar.is



Rafvespunar komnar!
Vorur að fá nýja sendingu af rafmagnsvespum. Verð 149,900.- Erum flutt að Laugavegi 168, í brekkunni við hlöðina á ríkisskattstjóra.

City Runner ehf
Laugarvegur 168, 105 Reykjavík
Sími: 567 1040
Opið frá 13 til 18 mánudaga til föstudaga.



VW Touareg 2 V6, árg 2/2008, ek 34þús.km, 281hó, sjálfsk, leður, luga, rafmagn í afturhlera, omfl, Mjög flottur og vel búinn bíll, Ásett verð 6890þús.kr, billinn er í salnum hjá okkur,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Til sölu Skoda Octavia árg'00. Bíll í fullkomnu standi. Sk'12, á góðum dekkjum. Fæst á mjög sanngjörnu verði. Uppl í s. 868 1825



!!! TILBOÐ 450P TILBOÐ
Subaru Legacy Wagon 4x4 2.0 sjálfskiptur árgerð 2001 ek. 230 sk 2011 bíúð að skipta um tímareim uppl. s 777-3077.

0-250 þús.



Eyðir litlu! Tilboð 250 þús!
NISSAN ALMERA 1400 árg'97 ek.158 þús,ný skoðaður 2012,beinskiptur,5 dyra,heilsárdekk,sparneytinn og göður bíll! ásett verð 340 þús TILBOÐ 250 ÞÚS! 841 8955

Til sölu Skodi Felicia árg. '99 ek. 114 þ. km. sk.11/08 Verð 190þ. uppl. í síma 659-2837.

250-499 þús.



4x4 jepplingur á 340 þús!
DAIHATSU TERIOS 4x4 árg'98 1300 5 gíra beinskiptur,ný vetrardekk,dráttarkrókur,með skoðun og í topplagi frábær jepplingur sem eyðir litlu! fæst á 340 þús stgr! s.841 8955

Bílar óskast

Kaupi bilaða bíla
Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar á ca. 30 - 150 þús. S. 896 6744.

Bill óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., billinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Vantar bíll!
Óska eftir bíl fyrir allt að 350 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vélsleðar

Polaris Indy 440 Pro X, árg. '03 til sölu. Verð 430 þ. Uppl. í s. 693 4924.

Lyftarar



Körfulbílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.



Palettu Lyftari til sölu í fullkomnu lagi Fyrirspurnir sendist á haffihar@simnet.is

Heli CPD25 2,5t 48V árg:2005 3m duplex mastur m/frilyftu 4ventla glusakista Uppl í s: 660 9552

Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Varahlutir

Erum að byrja að rífa VW Caddy 05, octavia 4x4, bensín og dísel ,05 og .07. Patrol ,96, Honda CRV 00, Terios 99, marga Benz bíla, Pajero, dísel 99. Golf ,05, Ford Focus ,00, Renault traffic ,05 og Almera ,98. Partahúsið opið 8:30-18 virka daga og 10-14 laugardaga. S. 555 6666.

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

NET-PARTAR
PARTASALA .NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diskar og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda Felicia 99, Peugeot 306 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smíðjuvegi 11 sími 661 5270.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir
S: 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúð, Suðurhella 10, Hfj.

Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

ÞJÓNUSTA

Þípulagnir

Þípulagnir
Faglaerðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Til sölu

Frábært úrval af Autolite kertum í bensínvélar!

Verðdæmi um kerti í

Subaru Legacy	675	kr. stk.
Audi A6	675	kr. stk.
Toyota Yaris	675	kr. stk.
Toyota Corolla	675	kr. stk.
VW Passat	675	kr. stk.

Opnunartími verslunar:
Virka daga frá kl. 8-18. Lokað um helgar.
Vagnhöfði 23 - S: 590 2000 benni.is - verslun@benni.is

Bilabúð Benni
Sérfræðingar í bílum

Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þveggillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja**TRJÁKLIPPINGAR**

Klippi, fellir og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Agúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

TRJÁKLIPPINGAR

Klippi, fellir og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Agúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600

Trjáfellingar

Snyrti tré og runna. Alhlíða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar**Málarameistari**

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjaf., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Miklaes. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsviðhald**SG Steingæði s/f Alhlíða húsviðgerðir**

Getum bætt við okkur í flisalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerisetningu og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandmálum.

Uppl. í síma 899 2420.

Flisaverk.is

Gerum upp baðherbergið frá A-Ö

Niðurrif - Förgun - Pípulagnir
- Rafmagn - Múrverk
- Smíðavinna - Flisalagnir
- Yfirföllum ofnagagnir

Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.

Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

Pípulagnir Arinbjarnar!

Allar almennar pípulagnir, nýlagnir, & skolplagnir. Tökum út hitakerfi fjölbýlishúsa. Að láta fagmann yfirflara hitakerfi húsa getur skilað allt að 20% orkusparnaði.

Áratuga reynsla í pípulögnum aðeins unnið af fagmönnum. Pípulagnir Arinbjarnar Flisaverk ehf verktakar. 897-5599



Við hreinsum allar gerðir loftæstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

N & V Verktakar.

Flísalögn á frábæru tilboði. 4.000kr. fermeterinn. nv.verktakar@gmail.com
Upplýsingar í síma 661 3149.

VIÐHALD

fasteignaviðgerðir

Febrúartilboð á baðherbergjum

Ódýr endurnýjun á baðherbergjum með öllu allt að 6m² gólfeti

Nýjum flisum á gólf og vegg, innrettingu, spegli með ljósi, wc og sturtubotni, sturtaklefa, blöndunar-tækjum og hál málað loft.

Allt innifalið rif og förgun á gamla baðherbergjum

Aðeins kr. 600.000, og 71.000 kr. endurgreiðsla frá skatti samtals 529.000 kr. nýtt bað 6 dagar í vinnslu.

Gluggatilboð, frábært verð. Er glugginn fúginn eða lélegur. Láttu okkur gera tilboð.

Fáðu uppl. S. 567 6699
kristjan@vidhald.is

**Tökum að okkur parketslípun**

um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun, sólpallasmiði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáid myndir á www.parketsliparinn.is Uppl í s. 772 8100

PVC. ÞAKDÚKUR. Nýlagnir og viðgerðir. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s: 660-3571 eða Póstf. Larus7171@simnet.is

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

Fantastic whole body massage S. 692 4599, María.

Whole body massage. S. 849 5247.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboð í dag! S:6618272 og 6930348

Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

THE BEST !!MASSAGE IN DWON TOWN FOR THE BEST MAN!Any time . 24/7 8698602

NUDD. NUDD. NUDD. Exclusive Whole Body Massage in Downtown. S. 692 2126, Alena.

NUDD 2 fyrir 1 TILBOÐ S. 823 8280

Líkamskrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900,-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín og næringar-ráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. Gjöfabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opíð 12-18 mán-lau.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Spádómar

www.orlagalinan.is



Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opíð öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Spásíminn 908 5666. Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og pening- ar. Andleg hjálpi. Trúnaður.

Rafvirkjun**RAFVIKJUN S. 896 6025**

Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

KEYPT & SELT**Til sölu****Tilboð**

Fallegir kuldaskór úr leðri. Stakar stærð- ir. Verð: 9.500,- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070



Glæsilegar kristall ljósakrónur og veg- ljós til sölu. Bohemia Kristall, Glæsibær www.bohemia.is S. 571 2300.

Ísskápar, þvottavélar, þurrkarar, eldavel- ar, uppþvottavélar, borð-uppþvottavél, sjónvörp, stór ljósritunarvél, stólar, borð, varahlutir, hjólbarðar og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Óskast keypt**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn fram- visun persónuskilríkja. Sigga & Tímo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is


Kaup gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð. Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Til bygginga**Harðviður til húsbbygginga.**

Sjá nánar á www.vidur.is Vatnasklæðning, panill, pallafni, park- et, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrú- ur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf. Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Verslun**HEILSA****Námskeið****Nudd****TANTRA MASSAGE**

Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra- temple.com

HEIMILIÐ**Dýrahald**

Tæplega 3 mán. Golden retriever hvölp- ur til sölu fer á 100 þúsund. Ættb. íshundur. S. 863 8596.

HÚSNÆÐI**Húsnæði í boði****Leigjendur, takið eftir!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Óska eftir góðu herb. miðsvæðis í Rvk með aðgang að eldhúsi, wc og þvotta- húsi. Uppl í s. 698 1093

Gisting**Geymsluhúsnæði****www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 4 til 17 m². Lág verð. Opíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

geymslur.com

Geymslur frá 3990,- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktað & öryggis- myndavélar. S. 555 3464.

ATVINNA**Atvinna í boði**

Óska eftir starfskarti við úthringistarf 2 -5 kvöld í viku uppl: 7731800

vantar járníðnaðarmann eða handlag- inn iðnverkamann, jákvæður og þjón- ustulipur og e.t.v taka að sér verkstjóm. Vinna við framleiðslu uppsetningu á ál og glereiningum. Sekelin s. 578 6300 eða skelinehf@skelinehf.is

DOGMA auglýsir eftir manneskju í fullt starf á sölubás okkar í Kringlunni Viðkomandi þarf að vera stundvís, hafa reynslu af sölustörfum, vera eldri en 20 ára og reyklaus. Umsókn með mynd sendist á dogma@dogma.is

Beitningamenn óskast á 15 tonna bát sem rær frá Tálknafirði. S. 861 0381 og 846 3526

Vilt þú vinna mikið og hafa góð laun eða vinna lítið og hafa lítil laun. Uppl. í síma 7736099.

TILKYNNINGAR**Tilkynningar****Viltu gefa? ... Ekki henda!**

★ Sækjum ef óskað er

símar: 561 1000
661 6996

Nytjamarkaður Samhjalpar


Stangarhylur 3
110 Reykjavík
Opíð alla daga
kl. 13 – 18 nema
laugard. og sunnud.

Einkamáli**Spjaldómur 908 5050**

Opíð allan sólarhringin, ný stúlka.

Kona á góðum aldri vill kynnastr karl- manni með góðar stundir í huga. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8744.

Myndarleg kona 48 ára, sem býr ein, vill kynnastr góðum manni með góða skemmtun í huga. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kredit- kort), augl.nr. 8296.



EINS OG ÆSILEGASTA SPENNUSAGA!

Höfundar bókarinnar höfðu ótakmarkaðan aðgang að öllum helstu persónum og leikendum í þessum sögulegu atburðum. Ekki missa af þessari umtöluðu metsöluþóki sem kemur nú út á sama tíma víða um lönd!

Saga uppljóstrunarsíðunnar **WikiLeaks** er dramatísk og ævintýri líkust - og á köflum eins og æsilegasta spennusaga. Hér segir frá sænskum stúlkum sem kynnst heillandi manni sem ekki er allur þar sem hann er séður; einmana hermanni í Írak sem ofbýður framferði þjóðar sinnar í framandi landi; Íslendingum sem taka þátt í mestu og umdeildustu afhjúpun samtímans; breskum blaðamönnum sem eltast við ástralskan huldumann sem talinn er búa yfir heimsins stærstu frétt. Og hugsjónamanninum **Julian Assange** sem er flókinn persónuleiki – og fráleitt gallalaus.

VERÖLD





Elskulegur eigenmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi

Guðjón Tómasson

fyrirverandi atvinnubílastjóri
Gnoðarvogi 70, Reykjavík,

andaðist þann 24. janúar sl. Útförin hefur þegar farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Margrét Einarisdóttir
Ragnar Guðjónsson
Sólrún Ragnarsdóttir
Margrét Ragnarsdóttir
Guðný Ragnarsdóttir
og barnabarnabörn

Sigurbjörg Þorgrímsdóttir
Sveinn Bjarnason
Sveinn Þorgrímur Sveinsson
Bergþór Pálsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Andrea Margrét

Þorvaldsdóttir

Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri,

Iést á sjúkrahúsinu á Akureyri 4. febrúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 14. febrúar kl. 13.30.

Þorvaldur Aðalsteinnsson
Auður Aðalsteinsdóttir
Þórey Aðalsteinsdóttir
Þórólfur Aðalsteinnsson
Signý Aðalsteinsdóttir
og ömmubörnin.

Aðalheiður Ingólfsdóttir
Stefán Jóhannsson
Árni Júlíusson
Jóhann Austfjörð



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma

Guðbjörg Guðrún

Sigurðardóttir

Gröf, Laxárdal,

Iést á dvalarheimilinu Silfurtúni, Búðardal, þriðjudaginn 25. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir færur við starfsfólkinu á Silfurtúni. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð dvalarheimilis aldraðra Búðardal.

Ríkarður Jóhannsson
Margrét Ríkarðsdóttir
Jóhann Hólm Ríkarðsson
Ívar Hólm, Bergþóra Hólm, Anna Guðbjörg Hólm,
Sigurður Loftur, Ríkarður Hólm, Dögg Hólm
og Helga Dóra Hólm.

Jón Bjarni Guðlaugsson
Jónína Kristín Magnúsdóttir



Okkar innilegustu þakkir ferum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför mannsins míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

Friðfinns Friðfinnssonar

frá Baugaseli.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Einihlíðar fyrir frábæra umönnun og einstaka hlýju.

Rannveig Ragnarsdóttir
Elín Una Friðfinnsdóttir
Erla Hrund Friðfinnsdóttir
Elsa B. Friðfinnsdóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Árnason
afa- og langafabörn

Ketill Hólm Freysson
Páll Baldursson
Kristinn H. Gunnarsson
Sabine Friðfinnsson
Ingibjörg Sigurðardóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

NAFNID MITT: HARTMANN BRAGI STEFÁNSSON

Var uppnefndur Batman

Hartmann Bragi Stefánsson heitir tiltölulega sjaldgæfu nafni og hefur frá unga aldri fylgst með fólki hvá þegar hann segir til nafns. Fyrir forvitnisakir ákvað hann að stofna stuðningshóp fyrir fólk með skritin nöfn á Facebook í fyrra og fékk þó nokkrar undirtektir. „Þetta var nú gert í einhverjum fífla-gangi og ég hef ekki kikt á þetta lengi en þetta var þó nokkuð fróðlegt enda margir sem bera sérstök nöfn.“

Hartmannsnafnið er í fjölskyldu Hartmanns aftur í ættir og heitir hann eftir afa sínum. Hann segist oft hafa heyrt uppnefni eins og Batman eða Súperman á yngri árum en að það hafi haft lítil áhrif á hann. „Það er best að snúa svona stríðni bara upp í grín. Ég er ánægður með nafnið mitt í dag og lít á það sem forréttindi að heita sjaldgæfu nafni.“ Síðast þegar Hartmann kannaði málið voru tuttugu og fjórir sem hétu sama nafni og hann. „Ég þekki þrjá og einungis einn af þeim er í fjölskyldunni.“



ÁNÆGDUR MED NAFNIÐ Hartmann segir það forréttindi að heita sjaldgæfu nafni.

FRÉTTABLAÐID/GVA



SPÁÐ OG SPEKÜLERAD Nemendurnir komast að því að úr mörgu er að velja.

Fyrir starfsfólk framtíðarinnar

Framadagar eru á vegum háskólanna í dag, 9. febrúar. Þá fyllist Háskólabíó af básum þar sem mörg af helstu fyrirtækjum landsins kynna starfsemi sína fyrir framtíðarstarfsfólki þessa lands.

Framadagar hafa verið haldnir árlega frá 1994 og eru orðnir einn stærsti viðburður innan háskólanna sameiginlega. Viðburðurinn veitir háskólanemum frábært tækifæri til að fá upplýsingar um hvaða menntun og hæfni

þeir þurfa að hafa til að eiga sem besta möguleika á að vinna við sitt áhugasvið. Í ár er meira úrval og fjölbreytni en nokkurn tíma áður og hafa nemendurnir því úr miklu að velja.

Til að brjóta daginn upp verða einnig fyrirlestrar frá Betware, Tryggva í Góðu vali, Latabæ og Northern Light Energy. Þá verður spurningakeppni á milli kennara háskólanna sem Dr. Gunnir stjórnar.

- gun



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásdís Eyjólfssdóttir

Iést að heimili sínu Aflagrandu 40, 6. febrúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, miðvikudaginn 23. febrúar n.k. og verður nánar auglýst síðar.

Víglundur Þorsteinsson
Hafðís B. Þorsteinsdóttir

Kristín M. Thorarensen
Fleming Korslund

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi

Guðmundur Jóhann

Guðmundsson

kennari,
Urðarstíg 7a Reykjavík,

Iést þann 26. janúar síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey.

Anna María Guðmundsdóttir
Rósa María Guðmundsdóttir
Hannes Ingi Guðmundsson
barnabörn og langafabarn

Guðmundur Ómar Óskarsson
Ingibjörg E. Jóhannsdóttir



Innilegar þakkir ferum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og hjálpssemi við andlát og útför okkar elskulega

Jóhann Steinnmanns

Sigurðssonar

Stóru-Tjörnum Þingeyjarsveit.

Guðríður Sigurgeirsdóttir

Erna Jóhannsdóttir
Jónína Ingibjörg Jóhannsdóttir
Hólmfríður Jóhannsdóttir
Elínros Þóreyjardóttir
Sigurður Helgi Jóhannsson
Aðalsteinn Jóhannsson
og fjölskyldur

Egill Bjarnason
Jón Simon Karlsson
Lars Inge Karlson

Eygló Inga Bergsdóttir
Linda Ívarsdóttir



Ástkær móðir okkar, amma, langamma og langlangamma

Nanna Helga

Ágústsdóttir

Iést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 6. febrúar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Margrét Ámundadóttir
Jón Örn Ámundason.

BONUS BONUS BONUS BONUS



FERSKT ÍSLENSKT KJÖT Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS



KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR **659 KR.KG.**



KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVENGIR
259 KR.KG.



KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR.KG.




KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGABITAR
498 KR.KG.

FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU




FERSKT GRÍSAGÚLLAS **895 KR.KG.**



FERSKUR ÚRB. GRÍSAHNAKKI **895 KR.KG.**



FERSKIR GRÍSAKANKAR **259 KR.KG.**



FERSKT GRÍSAHAKK **495 KR.KG.**



FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR **895 KR.KG.**



FERSKT GRÍSASNITSEL **895 KR.KG.**




BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBALÆRI **1395 KR.KG.**

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltungda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur

krossgáta



LÁRÉTT

2. sælgæti, 6. guð, 8. mjöl, 9. loga, 11. leita að, 12. óbundnið mál, 14. urga, 16. klafi, 17. til viðbótar, 18. málmur, 20. tveir eins, 21. hófdýr.

LÓÐRÉTT

1. trappa, 3. kringum, 4. græðgi, 5. skáhalli, 7. sambandsríkis, 10. dolla, 13. atvikast, 15. sál, 16. pota, 19. ónefndur.

LAUSN

andí, 16. óta, 19. nn.
5. flá, 7. alríkis, 10. dós, 13. ske, 15.
LÓÐRÉTT: 1. þrep, 3. um, 4. fegind,
enn, 18. tñ, 20. dd, 21. asni.
LÁRÉTT: 2. þurft, 6. ra, 8. mæl, 9. eld,
11. gá, 12. prósi, 14. íska, 16. ok, 17.



Auglýsing um starfsleyfistillögur

Dagana 8. febrúar til 9. mars 2011 mun starfsleyfistillögur fyrir neðan-skráða starfsemi, ásamt tilheyrandi starfsreglum, skv. 1. málsg. 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999, með síðari breytingum, liggja frammi á skrifstofu heilbrigðiseftirlits að Garðatogi 7, Garðabæ og í þjónustuverum viðkomandi bæjarfélaga, að Strandgötu 6 í Hafnarfirði, að Garðatogi 7 í Garðabæ og að Fannborg 2 í Kópavogi. Gögn má einnig nálgast á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins, <http://www.heilbrigðiseftirlit.is>

Hafnarfjörður

Nafn	Starfsemi	Staðsetning
Kvartmíluklúbburinn Akstursíþróttafélag	Akstursíþróttabraut	Reykjanesbraut 22,
Hafnarfjarðar Skotíþróttafélag	Akstursíþróttabraut	V. Krýsuvíkurveg,
Hafnarfjarðar Blendi ehf.	Skotíþróttastarfsemi	Iðavellir,
Granít og legsteinar ehf.	Endurnýting úrgangs	Íshella 5,
Hraunsteinar.	Steinsmiðja	Gjótuhraun 8,
	Vinnsla jarðefna	Óbrinnishólar,

Garðabær

Nafn	Starfsemi	Staðsetning
Fjölráð ehf	Brennsluofn	Lyngás 13,
Málmsteypa Þorgríms Jónssonar ehf.	Málmsteypa	Miðhraun 6,

Kópavogur

Nafn	Starfsemi	Staðsetning
Bragi Sigurjónsson	Geymsla og flokkun jarðefna	V. Suðurlandsveg.

Rétt til athugasemda hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Öpinberir aðilar, félag og aðrir þeir sem málið varðar.

Skriflegar athugasemdir skal senda til heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, pósthólf 329, 212 Garðabær. Frestur til að gera athugasemdir er til 9. mars 2011.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Hreyfast þessir ekki?

Leigðu þér nýja teiknimynd í Sjónvarpi Símans og fáðu aðra mynd á 0 kr. í dag. Magnaðir miðvikudagar!

Síminn

Nánar á siminn.is

Dæmi um alvöru töffara

BAKPANKAR
Jóns
Sigurðar
Eyjólfssonar

Spænska sjónvarpið sýnir um þessar mundir þætti sem tileinkaðir eru auglýsingum fyrr og nú. Það er afar athyglisvert að fylgjast með því hvernig Mammon hefur verið tilbeðinn fyrr og nú.

AUGLÝSINGAR hafa breyst mikil ósköp á síðustu áratugum. Tækninni hefur fleygt fram en svo virðist sem markhópurinn sé alltaf jafn hégómagjarn og vitlaus.

EIN AF þeim hugmyndum sem flestar auglýsingar sá í karlakolli er sú að við verðum svo vöðalegir töffarar við það að eignast hitt og þetta. Ef við kaupum auglýsta vöru fáum við falletustu kærustuna og girndaraugu kvenna fylgja okkur eins og hundur eiganda sínum.

ÉG TRÚÐI þessari vitleysu lengi vel og skipti þá engu þótt ég tæki ekki eina einustu stúlku á löpp í rándýra Boss-frakkanum mínum.

ÉG ER ekki með það á hreinu hvað ungum drengjum er kennt í lífsleikni en mikið óskaplega held ég að það gæti spar-

að þeim mikla orku og peninga ef þeim væri sagt frá alvöru töffara strax á unga aldri. Þessi alvöru töffari er náttúrlega Díogenes frá Sínoðu og það ætti helst að segja frá fundi hans og Alexanders mikla strax í lífsleikni 101.

ÞAÐ VILDI þannig til að Díogenes lá í sólbaði þegar Alexander mikli kom í fullum herklæðum, á rauðum dregli og umkringdur undirlægjum til að hitta heimspekinginn auðmjúka. Hann tekur sér stöðu fyrir framan Díogenes sem lá sólslégin í moldinni. Alexander gerir grein fyrir sér og spyr hvort hann geti nú ekki gert eitthvað fyrir snauðan heimspekinginn. Díogenes lítur á hann og segir: „Jú, þú getur það svo sannarlega. Þú mátt taka eitt skref til hliðar.“ Þá átt-aði Alexander sig á því að hann skyggði á sólna. Ef þetta er ekki töffaraskapur þá veit ég ekki hvað.

ÞVÍ MÁ svo bæta við að Díogenes var iðulega klæddur í flík sem líktist einna helst rúmlaki og hann bjó í tunnu sem stóð úti á miðju torginu. Það hefur örugglega einhver kapitalistinn komið því til leiðar að Díogenesar er nú helst minnst fyrir heilkennið sem við hann er kennt en sá sem þjáist af því safnar rusli. Það er að segja rusli sem ekki þarf að borga fyrir.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



VETRAR DAGAR



Ef bæði DEVOLD
buxur og bolur
eru keypt veitum
við 20% afslátt
og strokkur fylgir
með í kaupunum.



VIKING PLAY KULDASKÓR,
hlýr og þægilegir GORE-TEX
kuldaskór með gúmmísóla.

9.990 kr.
Verð áður 13.490



**CONWAY
KULDASKÓR**,
léttir og fóðraðir.

5.439 kr.
Verð áður 6.779



DEVOLD MULTI SPORT, einfaldur og
léttur ullarfatnaður fyrir dömur og herra.

DEVOLD bolur
9.490 kr.

DEVOLD buxur
8.490 kr.



DEVOLD NÆRFÖT, nauðsynleg
fyrir alla krakka í vetur.

DEVOLD samfella
4.490 kr.

DEVOLD buxur
3.490 kr.



SEELAND GRIZZLI PAC KULDASKÓR
Vandaðir og vatnsheldir kuldaskór
með gripmiklum sóla.

9.990 kr.
Verð áður 16.990



**KAHTOOLA
MICRO BRÖDDAR**
Ómissandi fyrir hlauparann
í hálfu og snjó.

11.990 kr.



**20%
AFSLÁTTUR**
AF VARMA ULLARFATNAÐI



**HÚFUR OG
VETTLINGAR**
Mikið úrval af hlýjum
barnahúfum og
vettlingum.

**20%
AFSLÁTTUR**

Europriis

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



frá **259**

GEYMSLUKASSAR MEÐ LOKI

1,5 ltr, kr 259
2 ltr, kr 399
3 ltr, kr 499
8 ltr, kr 549
12 ltr, kr 649



489

SPRITTKERTI

100 í pk



frá **3590**

SKÍÐABUXUR

St 122/128-158/164, kr 3590
St S-XL, kr 4590



6 í pk

1290

KUBBAKERTI, 6 Í PK

Hvít
12 cm



ÚTVARP

Gengur fyrir rafhlöðum, AUX tengi

1790



frá **399**

MYNDARAMMAR

10x15 cm, kr 399
13x18 cm, kr 479
15x20 cm, kr 549
18x24 cm, kr 599
20x25 cm, kr 659
21x30 cm, kr 699
30x40 cm, kr 999
40x50 cm, kr 1390



frá

3490

SPEGLAR

30x120 cm
40x80 cm, kr 4590
Silfraður / svartur

OBH NORDICA



3990

VÖFFLUJÁRN



3990

SLÉTTUJÁRN

GRUNDIG

3990

HÁRBLÁSARI

1800 W



BRAUN

7990

RAKVÉL



Opið alla virka daga til kl. 19:00
og til kl. 18:00 um helgar



499

RÚÐUVÖKVI
4 ltr, 12°C



199

HÅNDSÁPA
500 ml

5 kg



1590

BIOTEX, 5 KG
Þvottaefni fyrir hvítan og
litaðan þvott



499

STURTUSÁPA
500 ml



499

BIO TEX
Oxi enzym
750 ml



299

BLAUTKLÚTAR
Fyrir gler og spegla, 20 stk /
sóthreinsandi, 40 stk



399

SJAMPÓ/
HÁRNÆRING
250 ml/200 ml



259

ANDLITSKLÚTAR
25 í pk



549

BLAUTKLÚTAR
Natusan
Barna, 2 pk saman



1990

SUN ÞVOTTAEFNI FYRIR
UPPÞVOTTAVÉLAR
105 töflur



249

SALERNISPAPPÍR
8 í pk

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri



270 METRAR VERÐA AÐ SKILJA AÐ Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, og eltihrellinn Pradeep Manukonda. Hann er búinn að fá á hana nálgunarbann eftir að hún elti hann á Facebook og í raunveruleikanum.

Tónlist ★★★

Fall

Rúnar Þórisson

Metnaðarfullt og margslungið

Rúnar Þórisson er sennilega þekktastur sem gítarleikari hljómsveitarinnar Grafík, þó að hann hafi komið víða við og verið virkur bæði sem rafmagns- og kassagítarleikari um árabíl. Rúnar sendi frá sér fína sólóplötu, Ósögð orð og ekkert meir, árið 2005 og í vetrarbyrjun kom Fall. Rúnar samdi öll lögin, útsetti þau og stjórnaði upptökum og sá að auki um hljóðfærleik að stærstum hluta, en kallaði til aðra hljóðfærleikara og söngvara eins og þurfa þótti. Arnar Þór Gíslason trommuleikari og bassaleikararnir Jakob Smári Magnússon og Gunnar Hrafnsson koma við sögu og söngvararnir Hjörvar Hjörleifsson og Gísli Kristjánsson. Þá syngja Eliza Numan og Lára og Margrét Rúnarsdætur bakraddir meðal annarra. Auk þess eru blásarar og strengjasveit í nokkrum lögum.

Mikill metnaður og natni einkennir Fall. Tónlistin er útpæld og minnir á þróað og framsækið popp áttunda og níunda áratugarins. Sums staðar má heyra áhrif frá djassrokkbræðing. Lagasmíðarnar eru ekkert mjög flóknar, en þeim mun meira er lagt í útsetningarnar. Lögin eru misgóð, en þau bestu, t.d. When I Was, My Life, Stand Up og All I'm After eru afbragð. Upphafslagið Time, sem er án texta, er líka frábært. Það einkennist af flottum stiganda og skemmtilegum hljóðheimi. Mitt uppáhaldslag á plötunni.

Á heildina lítið er þetta fín plata sem sýnir að Rúnar fer sínar eigin leiðir í tónlistarsköpuninni. Aðdáendur metnaðarfullrar popptónlistar ættu að leggja við hlustir.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Gítarleikarinn úr Grafík með vandaða og útpældu sólóplötu.



Fjölskyldan með Sin Fang

Sin Fang rennir sér um á hjólabretti með heklað skegg í sínu nýjasta tónlistarmyndbandi. Fjölskylda hans hefur veitt honum dygga aðstoð undanfarið.

Tónlistarmaðurinn Sin Fang, eða Sindri úr Seabear, rennir sér um á hjólabretti með heklað, hvítt skegg í nýju myndbandi við lagið Because of the Blood. Það er fyrsta smáskífulagið af annarri sólóplötu hans, Summer Echoes, sem kemur út hér heima og erlendis 15. mars á vegum Kimi Records og þýsku útgáfunnar Morr Music.

„Þetta er hugmynd sem ég og bróðir minn unnum saman. Hann gerði vídeóið og mamma og kærastan mín gerðu skeggið,“ segir Sindri, sem er líka með skeggið á umslagi plötunnar. „Þær hafa verið að búa til blúndukraga fyrir konur og okkur datt í hug að gera svona skegg. Ég var með litað skegg á fyrstu plötunni sem ég bjó til úr pappa. Þá var „koverið“ litríkt en þetta er meira hvítt og einfaldara.“ Af hverju safnarðu ekki bara eigin skeggi? „Það er alveg á mörkunum

SKEGGIÐUR Tónlistarmaðurinn Sin Fang er með heklað, hvítt skegg í sínu nýjasta myndbandi.



SIN FANG Sin Fang, öðru nafni Sindri Már Sigfússon, gefur út sína aðra sólóplötu í næsta mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

að ég geti það. Kannski geri ég þetta bara af því að ég er með svo lélega skeggrot,“ segir Sindri léttur.

Bróðir hans, Máni, hefur áður gert myndbönd fyrir Seabear, Sóleyju Stefánsdóttur úr Seabear og Snorra Helgason.

Sindra finnst gott að vinna með honum. „Við erum með mjög svipaða fagurfræði.“ Sindri er gamall hjólabretta-

kappi en hefur lítið komið nálægt íþróttinni undanfarin ár, eða síðan hann fór í þriðja sinn úr olnbogalið eftir að hafa dottið á hausinn. „Ég hef alveg stigið á hjólabretti síðan en ekkert alvarlega. Ég horfi líka á hjólabrettamyndir og lag af fyrri plötunni minni var í hjólabretta-mynd um daginn.“

Næsta myndband hans verður lagið Two Boys og því leikstýrði kærastan hans sem heitir Ingi-björg Birgisdóttir. Hún hannaði líka umslag nýju plötunnar, auk þess sem pabbi Sindra tók ljósmyndarnar í umslaginu.

freyr@frettabladid.is

Þú færð meira hjá

Ef þú ert með GSM hjá Símanum

færðu Netið í símanum á 0 kr. í dag.



Þá getur þú t.d. skoðað m.visir.is 4000 sinnum í símanum.

100 MB innan dagsins. Gildir ekki erlendis.

Ef þú ert með heimasíma hjá Símanum

getur þú fengið magnaðan síma með 40% afslætti í dag.



Panasonic 8012 er frábær stafrænn sími með auka handtæki.

Pssst!

Þú getur sótt forrit til að skanna kóðann á t.d. Android Market. Skannaðu og þú gætir unnið!

Skannaðu hérna



Barcode Scanner

til að sækja

París farin að lyfta



Partídaman París Hilton er farin að taka hrikalega á því í ræktinni og hefur auk þess tekið mataræðið í gegn eftir hvatningu frá kærastanum, Cy Waits. París, sem er 29 ára, neytir 3.500 kaloríur á dag til að eiga næga orku fyrir öll átökin. „París hefur alltaf verið í megrun til að halda vextinum sínum. En síðan hún kynntist Cy er hún heltekin af líkamsrækt,“ segir vinur Parísar.

París lyftir nú lóðum af miklum mót, æfir bekkpressu og hleypur á ströndinni með kærastanum. Ávinningurinn er að hún þykir líta betur út en nokkru sinni fyrr en það er líka óvæntur bónus sem fylgir. „París hefur alltaf elskað skyndibita og nú getur hún leyft sér að láta undan löngunum sínum inni á milli,“ sagði vinkona hennar.

NÝTT LÍF Hóteleringinn París Hilton tekur nú daglega á því í ræktinni með kærastanum sínum. Hún þykir aldrei hafa lítið betur út. NORDICPHOTOS/GETTY



HELEN MIRREN Breska leikkonan gúgglaði gamla kærastann sinn sem hún átti fyrir fjórutíu árum.

Eisenberg skipað að horfa á eigin myndir

Sálfræðingur leikarans Jesse Eisenberg hefur skipað honum að horfa aftur á sínar eigin kvikmyndir því hann þurfi að bera virðingu fyrir starfi sínu.



JESSE EISENBERG Leikaranum hefur verið skipað að horfa aftur á eigin kvikmyndir.

Eisenberg var nýlega tilnefndur til Óskarsins fyrir hlutverk sitt í The Social Network. Hann þolir ekki að horfa á sjálfan sig leika og finnst hann alveg ómögulegur á hvíta tjaldu. Þessu vill sálfræðingurinn breyta. Eisenberg á einnig erfitt með að taka hrósi fyrir frammistöðu sína. „Því fleiri sem segja góða hluti um mig þeim mun meira finnst mér það vera algjört rugl,“ sagði hann.

Fann gamla kærastann

Breska leikkonan Helen Mirren, sem er gift leikstjóranum Taylor Hackford, var með Frakkland á heilanum þegar hún var yngri. „Ég var algjör Frakklandsfíkill og mér fannst allt sem var franskt vera ótrúlega flott. Mig dauðlangaði líka í franskan kærasta og það tókst mér,“ sagði Mirren, sem er 65 ára. „Þökk sé netinu þá gúgglaði ég hann og sendi honum tölvupóst og innan sólarhrings vorum við aftur komin í samband fjórutíu árum síðar.“



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Vættaborgir 15-25 og 27-35

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags Borgarhverfis A vegna lóðanna nr. 15-25 og 27-35, við Vættaborgir. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni um 40 m² en byggingarreitir haldast óbreyttir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 9. febrúar 2011 til og með 23. mars 2011. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 23. mars 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillöguna.

Reykjavík, 9. febrúar 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNSENDIR 411 3071

Símanum

Ef þú ert með Internet hjá Símanum

getur þú hlustað á Bestu lögin í tölvunni fyrir 0 kr. í dag.



Þú finnur Bestu lögin á bestulogin.siminn.is. Yfir 80 lagalistar fyrir hvert tilefni.

Ef þú ert með Sjónvarp Símans

getur þú leigt nýja mynd og fengið aðra á 0 kr. í dag.



Nýjar myndir eru merktar með stjörnu.

Skjárið næst ekki á einstaka svæðum á landsbyggðinni

Pssst!
Ertu ekki örugglega hjá Símanum?

Magnaðir miðvikudagar í febrúar!

Það er **Síminn**
siminn.is

RÝMINGARSALA Á BAÐINNRETTINGUM

40-50%
afsláttur

ARTE innrétting með spegli

35.820

Blöndunartæki ekki innifalin



Verð áður 71.640

CERAVID Innrétting með
spegli og ljósi

29.900"

(Handlaug með
blöndunartækjum,
botnventli, vatnslási
og krönum
kr 32.900)



Verð áður 59.800



ADELL sturtuset
2.995



BATHCO borð
með handklæðaslá,
breidd 80cm kr.

14.950

Handlaug kr.

16.900

Borð, verð áður 29.900
Blöndunartæki ekki innifalin

PURE innrétting með spegli

23.940



Verð áður 39.900
Blöndunartæki ekki innifalin

NAPOLI hitastýrt
sturtuset

30.900



ICE innrétting með spegli

19.794

Blöndunartæki ekki innifalin



Verð áður kr. 32.990

**pýskar og
spænskar
innréttingar**

NIZA innrétting með
spegli, blá.

13.450

Blöndunartæki ekki innifalin



Verð áður 26.900

CERAVID innrétting
allt settið

141.950



Verð áður kr. 283.900

GRAFICA innrétting með
spegli

29.340



Verð áður 48.900
Blöndunartæki ekki innifalin

CERAVID Markenset,
svört og hvít með spegli/ljósi

35.940

(Handlaug og Grohe
blöndunartæki kr 29.900)



Verð áður 59.900

Flísa & Bað
MARKAÐURINN

Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.



SVERRE JAKOBSSON fékk ekki sigur í 34 ára afmælisgjöf þegar lið hans Grosswallstadt tapaði með 6 marka mun á heimavelli á móti Magdeburg, 25-31, í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Sverre spilaði allan leikinn í vörninni og fékk tvo brottrekstra frá bræðrunum Bernd Methe og Reiner Methe en kláraði seinni hálfleikinn án þess að fá tveggja mínútna brottvísun.

Vínáttulandsleikir í kvöld: Risar mætast

FÓTBOLTI Það verða flottir landsleikir spilaðir í kvöld en þá fara fram fjölmargir vínáttulandsleikir. Það eru sex vikur í að undankeppni EM 2012 fari aftur af stað á nýjan leik og er Ísland aðeins ein af fjórum Evrópuþjóðum sem eru ekki að spila í þessari viku.

Portúgal (Cristiano Ronaldo) mætir Argentínu (Lionel Messi), Þjóðverjar og Ítalir mætast í Dortmund þar sem Ítalir unnu undanúrslitaleik þjóðanna á HM 2006, Frakkar og Brasilíumenn mætast á Saint-Denis í París þar sem Frakkar unnu 3-0 sigur þegar þjóðirnar mættu í úrslitaleikum á HM 1998 og Danir taka á móti Englendingum á Parken. - óóó



ÚRSLIT Í GÆR

Iceland Express deild kvenna

Fjölínir-Njarðvík 79-88 (35-30)
Stíg Fjölínir: Inga Buzoka 26, Birna Eiríksdóttir 15, Natasha Harris 14, Bergþóra Holton Tómasdóttir 11, Erla Sif Kristinsdóttir 6, Bergdís Ragnarsdóttir 4, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 2, Eva María Emilsdóttir 1.
Stíg Njarðvíkur: Dita Liepkalne 31 (13 frák.), Ólöf Helga Pálsdóttir 18, Shayla Fields 17, Julia Demirer 10 (11 frák.), Ina María Einarisdóttir 6, Emelía Ósk Grétarsdóttir 4, Anna María Evarsdóttir 2.

STAÐAN Í B-DEILDINN

1. Snæfell	15	7	8	994-1098	14
2. Njarðvík	16	6	10	1152-1198	12
3. Grindavík	15	3	12	905-1020	6
4. Fjölínir	16	3	13	1015-1273	6

Í kvöld mætast KR-Hamar og Haukar-Keflavík í A-deildinni og Grindavík-Snæfell í B-deildinni.

Scenski körfuboltinn

Sundsvall Dragons-08 Stockholm 100-67
Jakob Örn Sigurðsson skoraði 19 stig á 25 mínúturnum og Hlynur Bæringsson var með 9 stig á 15 mínúturnum. Hlynur, Jakob og Logi Gunnarsson hjá Solna voru allir valdir í Stjórnuleikinn sem fer fram 21. febrúar.

Skemmtilegt að fá að dekkja svona góða menn

Haukur Helgi Pálsson er að stimpla sig inn í hið fræga körfuboltalið Maryland-skólans og hefur fengið að spila meira og meira eftir því sem liðið hefur á tímabilið. Gary Williams, þjálfari liðsins, hefur mikla trú á honum.

KÖRFUBOLTI Haukur Helgi Pálsson, 18 ára Fjölnisstrákur, komst að hjá einu þekktasta körfubolta-skólaliði Bandaríkjanna og er nú á fullu á sínu fyrsta tímabili með Maryland-skólanum. Haukur Páll er með 2,4 stig og 2,0 fráköst á meðaltali á 9,0 mínúturnum í 22 leikjum en hann hefur komið við sögu í öllum leikjunum nema einum og hefur fengið fleiri og fleiri tækifæri eftir því sem liðið hefur á veturinn.

„Mér líst bara vel á þetta. Mínuturnar eru að fara upp og þetta er allt að koma,“ segir Haukur. Það er þekkt í bandaríska háskólaboltanum að nýliðarnir fá oft lítið að vera með á fyrsta vetrinum.

„Ég tók mig bara til og fór að æfa enn meira og enn ákafar. Ég fór á aukæfingar með þjálfurum og þar sáu þeir að maður vildi þetta alveg og í framhaldinu fóru mínúturnar upp,“ segir Haukur.

„Ég vissi þegar ég kom hingað að ég myndi ekki fá að spila eins mikið og ég vildi. Þetta eru samt viðbrigði því ég er yanur að spila 30 mínútur í leik. Ég reyni að nýta þær mínútur sem ég fæ sem best því ef ég geri það fæ ég alltaf fleiri og fleiri mínútur,“ segir Haukur sem fékk 17 mínútur í síðasta leik á móti Wake Forrest þar sem hann var með 9 stig, 3 fráköst, 1 stoðsendingu og 1 stolinn bolta.

Þjálfari liðsins Gary Williams er mjög hrifinn af hugarfari og vinnusemi stráksins. „Vanalega er mitt hlutverk að koma inn á og reyna að rífa menn upp ef við erum orðnir eitthvað flatir. Þá reyni ég að koma með orku inn í okkar lið. Ég finn traust frá þjálfaranum. Hann er svona þjálfari sem er hrifinn af leikmönnum sem leggja hart að sér og vita hvernig á að spila körfubolta,“ segir Haukur en Williams er búinn að þjálfra Maryland-liðið í 22 ár.

„Einn strákurinn í liðinu sagði að eini maðurinn sem hræddi hann væri þjálfarinn okkar. Hann er grimmur en samt sanngjarn. Mér finnst að allir þjálfarar eigi að vera svoleiðis, strangir en samt sanngjarnir. Ef maður er að gera eitthvað rétt hrósar hann manni en ef maður er að gera eitthvað vitlaust segir hann manni það og tekur mann útaf,“ segir Haukur.

Haukur segist hafa fengið skemmtileg viðbrögð frá þjálfaranum þegar blæddi úr honum í fyrsta leik ársins 2011 á móti Colgate. „Ég man eftir því að þegar ég fékk skurð á hausinn spurði hann mig hvort það væri ekki allt í lagi. Ég sagði bara jú og svo fór hann bara að brosa og þótti mikils til þess koma að ég væri til í að spila áfram þótt það blæddi aðeins,“ segir Haukur, en hann sér líka framfarir hjá sér.

„Ég er orðinn betri varnarmaður og ég er líka orðinn snegri og hoppa hærra. Mér finnst ég vera búinn að bæta mig mest líkamlega og þá sérstaklega varnarlega. Svo finnst mér ég líka vera orðinn aðeins betri skotmaður,“ segir Haukur.

Haukur þarf oft að eiga við menn sem eru miklu stærri og þyngri en hann. „Maður verður alltaf fyrir einhverjum höggum



BLÓÐUGUR Í LEIK Haukur Helgi Pálsson fórnar öllu í leikinn og hér hefur hann fengið vænt höfuðhögg. Þjálfari Maryland er mjög hrifinn af dugnaði Íslendinginsins. MYND/AF

„Mér finnst það alveg geðveikt að spila í svona stemmningu. Ef maður gerir eitthvað rétt verða allir brjáláðir í stúkunni. Það er einstakt að spila fyrir svoleiðis stuðningsmenn.“

HAUKUR HELGI PÁLSSON
LEIKMAÐUR MARYLAND



DEKKAR GÓÐA LEIKMENN Haukur fær mjög fjölbreytt verkefni í vörninni og er að dekkja allt frá leikstjórnendum í það að dekkja stóra framherja. MYND/AF

og svo stíga þeir alltaf almennilega út. Þeir henda manni í burtu ef maður er ekki tilbúinn. Mér finnst bara gaman að vera að slást þarna undir,“ segir Haukur.

Haukur hefur fengið krefjandi verkefni í vörninni og eitt af því var að dekkja Kyle Singler, aðal-skorara Duke-háskólans.

„Á móti Duke á útivelli hélt ég Singler í núll stigum á meðan ég var að dekkja hann. Hann endaði samt með einhver 18 stig. Þjálfarinn setti mig inn á og hann vissi að ég myndi hlaupa á eftir honum og láta hann hafa fyrir öllu. Hann átti ekki að fá neitt auðvelt,“ sagði Haukur og bætti við: „Mér finnst mjög skemmtilegt að dekkja svona góða leikmenn. Það er líka nóg af þeim hérna,“ segir Haukur í léttum tón.

Það er einstök stemmning á leikjum Maryland-liðsins enda komast tæplega 18 þúsund manns í Comcast Center. „Ég hef ekki spilað í svona miklum hávaða áður og mér finnst það alveg geðveikt að spila í svona stemmningu. Ef maður gerir eitthvað rétt verða allir brjáláðir í stúkunni. Það er einstakt að spila fyrir svoleiðis stuðningsmenn,“ segir Haukur, sem á orðið aðdáendur í hópa skólafélaga sinna. „Það er alltaf fólk í stúkunni með íslenska fánann og ég spurði þau einu sinni hvar þau hefðu fengið fánann. Þau sögðust hafa pantað hann á netinu,“ segir Haukur að lokum.

Psssst!

Ef þú ert með Netið í símanum getur þú fylgst með íþróttum á 0 kr. í dag. Magnaðir miðvikudagar!

Síminn

Netið á Íslandi, 100 MB innan dagsins. Nánar á siminn.is



AKUREYRARBÆR

Deiliskipulag.

Hlíðarfjall, skíðasvæði við Akureyri

Tillaga að deiliskipulagi

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.


Deiliskipulagið nær til skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir nýjum skíðalyftum, þjónustumiðstöð, gistiskálum og hótelum. Nýjar skíðaleiðir eru skilgreindar og gert ráð fyrir nýju vatnssöfnunar-lóni til snjóframleiðslu.

Tillöguuppráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun frá 9. febrúar til 23. mars 2011, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is undir: Stjórnkerfið / Skipulags- og byggingarmál / Auglýstar skipulagstillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16.00 miðvikudaginn 23. mars 2011 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykktur.

9. febrúar 2011
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar





SJÁVARKJALLARINN
SEAFOOD CELLAR RESTAURANT

SJÁVARKJALLARINN

BÝÐUR MATREIÐSLUMANN ÁRSINS 2008 & 2009

JÓHANNES

JÓHANNESSON, MEÐLIM ÍSLENSKA KOKKALANDSLIÐSINS

VELKOMINN

TIL STARFA



> Adrien Brody

„Ég hef aldrei tekið að mér hlutverk peninganna vegna.“

Adrien Brody leikur mann sem fer í ævintýralegt ferðalag til Indlands ásamt tveimur bræðrum sínum til að rækta fjölskylduböndin enn frekar í kvikmyndinni The Darjeeling Limited sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22 í kvöld.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR UPPGÖTVAR LEYNDA HÆFILEIKA

Rykið dustað af gömlu máli

Ég rakst á skáldsögu uppi í hillu um helgina, merкта mér, keypta í Vínarborg árið 1991. Skáldsagan var á þýsku, ég stúderaði það eðla tungumál um skeið í Vínarborg, og mig rámaði í að ég hefði lesið þessa tilteknu bók á þeim tíma. Ég opnaði hana og sá smátt letrið, langar málsgreinar og blaðsíðufjöldann. Ég verð að viðurkenna að ég varði smá stund í að dást að sjálfri mér tvítugri, gat ég virkilega eitt sinn lesið heimsbókmenntir á þessu tungumáli?

Bókin var næstum því komin upp í hillu á ný þegar brjálæðisleg hugmynd kviknaði hjá mér. Að ráðast til atlögu við bókina og lesa hana á ný. Eftir nokkrar blaðsíður af bókinni varð ég uppnumin, það gekk bara svo ansi hreint vel að ráða í merkingu textans. Í

framhaldinu þótti mér vænlegt að spreya mig enn frekar á þýskunni og kom þá til kasta fjölmiðlana. Ég stilti á eina af þýsku stöðvunum sem mér standa til boða í gegnum fjölvarp Stöðvar tvö. Umræðuþáttur um málefni Egyptalands var þar í fullum gangi og ég áfréð að þauka hann til enda. Það var áskorun en hver hefur ekki gaman af þeim á sunnudagskvöldum? Þessari þýskubraut minni er ekki lokið, ég hef nú þegar komist að því að enn luma ég á talsvert meiri kunnáttu í máli Derricks og Harry Klein en mig óraði fyrir.

Næsta skref í að dusta enn frekara ryk af þýskukunnáttunni hlýtur að vera að hætta að fylgjast með hinum ýmsu sápum á enskri tungu, en njóta þeirra frekar í tasettum útgáfum þýskra. Og þá ætla ég auðvitað að rífa upp kynnin við áður nefnda Stephan Derrick og Harry Klein. Það verður gaman.



SJÓNVARPIÐ

- 16.20 Víkingar - DNA slóðin rakín (3:3) (e)
- 16.50 Návígi (e)
- 17.20 Einu sinni var...lífið (20:26)
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Finnbogi og Felix
- 18.24 Sígildar teiknimyndir (20:42)
- 18.30 Gló magnaða (20:21)
- 18.54 Víkingalóttó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Læknamiðstöðin (41:53)
- 21.05 Kiljan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.15 Vísindakirkjan - Sannleikurinn um lygina Frönsk heimildamynd um Vísindakirkjuna. Rætt er við nokkra Frakka sem voru í söfnuðinum árum saman og sagt frá aðferðunum sem eru notaðar til þess að lokka fólk í kirkjuna og halda því þar en aðildinni fylgja jafnan mikil fjárútlát fyrir safnaðarmeðlimi.
- 23.55 Landinn
- 00.25 Lögin í söngvakeppninni
- 00.45 Kastljós
- 01.25 Fréttir
- 01.35 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 Baby Mama
- 10.00 First Wives Club
- 12.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby
- 14.00 Baby Mama
- 16.00 First Wives Club
- 18.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby
- 20.00 Cake: A Wedding Story
- 22.00 The Darjeeling Limited
- 00.00 My Zinc Bed
- 02.00 Art School Confidential
- 04.00 The Darjeeling Limited
- 06.00 Pay It Forward

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Lois and Clark (2:22)
- 11.00 Cold Case (4:23)
- 11.45 Grey's Anatomy (15:24)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Eldsnögg með Jóa Fel (1:12)
- 13.25 Gossip Girl (2:22)
- 14.10 ER (15:22)
- 15.00 iCarly (24:25)
- 15.25 Barnatími Stöðvar 2
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (18:23)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (13:24)
- 19.45 The Big Bang Theory (9:23)
- 20.10 Pretty Little Liars (13:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á met-sölbókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bókum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
- 20.55 Grey's Anatomy (12:22) Sjöunda sára þessa vinsæla dramapáttar.
- 21.40 Medium (19:22) Þessi dulmagnaði spennuþáttur fjallar um sjáandann Allison sem gegn eigin vilja dreymir skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir.
- 22.25 Nip/Tuck (17:19) Sjötta sára þessa vinsæla framhaldspáttar.
- 23.10 Sex and the City (18:18)
- 23.40 Mannasiðir Gillz
- 00.10 NCIS: Los Angeles (24:24)
- 00.55 Amazing Journey: The Story of The Who
- 02.55 Dracula 2: Ascension
- 04.20 Grilled
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00 Þýski handboltinn: Grosswallstadt - Magdeburg Útsending frá leik Grosswallstadt og Magdeburg í þýska handboltanum.
- 16.40 Þýski handboltinn: Gummersbach - Göppingen Útsending frá leik Gummersbach og Göppingen í þýska handboltanum.
- 18.00 Þýski handboltinn: Grosswallstadt - Magdeburg Útsending frá leik Grosswallstadt og Magdeburg í þýska handboltanum.
- 19.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E) Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
- 21.05 Motocaddy Masters - Wensum Valley Uptaka frá skemmtilegu golfmóti þar sem efnilegir kyflingar fá tækifæri til að sanna sig.
- 22.45 Þýski handboltinn: Gummersbach - Göppingen Útsending frá leik Gummersbach og Göppingen í þýska handboltanum.

SPORT 2

- 16.30 Aston Villa - Fulham Útsending frá leik Aston Villa og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.15 Everton - Blackpool Útsending frá leik Everton og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.
- 20.00 Premier League Review 2010/11
- 20.55 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifu krufin til mergjar.
- 21.25 Charlton Í þessum fráberu þáttum eru skoðaðir margir af fremstu knattspyrnumönnum sögunnar. Að þessu sinni verður fjallað um Bobby Charlton sjálfan.
- 21.55 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufdir til mergjar af fagmönnum og líflig og fagleg umræða um enska boltann.
- 22.55 Stoke - Sunderland Útsending frá leik Stoke City og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 08.00 Dr. Phil (109:175)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 17.25 Dr. Phil (110:175)
- 18.10 How to Look Good Naked (12:12)
- 19.00 Judging Amy (9:22) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
- 19.45 Will & Grace (14:22) Endursýningar frá upphafi.
- 20.10 Married Single Other - LOKAÞÁTTUR (6:6) Vandaðir beskír þættir í sex hlutum úr smíðju ITV.
- 21.00 Blue Bloods (2:22) Ný þáttaröð frá framleiðendum Sopranos fjölskyldunnar.
- 21.50 The L Word - LOKAÞÁTTUR (8:8) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum.
- 22.40 Jay Leno (194:260) Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
- 23.25 CSI: Miami (18:24) Bandarísk saka-málasería um Horatio Caine og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
- 00.15 Harper's Island (10:13) Hörku-spennandi þáttaröð sem fær hárin til að rísa.
- 00.55 Will & Grace (14:22)
- 01.15 Blue Bloods (2:22)
- 02.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 09.25 Waste Management Phoenix Open (2:4)
- 13.15 Golfing World (17:240)
- 14.05 Waste Management Phoenix Open (2:4)
- 17.05 The Open Championship Official Film 2009
- 18.00 Golfing World (18:240)
- 18.50 Inside the PGA Tour (5:42)
- 19.20 LPGA Highlights (7:10)
- 20.40 Champions Tour - Highlights (1:25)
- 21.35 Inside the PGA Tour (6:42)
- 22.00 Golfing World (18:240)
- 22.50 PGA Tour - Highlights (5:45)
- 23.45 ESPN America
- 06.00 ESPN America

EXTRA

- 19.25 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey.
- 20.10 Falcon Crest (13:28) Hin ógleymanlega og hrifandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Modern Family (11:24) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega myndum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.
- 22.15 Chuck (13:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lífið afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
- 23.00 Burn Notice (8:16) Þriðja serían af þessum fráberu spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda.
- 23.45 Daily Show: Global Edition
- 00.10 Falcon Crest (13:28)
- 01.00 The Doctors
- 01.40 Fréttir Stöðvar 2
- 02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðenskt mannlíf.

INN

- 20.00 Björn Bjarnason Unnur Brá Konráðsdóttir er hörð á að hætta aðildarviðræðum.
- 20.30 Alkemistinn Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmál.
- 21.00 Harpax í hárið 320 þúsund manns með sjötta besta liði í heimi, það erum við.
- 21.30 Bubbi og Lobbi Sigurður G. og Guðmundur láta sér fátt óviðkomandi.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun



Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar þýskalandi í 108 ár. Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

- ✓ Íslenskt stjórnborð
- ✓ Stórt hurðarop
- ✓ Íslenskar leiðbeiningar
- ✓ 20 ára ending



Care Collection þvottaefni, sérstaklega framleitt fyrir Miele þvottavélar

Farðu alla leið og sparaðu með Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Grey's Anatomy

Það gengur á ýmsu hjá læknum á Seattle Grace sjúkrahúsinu í kvöld. Arizona er að reyna að fá Callie til að fyrirgefa sér og leitar ráða hjá Mark. Callie er sjálf með stórar fréttir og Teddy þarf að taka mikilvæga ákvörðun fyrir sjúkling sinn.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst 06.40 Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.03 Vitt og breitt 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnir 10.13 Trío 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútvarpið 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Aldarspeglir í útvarpi 14.03 Astir gömlu meistara: Robert Schumann 15.03 Útvarpsagan: Úr Bernskunni 15.25 Skorningar 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Hnignun 21.10 Ut um græna grundu 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Bak við stjórnur 23.05 Flakk 00.05 Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

13.30 Deal or No Deal 14.05 Whose Line Is It Anyway? 14.30 Whose Line Is It Anyway? 14.55 Only Fools and Horses 15.45 Doctor Who 16.30 Whose Line Is It Anyway? 16.55 Whose Line Is It Anyway? 17.20 Deal or No Deal 18.00 Deal or No Deal 18.40 Only Fools and Horses 19.30 Little Britain 20.00 Little Britain 20.30 Life on Mars 21.20 Last of the Summer Wine 21.50 Whose Line Is It Anyway? 22.15 Whose Line Is It Anyway? 22.40 Whose Line Is It Anyway? 23.05 Whose Line Is It Anyway?

DR 1

12.30 DR-Derude: Rejsen til Orkney 13.00 Vores Liv 13.30 Kender du typen 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Aftenshowet 15.00 Noddy 15.10 Rasmus Klump 15.15 Byggemand Bob 15.30 Skæg med bogstaver 15.50 Polis, polis 16.00 Landsbyhospitalet 16.50 DR Update - nyheder og vejr 17.00 Vores Liv 17.30 TV Avisen med Sport 18.05 Aftenshowet 19.00 DR1 Dokumentaren 20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 SportNyt 21.00 Hævnens time 22.30 Onsdags Lotto 22.35 OBS 22.40 Lykke

NRK 1

13.00 NRK nyheter 13.05 Folk 13.35 Ut i naturen 14.00 NRK nyheter 14.10 Dallas 15.00 NRK nyheter 15.10 Snøballkrigen 15.50 Filmavisen 16.00 NRK nyheter 16.10 Skispor fra 1952 til 1982 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Førkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.45 FBI 19.15 Jordmødrene 19.45 Vikinglotto 19.55 Distriktsnyheter 20.40 House 21.25 Migrapolis 22.00 Kveldsnytt 22.15 Nasjonalgalleriet 22.45 Snøballkrigen 23.25 The Pacific 00.15 Håkon & Haffners byggeklosser

SVT 1

09.30 Gomorron Sverige 10.15 Go'kväll 11.00 Rapport 11.05 Årets köck 2010 12.05 Den stora lögnen 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.05 Hallå Mumbai 15.30 Dansbanan i Täfteå 16.30 Sverige idag 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Borgen 21.00 The Pacific 21.50 Simma lugnt, Larry! 22.20 Gynekologen i Askim 23.20 Minuten



Aumir og stífir vöðvar?



Verkjastillandi og bólgu-eyðandi við verkjum í mjóðaki, öxlum og vöðvum



Nýtt lok! Auðvelt að opna



NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

Fæst án lyfseðils

Voltaren Gel® (Diklófenakvítíylamín 11,6 mg/g) er notað sem staðbundin úrtvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu úrtvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávallt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna úrtvortis notkunar lyfisins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



VILTU AUKA HAMINGJUNA ÞÍNA?

Við leitum að átta einstaklingum til að taka þátt í nýjum íslenskum sjónvarpsþætti sem hefst á Stöð 2 í byrjun mars. Þátturinn heitir Hamingjan sanna og er byggður á metsölubókinni Meiri hamingja.

SKRÁÐU ÞIG INN Á www.Stod2.is





„Hvað er að fréttu? Tja, kallinn er bara kominn með sama pilates-kennara og Dorrit.“

Margeir Ingólfsson plötusnúður

Íslensk hljómsveit vekur athygli í Austurríki

Önnur plata íslensku hljómsveitarinnar Groundfloor, ...This Is What's Left of It, var tekin upp í borginni Salzburg í Austurríki. Þar hefur sveitin vakið athygli að undanförunu á sama tíma og hún er nánast óþekkt hér heima.

„Þegar við gáfum út Bones-plötuna [fyrsta plata Groundfloor] reyndum við að kynna hana heima. Hún var ekki mjög útvarpsvæn, var hrá og djössuð, þannig að við gáfumst upp á því,“ segir söngvarinn og gítarleikarinn Ólafur Tómas Guðbjartsson. „Austurríkismenn virtust kveikja á þessu og platan seldist upp mjög fljótlega. Þá fór ég

að kíkja til Austurríkis og vinna tónlist þar og við fórum þangað í tús 2009. Það gekk svona glimrandi vel og það þekktu okkur allir.“

Tveir meðlimir Groundfloor eru búsettir í Salzburg: Harpa Þorvaldsdóttir, sem er að læra þar söng, og kontrabassaleikarinn Haraldur Guðmundsson. Einnig eru í bandinu Þorvaldur Þorvaldsson, Harpa Þorvaldsdóttir og Julia Czerniawska. Hljómsveitin hefur farið í þrjá kynningartúra um

GROUND FLOOR Hljómsveitin Groundfloor hefur vakið mikla lukku í Salzburg.



Austurríki og einnig var hún aðalnúmerið á tónlistarhátíðinni Mundus í ítölsku borginni Reggio Emilia. Borgarstjórinn hafði keypt plötu Groundfloor á litlu kaffihúsi á Íslandi og heillaðist svo að hann krafðist þess að hún kæmi fram á hátíðinni.

Groundfloor er nýkomin úr kynningarferð um Austurríki og hélt vel heppnaða útgáfu-tónleika á staðnum Jazzit í Salzburg. Tvær austurrískar sjónvarpsstöðvar tóku tónleikana upp. Bandið kemur aftur saman seinna í þessum mánuði í Salzburg þar sem það mun spila í vinsælum spjallþætti. - fb

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsþátturinn Ameríski draumurinn, sem fjallaði um kapphlaup Sveppa og Villa við Auða og Egil Einarsson um Bandaríkin, er tilnefndur til Edduverðlaunanna sem skemmtiþáttur ársins. Aðdáendur þáttarinn geta farið að hlakka til næsta hausts þegar ný þáttaröð fer í loftið á Stöð 2 en



að þessu sinni verður ferðast um Evrópu. Þeirri hugmynd hefur verið velt upp að bæta við þriðja liðinu í keppnina til að gera þáttinn fjölbreyttari. Þriðja liðið yrði stelpu-lið og hafa nöfn fegurðardisanna Tinnu Alavis og **Ragnheiðar Ragnarsdóttur** verið orðuð við þátttöku. Ekkert er þó enn frágengið með þetta. - hdm

ENGILBERT HAFSTEINSSON: VIÐ ERUM TVEIMUR ÁRUM Á EFTIR ÖÐRUM

Íslendingar stela meira af tónlist en aðrar þjóðir

„Við erum eftir á – við eigum alveg slatta inni,“ segir Engilbert Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Tonlist.is.

Íslendingar kaupa hlutfallslega minna af tónlist á netinu en aðrar þjóðir og stela því meira. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er hlutfall tónlistar sem keypt er á netinu undir tíu prósentum af heildarsölunni meðan hlutfallið á heimsvísu er 29 prósent, samkvæmt nýrri skýrslu samtakanna IFPI. Engar nákvæmar tölur yfir hlutfall tónlistarsölu á netinu á Íslandi eru tiltækar, en til stendur að ráða bót á því samkvæmt Ásmundi Jónssyni, formanni Félags hljómplötuframleiðenda.

Engilbert telur að Íslendingar séu tveimur árum á eftir öðrum þjóðum í tónlistarverslun á

29% af tekjum tónlistariðnaðarinnar í heiminum komu í gegnum sölu á tónlist á netinu árið 2010.

netinu, þrátt fyrir að þjóðin virðist vera afar tæknivædd á öðrum sviðum. „Ég held að verðið spili líka inn í. Virðisaukaskatturinn á tónlist er 25,5 prósent á niðurhali en bara sjö prósent á geisladiski,“ segir hann.

Engilbert bendir á að sala á tónlist á netinu hafi staðnað á heimsvísu milli árána 2009 og 2010 á meðan hún jókst um 27 prósent hér á landi. Hann bendir einnig á að 80 prósent af keyptri tónlist á netinu hér á landi séu íslensk. „Þrátt fyrir að við séum



EFTIRBÁTAR

Íslendingar kaupa hlutfallslega minna af tónlist á netinu en aðrar þjóðir. Engilbert Hafsteinsson á Tonlist.is bendir þó á að kaup á tónlist á netinu á Íslandi séu í mikilli sókn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



með 50 þúsund íslensk lög á móti 5,5 milljónum erlendra laga,“ segir hann og bætir við að hlutfall ólöglegs niðurhals sé hátt hér á landi. „Þannig að tilhneigingin virðist vera að kaupa íslenskt en stela erlendu. Menn sjá U2 auglýsta, rjúka inn á vefinn og kaupa Sálina.“

Vefverslunin iTunes, sem er á vegum Apple, er stærsta tónlistarverslun heims. Verslunin

er ekki aðgengileg Íslendingum og engin áform eru um að opna iTunes á Íslandi, samkvæmt upplýsingum frá Bjarna Áka-syni, framkvæmdastjóra Epli.is, umboðsaðila Apple á Íslandi. Bjarni segir þó að þúsundir Íslendinga kaupir tónlist í verslunum iTunes með sérstökum inneignarkortum sem hægt er að nálgast með krókaleiðum.

atlifannar@frettabladid.is

Fiskréttir
Frá **990** kr/kg
Humar 2000 kr/kg
Súr Hvalur
Skötuselur roðlaus/beinlaus 1990 kr/kg
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Til sölu

Veitingarekstur í 101 Reykjavík

Um er að ræða veitingastað, kaffihús og bar með góðu veislueldhúsi í miðbæ Reykjavíkur sem er þekktur og vinsæll.

Opið frá kl. 11.30 til 01 á virkum dögum og til kl. 03 um helgar.

Frábær tími framundan. Gott tækifæri fyrir samhenta aðila.

Nánari uppl. aðeins gefnar á skrifstofu Landmark fasteignasölu hjá Magnúsi Einarssyni, lfg.



LANDMARK

FASTEIGNASALA

www.landmark.is - sími: 512 4900 - Bolholti 4

Óútreiknanlegt úrslitakvöld

„Það er frábært að fá hann þarna inn. Hann þekkir þetta inn og út og er nörd nördanna,“ segir Guðmundur Gunnarsson, sem verður kynni í úrslitum Eurovision á laugardagskvöld ásamt Páli Óskari, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Ragnhildur Steinunn, sem hefur staðið við hlið Guðmundar í undankeppninni, verður erlendis og því ekki með að þessu sinni.

„Ef við værum ekki með Pál í úrslitabætti Söngvakeppninnar væru þetta bara vörusvik. Ég held að margir áhorfendur yrðu svekktir ef hann yrði ekki einhvers staðar sýnilegur,“ segir Guðmundur.

Hann lofar skemmtilegu úrslitakvöldi þar sem mikið verður um að vera. „Við erum að leggja drög að því að byrja þetta af svolitlum krafti. Jafnvel að við sjáum einhverja tónlistarmenn sem við tengjum ekki almennt við Eurovision sem skemmtiatriði,“ segir hann og bætir við að einnig verði fylgst náið með úrslitakeppni hinna Norðurlandanna sem verður haldin á sama tíma. Sigurvegarinn frá því í fyrra, Hera Björk, kemur í heimsókn, segir frá því sem á daga hennar hefur drifið undanfarið ár og tekur að sjálfsgöngu lagið.

Guðmundur býst við að keppnin um sigurlagið verði æsispennandi. „Það eru ákveðnir þættir í



GUÐMUNDUR GUNNARSSON Guðmundur stjórnar úrslitakvöldi Eurovision ásamt Páli Óskari Hjalmtýssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þessu sem gera þetta óútreiknanlegt. Það hefur oft verið þannig að maður hefur nokkra sterka hugmynd um hvaða lag sigrar en við teljum að tvö ef ekki fleiri lög komi vel til greina. „Sjálfur hefur hann skemmt sér vel sem kynni keppninnar. „Þetta er ólíkt öllu öðru sem ég hef gert í fjölmörgum hingað til og er skemmtilegra en ég átti von á, þótt ég hafi reiknað með því að þetta yrði skemmtilegt.“ - fb

VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ ÞÉR!

Ef þú ert opinn og skemmtilegur sölusnillingur þá langar okkur að fá þig í liðið okkar.

Við erum að leita að appelsínugulum Talsmönnum sem búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og metnaði.

Umsóknir sendist á atvinna@talsala.is

MINNA BRUÐL. MEIRA TAL.

Tenerife

Lloret de Mar

Barcelona

Orlando

Benidorm - Albir

Hopp og hí og allir fara í Sumarfrí!



Tenerife

Sannkölluð paradís fyrir vandláta. Eyjan tilheyrir Kanaríeyjaklasanum en nýtur afgerandi sérstöðu fyrir einstakt náttúrufar og veðursæld, hreinleika og frábæran aðbúnað.

VERÐ FRÁ: **92.000kr.***
7 nætur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Parque de las Americas. Brottför: 28. maí.



NÝTT!

Lloret de Mar

Fallegur og heillandi strandbær. Löng og góð baðströnd, sem hefur hlotið viðurkenningu fyrir snyrtimennsku. Þar er fjöldi veitingahúsa, skemmtistaða og fjölbreytt úrval verslana.

VERÐ FRÁ: **99.500kr.***
7 nætur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í börn í herbergi með morgunverði á Hotel Cleopatra Spa. Brottför: 17. júní.




NÝTT!

Barcelona

Heillandi heimsborg, iðandi af lífi og uppfull af menningu. Næturlífið spannar allt litrófið og er kröftugt og fjörmikið. Borg til að skoða, skemmta sér, snæða góðan mat og kaupa hátískuvörur á góðu verði.

VERÐ FRÁ: **99.900kr.***
7 nætur

á mann m.v. 2 fullorðna saman í herbergi með morgunverði á Hotel Catalonia Aragon. Brottför: 17. júní.



Orlando

Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Slakaðu á, njóttu sólarinnar, útsýnisins og endalausrar skemmtunar sem borgin hefur upp á að bjóða.

VERÐ FRÁ: **99.900kr.***
7 nætur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með morgunverði á Baymont Inn. Brottför: 26. mars. Verð m.v. 2 fullorðna: 125.000.-



Benidorm - Albir

Benidorm og Albir sameina notalegt strandlíf og fjörukt næturlíf. Fólk flykkist þangað til að njóta tilverunnar. Þar mætast ungir sem aldri í og samlyndi og allir finna dægurvöl við sitt hæfi.

VERÐ FRÁ: **99.990kr.***
7 nætur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum á La Colina, Albir. Brottför: 26. júní.



MEIRA Á
urvalutsyn.is



* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRETTU

Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík

LÖGRETTA
Félög lögfræðna við Háskólanum í Reykjavík

logfrodur.hr.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Auddi og Sveppi skapa skrímsli

Þættirnir Mannasiðir Gillz, sem byggðir eru á samnefndri bók **Egils Einarssonar**, voru vinsælasti dagskrárliður Stöðvar 2 í síðustu viku hjá aldurshópnum 12 til 49 ára. Þættirnir missa þó fréttir, Ísland í dag og að sjálfsögðu Spaugstofuna fram úr sér ef aldurshópurinn er teygður upp í 80 ár. Athygli vekur að þáttur Audda og Sveppa, vina Egils, er hvergi sjáanlegur á topp 10, en þar hefur hann verið með nánast fast sæti undanfarin misseri.



Egill hefur fengið fjölmörg tækifæri í þætti þeirra, þannig að spurningin hlýtur að vera: Hafa þeir skapað skrímsli? - afb

Strákurinn ræður þessu

Mannanafnanefnd hefur samþykkt eigin nafnið Elvis. Enn sem komið er hefur aðeins einn Íslendingur verið skírður nafninu, kornungur drengur sem heitir Theódór Elvis. Árið 2004 var hins vegar sagt frá því í DV að **Friðrik Atlason** hefði skirt son sinn, sem jafnframt er afabarn Atla Gíslasonar alþingismanns, Elvar Aron, í höfuðið á Elvis Aaron Presley. „Ég mátti ekki skíra hann Elvis Aron svo ég fór eins nálægt því og ég gat og skírði Elvar Aron,“ sagði Friðrik þá. Í samtali við Fréttablaðið segir Friðrik að ekki standi til að svo stöddu að breyta nafni sonarins. Í fyrsta lagi hafi fréttin í DV verið heldur krydduð, og í öðru lagi væri strákurinn orðin tíu ára gamall. „Þannig að nú fær hann bara að ráða þessu sjálfur.“




- sh

Mest lesið VISIR.IS

- 1 Bjargaði pilti upp úr Tjörninni: „Algjör heppni að ég sá hann“
- 2 Hetjan með handtöskuna lét ræningja fá það óþvegið
- 3 Biðst afsökunar á ummælum um Aratúnsfjölskylduna
- 4 Ólíðlegt hjá borginni að moka ekki eldri borgara út
- 5 Krefjast lokaðra réttarhalda yfir Þorvarði

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

ÚTSALA REKKJUNNAR 30 TIL 7000

LÝKUR Á LAUGARDAG!

GRAND HAVEN
(Queen size 153x203 cm)
Fullt verð 309.880 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 199.800 kr.

AC-PACIFIC
(Queen size 153x203 cm)
Fullt verð 213.800 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 149.660 kr.

AMELIA
(Queen size 153x203 cm)
Fullt verð 149.700 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 97.305 kr.

GRAND HAVEN

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrjústíjónunarsvampi og latexi sem skorin er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans

AC-PACIFIC

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Einginn hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega bygndardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

AMELIA

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Studningur við bak
- Tívert sévalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

rekkjan